


skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Markaðurinn








Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
Nýr tilboðsbæklingur í dag



# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
10. ágúst 2011
184. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001 - 2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




## Viðheldur þekkingu

*Guðrún Bjarnadóttir var valin handverksmaður ársins.*

**tímamót** 18

## Vandræði Kings of Leon

*Hljómsveitin Kings of Leon hætti við tónleikaferðalag á dögunum og glímir við djúpstæð vandamál.*

**fólk** 28



## Stelpurnar áhugasamar

*Jesper Holdt Jensen, danski miðjumaðurinn hjá Stjörnunni, hefur farið á kostum í sumar.*

**Sport** 30

## veðrið í dag




**SÓL OG BLÍÐA** Hæg austlæg eða breytileg átt og bjartviðri. Hitinn á bilinu 10-18 stig, hlýjast SV-lands.

VEÐUR 4

# Niðurskurður í ríkisrekstri verði 1,5 til þrjú prósent

**Krafa um þriggja prósenta niðurskurð í öllum málaflokkum ríkisrekstrarins nema í velferðarkerfinu. Hækka á skatta á stóriðju og banka. Væri klárt brot á samningum í tengslum við orkuskatt segja Samtök iðnaðarins.**

**EFNAHAGSMÁL** Gerð verður krafa á öll ráðuneyti um þriggja prósenta niðurskurð í fjárlagavinnunni sem nú er í fullum gangi. Í velferðarmálum er niðurskurðarkrafan þó lægri; 1,5 prósent. Markmiðið er að minnka fjárlagahallann um 28 milljarða, en það verður gert með niðurskurði og skattahækkunum til helminga.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir að mjög langt hafi verið gengið í niðurskurði og ekki sé hægt að ganga mikið lengra. Með þessu muni það markmið nást að frumjöfnuður komist á árið 2014, það er að gjöld og tekjur ríkisins að fjármagnstekjum og -gjöldum undanskildum standist á, sem sé mjög mikilvægt þar sem það minnki vaxtakostnað. Þetta markmið átti hins vegar að nást árið 2013. Halli á ríkissjóði verður um 45 milljarðar á næsta ári.

Skattahækkanir eiga að skila 14 milljörðum. Jóhanna segir að ekki verði lagðar nýjar álögur á heimilin og hvorki tekju- né virðisaukaskattur hækkaði. Fréttablaðið hefur þó heimildir fyrir því að síðarnefnda leiðin var til skoðunar.

„Við munum leggja skatta á bankana og stóriðjuna og ná inn hærri tekjum í gegnum veiðileyfagjaldið. Þá hugum við að sölu eigna,“ segir Jóhanna. Nefnir hún þar sérstaklega hlut ríkisins í Arion banka og Íslandsbanka.

„Það eru engar nýjar álögur á heimilin og fólkið í landinu, eða lítil eða meðalstór fyrirtæki. Fyrst og fremst er um að ræða stóriðju og sjávarútveg,“ segir Jóhanna, sem segir þessar greinar hafa skilað góðum hagnaði og meira megi sækja til þeirra. - kóp / sjá síðu 4

### Nýir skattar á stóriðju brot á samningi

Orra Haukssyni, framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins, líst illa á frekari álögur á stóriðjuna. Hann segir þær klárt brot á samkomulagi sem gert var í árslok 2009 þegar orkuskatti var komið á. Það hafi verið staðfest í árslok 2010. „Í fyrsta lagi gengur þetta í öfuga átt við það að við þurfum meiri fjárfestingu, sérstaklega í útflutningsgreinunum. Í öðru lagi gengur þetta í berhögg við samkomulagið sem gert var þegar samið var um að fyrirframgreiða skatta. Menn könnuðu sérstaklega fyrir síðustu áramót hvort það stæði og voru fullvissaðir um það,“ segir Orri.



**Í SÓL OG SUMARYL** Heimilisfólk og starfsmenn á Hrafnistu í Kópavogi efndu til veislu í gær þar sem boðið var upp á grillað kjöt og ís í veðurblíðunni. Harmóníkuleikarar sáu um undirspil og héldu uppi stemningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Róstur í Bretlandi:

# Ólætin breiðast út um allt land

**LONDON, AP** Óeirðirnar sem hafa heltekið London síðustu daga breiddust út til annarra landshluta í gær.

Eldsprengjum var kastað að lögreglustöð í Nottingham og hundruð óeirðaseggja tókust á við lögreglu í Manchester, Liverpool, Birmingham og víðar. Hafa 111 lögreglumenn slasast í óeirðunum.



DAVID CAMERON

Þúsundir lögreglumanna voru sendar út á götur höfuðborgarinnar til að stilla til friðar. Var meðal annars íhugað að beita plastkúlum gegn mannfjöldanum.

David Cameron forsætisráðherra hefur kallað þingið til neyðarfundar og heitir aðgerðum. „Við munum gera allt sem til þarf til að koma á friði og tryggja öryggi borgaranna.“ - þj / sjá síðu 10.

Síminn breytir starfsreglum eftir að hafa orðið uppvís að samkeppnisbrotum:

# Senda alla á samkeppnisnámskeið

**ATVINNULÍF** Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri Símans, segir fyrirtækið hafa brugðist við nýlegum úrskurðum um samkeppnisbrot með því að senda starfsfólk sitt í fræðslu um samkeppnisrétt.

Sævar segir í viðtali í Markaðnum í dag að fyrirtækið hafi brugðist í nokkrum málum. Enginn hafi þó brotið lög vísvitandi, „hvort sem það voru samkeppnislög, lög um persónuvernd eða fjarskiptalög“, en í framhaldinu hafi verið farið yfir ferla og reglur fyrirtækisins.



SÆVAR FREYR ÞRÁINSSON

Auk þess hafi hver einasti starfsmaður fyrirtækisins fengið þjálfun í samkeppnisrétti á námskeiðum sem hafi verið hugsuð til að lágmarka hættuna á að svona nokkuð endurtæki sig. „Við vildum bara tryggja að allir starfsmenn fengju upplýsingar um það hvernig samkeppnislöggjöfin virkar: hvað má, hvað má ekki og hvað er á gráu svæði,“ segir Sævar. - þj, sh /sjá Markaðinn


Myndbönd yfir á DVD eða flakkara
5 fyrir 4
Stysta spólan ókeypis
Verð frá 1995kr.
Gildir til 31. ágúst




Yfirfærum einnig slidesmyndir, ljósmyndir, 8mm filmur, segulbönd, kassettur, vinilplötur, zip og floppy diska.
GAGNVIRKNI
www.gagnvirkni.is - 5174511
Hamraborg 1, Kópavogi
Móttökustaður á Akureyri
Tölvufix - Gránufélagsgötu 4

STÓR BÆKLINGUR FYLGIR BLAÐINU Í DAG



ALLTAF BETRA VERÐ
SEX VERSLANIR
TÖLVULISTINN TL.IS
REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

Gráða & feta
ostateningar í olíu
Nýtt




ms.is

## SPURNING DAGSINS



*Árni, átt þú Bubbaplötu?*

„Já ég á einn disk en þó að Bubbi hafi selt meira en ég þá minni ég á þetta með magnið og gæðin.“

Bubbi Morthens hefur selt fleiri plötur en nemur íbúafjölda landsins. Hann hefur einnig gagnrýnt Árna Johnsen brekkusöngvara fyrir slakan gítarleik.

Íbúð á Nesvegi eyðilagðist í eldi en engan sakaði:

# Óvíst með upptök eldsvoðans

**BRUNI** Íbúð í risi parhúss við Nesveg í vesturbæ Reykjavíkur gjöreyðilagðist í eldi í gærkvöldi. Engan sakaði.

Allt tiltækt lið slökkviliðsins í Reykjavík var sent á vettvang á áttunda tímanum og var íbúðin alelda þegar að var komið.

Enginn var í íbúðinni og gekk slökkvistarf mjög hratt fyrir sig samkvæmt upplýsingum frá slökkviliðinu. Reykkafarar fóru inn í íbúðina og körfubíll vann á eldinum utan frá. Ekki lágu fyrir upplýsingar um eldsupptök í gær, en íbúðin er gjörónýt. **- þj**



**BRUNI NESVEGI** Allt tiltækt lið slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu var sent að Nesvegi þegar eldur kviknaði í risíbúð. FRÉTTABLAÐIÐ/HAK

Jarðskjálftinn í Japan:

# Ísjaki brotnaði af suðurskauti

**NÁTTÚRA Hinn öflugi jarðskjálfti í Japan hafði ekki bara áhrif á næsta nágrenni sitt með flóðbylgju og eftirskjálftum. Nú hefur komið í ljós að skjálftinn var svo öflugur að stórir ísjakar brotnuðu af íshellunni á Suðurskautslandinu.**

**Vísindamenn NASA hafa sýnt fram á þetta, en íshellan sem um ræðir nefnist Sulzberger-íshellan. Þetta er í fyrsta skipti sem tekst að sýna fram á að ísjakar brotni af í jarðskjálfta. Science Daily greindi frá þessu. - kóp**

# Veggjakrotarar nást í fimmta hvert sinn

**Tilkynningum um veggjakrot hefur fækkað á undanförnum árum. Í fyrra voru tilkynningarnar 102 en 399 árið 2007. Ákært í færri en tíu málum á ári. Kostnaður Reykjavíkurborgar nemur tugum milljóna á hverju ári vegna veggjakrots.**

**LÖGREGLUMÁL** Tilkynningum um veggjakrot til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur fækkað á undanförnum árum.

Árið 2007 var tilkynnt um 399 brot en árið 2010 voru tilkynningarnar 102. Það sem af er þessu ári hefur verið tilkynnt um 58 brot.

Hinir seku nást að jafnaði í um fimmta hverju tilviki. Árlega er ákært að jafnaði í færri en tíu málum. Enn færri málum lýkur með sektargerð, að sögn Snorra Arnar Árnasonar, félagsfræðings hjá upplýsinga- og áætlanadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Snorri segir að hafa þurfi í huga að tilkynningar um brot til lögreglu gefi ekki endilega rétta mynd af raunverulegu umfangi þeirra. „Ýmislegt getur haft áhrif á fjölda tilkynninga, eins og ef hleypt er af stokkunum sérstökum átaksverkefnum í tengslum við veggjakrot, almenn vitund borgara og hvati til að fá tjón bætt. Almenn útbreiðsla veggjakrots getur hugsanlega fylgt sveiflum innan þeirrar menningar þar sem athæfið þrífst.“

Sektir eða bótagreiðslur vegna veggjakrots geta numið allt frá 20 þúsundum króna upp í rúmlega 100 þúsund. Algengt viðmið er að sektir nemi um helmingi andvirðis skemmdanna.

Snorri bendir á að í hverju máli geti nokkrir verið kærðir fyrir sama brotið auk þess sem sumir sakborningar geti komið við sögu í fleiri en einu máli. Hann tekur fram að erfitt sé að gefa glögga mynd af fjölda eða umfangi sekta vegna veggjakrots þar sem sakborningar geti átt önnur brot að baki. Sektarupphæðir séu þess vegna ákvarðaðar með tilliti til fleiri brota.

Árið 2008 var sérstakt átak á vegum Reykjavíkurborgar til að stemma stigu við veggjakroti. Var það skráð og myndað með skipulögðum hætti frá maí til októbermánaðar. Í ljós kom að krotað hafði verið á 42 þúsund fermetra. Kostnaður borgarinnar vegna veggjakrots það ár var 155 milljónir króna.

Í fyrra nam kostnaður borgarinnar vegna veggjakrots 44 milljónum króna en í ár er kostnaðurinn áætlaður 26 milljónir samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdasviði.

**ibs@frettabladid.is**



**VIÐ HREINSUNARSTÖRF** Tilkynningar um brot gefa ekki endilega rétta mynd af raunverulegu umfangi þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Fjöldi tilkynninga**




Heimild: Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu



**DREGUR BJÖRG Í BÚ** Þetta barn er meðal þeirra hundruð þúsunda flóttamanna sem hafa leitað í Dadaab-búðirnar í Kenía. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nauðstaddir fá aðstoð:

# 800 tonn matar til Sómalíu

**KENÍA, AP Matarhjálp Sameinuðu þjóðanna mun á næstunni dreifa 800 tonnum af orkuríku kexi til neyðarsvæða í Austur-Afríku til að bregðast við hungursneyðinni í Sómalíu.**

**Níu flug verða til Keníu með mat sem verður svo dreift til bágstaddra um allan austurhluta Afríku og nægir til að fæða 1,6 milljónir manna í einn dag.**

**Yfir tólf milljónir manna búa við skort vegna langvinnra þurrka, þar af hundruð þúsunda barna, og eru í sárri neyð. Bandarísk stjórnvöld hétu nýlega jafngildi rúmlega tólf milljarða króna, til hjálparstarfs. - þj**

Hrafnista og Reykjavíkurborg:

# Semja um þjónustu við aldraða

**ÞJÓNUSTA** Reykjavíkurborg hefur samið við Hrafnistu um uppbyggingu þjónustu- og öryggisíbúða og þjónustukjarna fyrir aldraða við Sléttuveg.

Hrafnista mun byggja 100 þjónustu- og öryggisíbúðir fyrir aldraða auk þjónustukjarna sem borgin mun leigja undir þjónustu við aldraða. Auk þess mun borgin hafa tuttugu þjónustuíbúðir sem velferðarsvið mun fá til ráðstöfunar. Framkvæmdir hefjast á næsta ári og mun ljúka árið 2013 samkvæmt áætlunum. **- þj**



**NÁTTFATAMÓTMÆLI** Nemendur hyggja á dagleg mótmæli þar til skólanum hefur verið tryggt fé. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kvikmyndaskólanemar:

# Skoruðu á Jóhönnu að semja

**MENNTAMÁL** Nemendur í Kvikmyndaskóla Íslands gengu á fund Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra í stjórnarráðshúsinu í gær. Þeir afhentu henni áskorun þess efnis að tafarlaust yrði gerður samningur við skólann sem tryggi rekstrarhæfi hans.

Alls hafa 3.300 skrifað undir undirskriftarlista þess efnis, á aðeins þremur sólarhringum. Í tilkynningu frá nemendum kemur fram að Jóhanna hafi sagst hafa rætt við menntamálaráðherra á mánudag og hún væri vongóð um jákvæða niðurstöðu. Nemendur hyggjast þó mótmæla daglega þar til málið er í höfn. **- kóp**

Heiðmerkurmálið þingfest:

# Lokað þinghald

**DÓMSMÁL Þinghald í sakamáli gegn manni sem grunaður er um að hafa orðið barnsmóður sinni að bana í Heiðmörk í maí síðastliðnum verður lokað.**

**Maðurinn kom akandi á Landspítalann í Fossvogi og gaf sig fram. Hann vísaði á lík konunnar í skotti bílsins. Hann hefur borið við minnisleysi vegna atburðarásar fyrr þann sama dag. Niðurstöður geðrannsókna hafa bent til þess að sakborningurinn sé ósakhæfur. Ríkissaksóknari hefur ákært manninn fyrir manndráp og var ákæran þingfest í gær. Krafist er refsingar eða til vara að hann verði dæmdur til vistunar á viðeigandi stofnun. - jss**


HÓPKAUP.IS Í DAG

KAO PAD – VINSÆLASTI RÉTTURINN Á THAI STYLE

490 kr. GILDIR 24 TÍMA

Verð ~~1.200~~ kr. | Afsláttur 59% | Afsláttur í kr. 710 kr.

50 viðskiptavini þarf til að virkja tilboðið




Kao Pad – vinsælasti rétturinn á Thai Style. Léttsteikt jasmínhrísgrjón í soja og chilli-sósu með grænmeti og kjúklingi. Bragðmikill og hollur réttur.

www.thaistyle.is

HÓPKAUP í krafti fjöldans

hópkaup.is

PIPAR\TBWA • SÍA


Sjúkratryggingar funda með tannlæknum um samningsmál:

# Stefnt að rammasamningi

**HEILBRIGÐISMÁL** Steingrímur Ari Arason, forstjóri Sjúkratrygginga Íslands, vonast til þess að hægt verði að landa samningi við tannlækna fyrir lok vikunnar. „Við stillum þessu upp sem rammasamningi þannig að hver og einn geti gerst aðili að honum. Við vonumst til að ná tannlæknum inn á samning í byrjun september,“ segir forstjórinn en Sjúkratryggingar héldu kynningar- og umræðufund fyrir tannlækna í gær.

Ekki tókst að ljúka skoðun og viðgerð á tönnum allra þeirra barna sem fengu samþykki fyrir gjaldfrjálsum tannviðgerðum í átaki velferðarráðuneytisins í sumar. Tryggingastofnun samþykkti umsóknir fyrir 1.056 börn tekjulágra foreldra.

„Viðgerðir kláruðust hjá tæplega helmingi barnanna. Einhver hluti er búinn að fá skoðun en ekki fulla viðgerð. Svo er stór hópur sem ekki náðist að skoða,“ segir Margrét Erlendsdóttir, ritstjóri upplýsingamála hjá ráðuneytinu.

Hún segir markmiðið að börnin sem um ræðir geti leitað til þeirra tannlækna sem samið hafi við Sjúkratryggingar Íslands og fengið þjónustu sér að kostnaðarlausu. **- ibs**



**HJÁ TANNLÆKNINUM** Vonast er til að samningur við tannlækna verði kominn á í septemberbyrjun. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

ENNEMM / SÍA / NM45395

Nýttu þér frábær tilboð í dag

# Íslenskur heimasími í útlöndum




## Heimasímatilboð

Panasonic 5511. Símaskrá fyrir 100 nöfn og símanúmer. Allt að 18 tímar í tali og 170 klst í bið.

**Verð áður 9.990 kr.**

**Verð 6.990 kr.**

## Tölvusímabox

Með þessu litla boxi og nettengingu getur þú hringt fyrir 0 kr. í alla heimasíma á Íslandi hvaðan sem er í heiminum.

**Verð 10.990 kr.**

Tilboðin gilda fyrir viðskiptavini Símans á miðvikudögum í ágúst.

siminn.is

Síminn

**GENGIÐ 09.08.2011**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,05 | 115,59 |
| Sterlingspund | 188,24 | 189,16 |
| Evra | 163,99 | 164,91 |
| Dönsk króna | 22,012 | 22,140 |
| Norsk króna | 20,937 | 21,061 |
| Sænsk króna | 17,735 | 17,839 |
| Japanskt jen | 1,4919 | 1,5007 |
| SDR | 184,17 | 185,27 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 220,3138

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Maður sem situr í gæsluvarðhaldi grunaður um nauðgun í Eyjum réðst á stúlku á tjaldsvæði fyrir sex árum:

# Hinn grunaði áður dæmdur fyrir nauðgun

**LÖGREGLUMÁL** Hálfþrítugur karlmaður sem situr í gæsluvarðhaldi, grunaður um að hafa nauðgað ungri konu á Þjóðhátíðarsvæðinu í Vestmannaeyjum um verslunarmannahelgina síðustu, hefur hlotið dóm fyrir að nauðga ungri stúlku á tjaldsvæði.

Maðurinn var dæmdur í tveggja ára fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur árið 2006 og til að greiða fórnarlambinu eina milljón króna. Hæstiréttur lækkaði fangelsisrefsinguna niður í átján mánuði og skaðabæturnar niður í 800 þúsund krónur.

Það var að morgni laugardagsins 2. júlí 2005 sem stúlka kom á lögreglustöð og skýrði frá því að sér hefði verið nauðgað um morguninn. Gat hún lýst nauðgaranum, sem hún kvaðst kannast við af tjaldstæði í Hrossabithaga í Hornafjarðarbæ, þar sem hún hefði tjaldað. Kvað hún hann hafa komið til sín og vina sinna og beðið sig að „koma að labba“.

Þegar þau komu að trjálundi rétt hjá lét maðurinn til skarar skríða, neyddi hana til kynferðismaka og reyndi að hafa við hana samræði. Hann hélt um háls hennar, þannig að af hlutust áverkar, og reif í hár hennar meðan á nauðguninni stóð.

Stúlkan greindi frá því fyrir dómi að maðurinn hefði hlegið að henni eftir athæfið og hótað að drepa hana segði hún frá.

Stúlkan fór beint til lögreglunnar og þaðan á heilsugæslustöð. Henni leið afar illa eftir atburðinn. Í vottorði sálfræðings sagði að hún hafi verið mjög óörugg og hrædd, verið viðkvæm, grátgjörn og viljað forðast að hitta fólk. Það varð til þess að hún treysti sér ekki til að fara í skóla um haustið eins og hún hafði ætlað. **- jss**



**Í GÆSLUVARÐHALDI** Maðurinn situr nú í gæsluvarðhaldi til 2. september, grunaður um að hafa nauðgað ungri konu á Þjóðhátíð í Eyjum.



**FERÐATRUKKUR** Tékkneski ferðatrukkurinn var dreginn á land um miðjan dag í gær.

Tékkneskur ferðatrukkur:

## Trukkurinn kominn upp úr Blautulónum

**FERÐAMÁL Vel gekk að ná tékkneska ferðatrukknum upp úr Blautulónum í gær og komst hann á þurrt land um klukkan hálf þrjú í gærdag að sögn varðstjóra lögreglunnar á Hvolsvelli, sem fylgdist með aðgerðunum. Þetta kemur fram á Vísi.**

**Skurðgrafa var notuð við vinnuna í gær til viðbótar við loftpúða sem festir höfðu verið við trukkinn í fyrrakvöld.**

**Stuðari trukksins brotnaði við átakið þegar um bil helmingur hans var kominn upp úr vatninu og olli það einhverjum töfum, en annars gekk vinnan vel að sögn varðstjórans.**

**TÖLVUMÁL**

### Hóta að ráðast á Facebook

Tölvuþrjótarnir í Anonymous-hópnum, hafa sent frá sér skilaboð á YouTube þar sem þeir hóta því að ráðast á samskiptasíðuna Facebook. Hópurinn hefur nýlega ráðist á heimasíðu sýrlenska varnarmálaráðuneytisins, Visa, Master Card og Vísindakirkjunnar.

# Telja aukna skatta á stóriðju brot á samkomulagi

**Samtök iðnaðarins segja hærri skatta á stóriðju brot á samkomulagi ríkisstjórnarinnar frá 2009. Forstjóri Alcoa segir auknar álögur brot á fjárfestingarsamningi. Alcan borgar eina milljón á dag í orkuskatt.**

**EFNAHAGSMÁL** Forsvarsmönnum iðnaðarins, stóriðjufyrirtækja og samtaka fjármálastofnana hugnast illa hugmyndir ríkisstjórnarinnar um aukinn skatt á greinarnar. Þeir benda á að álögur hafi nýlega verið hækkaðar og telja hugmyndirnar brot á samkomulagi.



**GUÐJÓN RÚNARSSON**



**TÓMAS MÁR SIGURÐSSON**

„Ég bendi á að það er þegar kominn á sérstakur skattur á bankakerfið sem er orðinn töluvert hár,“ segir Guðjón Rúnarsson, formaður Samtaka fjármálastofnana. Hann vill þó ekki tjá sig frekar um tillögurnar fyrr en þær liggi skýrar fyrir.

Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls, segir ríkisstjórnina hafa gert fjárfestingarsamninga við stóriðjuna og frekari álögur væru brot á þeim samningum. Stjórnin hafi þegar farið út fyrir þá samninga með orkuskatti og kröfu um sérstaka eingreiðslu. „Samningurinn er staðfestur af Alþingi og mér finnst það mjög merkilegt fyrir ríkisstjórn ef hún vill láta það spyrjast um sig að hún brjóti samninginn aftur.“

Ólafur Teitur Guðnason, upplýsingafulltrúi Alcan á Íslandi, segist vilja sjá hugmyndirnar útfærðar áður en hann tjáir sig um þær efnislega. Hann bendir þó einnig á orkuskattinn sem sé íþyngjandi. „Álverið í Straumsvík, sem er minnsta álverið hér á landi, er að borga eina milljón á dag í nýjan orkuskatt. Okkur finnst við því hafa lagt okkar til samfélagsins eftir hrun.“

Orri Hauksson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, bendir á að gert hafi verið sérstakt samkomulag sem gerði ráð fyrir óbreyttu skattaumhverfi í stóriðjunni næstu árin. „Það var gert sérstakt samkomulag í árslok 2009 þegar settur var á sérstakur orkuskattur, að orkutengdur iðnaður fyrirframgreiddi talsvert mikinn skatt gegn því að hann héldist með ákveðnum hætti.

Þetta var aftur staðfest í árslok 2010 þegar orkutengdu fyrirtækin voru að gera fjárfestingaráætlanir. Þá viðurkenndi fjármálaráðherra að þetta samkomulag væri í fullu gildi. Ef að á svo núna að fara að falla frá þessu samkomulagi þá eru það mjög vondar fréttir.“

Ríkisstjórnin hyggst minnka fjárlagahallann um 14 milljarða með sköttum á fjármálafyrirtæki og stóriðju, auk þess sem veiðigjald á að skila auknum tekjum í ríkissjóð. Að auki er verður skorið niður um aðra 14 milljarða í ríkisrekstrinum.

Þá boðuðu forystumenn ríkisstjórnarinnar í gær að eignir yrðu seldar, þar á meðal hlutir í Arion banka og Íslandsbanka og hugsanlega lítill hlutur í Landsbankanum.

**kolbeinn@frettabladid.is**



**ÁLIÐNAÐUR** Unnið er að tillögum um aukna skatta á stóriðju og banka og að auka tekjur af veiðileyfagjaldi. Samtök iðnaðarins segja það brot á samkomulagi um skattaumhverfi sem gert var árið 2009. Úr álverinu í Straumsvík. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Gæti haft áhrif á hugsanlega fjárfesta

Þórður Hilmarsson, forstöðumaður erlendra fjárfestinga hjá Íslandsstofu, segir að allar aðgerðir sem séu íþyngjandi fyrir iðnaðinn geti verkað hamlandi á áhugasama fjárfesta. Áhætta sé fólgin í því að breyta álögum ört frá einum tíma til annars. Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu, tekur í sama streng og segir breytingar á sköttum á fyrirtækin virka neikvætt. Orri Hauksson telur þetta vinna gegn því sem íslenskt samfélag þurfi helst á að halda; fjárfestingu í útflutningsiðnaði og gjaldeyrisskapandi starfsemi.



**ORRI HAUKSSON**

„Ég veit að það eru nokkur fjárfestingarmál í gangi sem eru mjög viðkvæm og menn eru nánast að reikna sig í síðasta aukastaf í Excel, miðað við gefnar skattaforsendur. Ef síðan á að kollvarpa öllum forsendum varðandi skatta, þá er það allt í uppnámi. Fyrir nú utan trúverðugleikann. Það er búið að ganga frá samkomulagi og það hefur gilt í tvö ár og svo á allt í einu að falla frá því af því að það þarf að finna einhvers staðar peninga.“






**VEÐURSPÁ**



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**ÁFRAM BLÍÐA**
Rjómablíðan virðist ekki ætla að gefa eftir fyrr en í fyrsta lagi á laugardag. Áfram yfirleitt hæglætis veður og bjartviðri en hitinn lækkar aðeins. Við munum samt áfram sjá fínar hitatölur inn til landsins suðvestan til, allt að 18 stigum.




**Á MORGUN**
Hæg austlæg eða breytileg átt.

**FÖSTUDAGUR**
Hæg NA-átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 17° |
| Billund | 17° |
| Frankfurt | 20° |
| Friedrichshafen | 20° |
| Gautaborg | 17° |
| Kaupmannahöfn | 17° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 23° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 31° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 14° |
| París | 23° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016**: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403**: Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*



# Annie Mist Þórisdóttir heimsmeistari í CrossFit 2011.

## Annie okkar er að koma heim og viljum við taka vel á móti henni.

Í dag miðvikudag kl 11:30 höldum við móttöku fyrir Annie í höfuðstöðvum Boot Camp Suðurlandsbraut 6b.

Fjölmennum og sýnum Annie að við erum ótrúlega stolt af henni og að hún er íþróttamaður ársins í okkar huga.

**Reebok, Boot Camp og CrossfitBC óska Annie innilega til hamingju með frábæran árangur.**

Reebok Boot cAmp CROSSFIT BC

KJÖRKASSINN



*Hefur þú greitt fyrir „svarta“ vinnu?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 53,9% |
| NEI | 46,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er rétt að hækka skatta og gjöld á stórfyrirtæki og útgerðir til að vinna gegn fjárlagahallanum?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Talsmaður Borgarahreyfingarinnar rekinn og fjármál hreyfingarinnar komin á borð lögreglu:

# Segist saklaus af ásökunum um misferli

**STJÓRNMÁL** Guðmundur Andri Skúlason, varaformaður stjórnar Borgarahreyfingarinnar, hefur verið rekinn sem launaður talsmaður hennar. Þórdís B. Sigurþórsdóttir, formaður stjórnarinnar, segir málið snúast um óreiðu í bókhaldi og að haft hafi verið samband við lögreglu.

„Við fórum til lögreglunnar með gögn í dag [gær] og líklega mun lögmaður okkar senda inn beiðni um rannsókn á næstunni,“ segir Þórdís.

Guðmundur Andri vísar öllum ásökunum til föðurhúsanna og segist vera búinn að afhenda gögn og reikninga sem sanni mál hans.



GUÐMUNDUR ANDRI SKÚLASON

Þórdís segir hins vegar að kvittanir vanti vegna ferðar sem farin var til Brussel í maí. Fimm voru í þeirri ferð og Borgarahreyfingin átti að greiða fyrir þrjá þeirra, ferðir og uppihald. Samtök lánþega áttu að greiða fyrir hina tvo, en Guðmundur Andri er talsmaður samtakanna.

Þórdís segir að upphæðin sem greidd hafi verið fyrir ferðina samsvari kostnaði við ferð fimm einstaklinga, en ekki þriggja. Flug hafi kostað 586 þúsund krónur, sem sé fullmikið fyrir þrjá. Þá hafi aðeins komið fram ein heildartala um annan kostnað, 380 þúsund krónur. Alla sundurliðun og kvittanir hafi vantað.

Guðmundur Andri segist hafa lagt fram öll þau gögn sem um hafi verið beðið og farið fram á óháða úttekt á störfum sínum, en því hafi verið hafnað.

„Það sem Þórdís hefur lagt fram hefur verið hrakið, lið fyrir, hvert og eitt einasta atriði.“ Hann segist ekki óttast frekari rannsóknir á störfum sínum enda hafi hann sjálfur beðið um slíkt. „Það er ekki þægilegt að sitja undir þessu, en ég hef ekkert að fela. Það er verið að taka mig niður með öllum ráðum og það er ekkert á bak við þetta.“

Borgarahreyfingin fær rúmlega 27 milljónir úr ríkissjóði á ári, vegna árangurs í kosningunum 2009.

- kóp

# Yfir 2.000 teknir af atvinnuleysisbótum

**Þeir sem eru óvirkir í atvinnuleit missa bæturnar. Þetta snýst ekki bara um réttindi heldur einnig skyldur, segir forstjóri Vinnumálastofnunar. Hefur heyrt um vinnuveitendur sem bjóða svarta vinnu og laun sem ekki standast samninga.**

**ATVINNUMÁL** Alls voru 1.222 manns teknir af atvinnuleysisbótum í fyrra þar sem þeir voru ekki virkir í atvinnuleit. Fyrstu sjö mánuði þessa árs hafa 875 verið sviptir bótunum af sömu ástæðu, að því er Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, greinir frá. Samtals hafa því 2.097 verið sviptir bótum.

„Þetta á við þá sem hafnað hafa starfstilboði eða hafnað því að sækja svokölluð virkniúrræði eða mætt illa á slík námskeið þar sem er skyldumæting,“ greinir forstjórinn frá.

Gissur segir að flestir taki því illa að vera sviptir bótunum. „Menn gera sér ekki alltaf grein fyrir því að þetta snýst ekki bara um réttindi, heldur einnig um skyldur. Þetta eru annars vegar réttindi til þess að fá bætur og hins vegar skyldur til þess að vera virkur í vinnuleit. Við erum alla daga að leiðbeina fólki við að koma sér af bótum í vinnu eða nám.“

Að sögn Gissurar hefur þeim sem misst hafa bætur af fyrrgreindum ástæðum fjölgað jafnt og þétt. „Aukningin frá 2009 er mikil. Atvinnuleysið vex og afleiðingar þess aukast jafnframt.“

Vinnumálastofnun hefur haft spurnir af vinnuveitendum sem nýta sér þekkingarleysi fólks á vinnumarkaði og kjarasamningum. „Það eru dæmi um slíkt. Menn eru að semja um laun sem ekki standast kjarasamninga og annað þess háttar,“ segir Gissur.

Hann segir starfsmenn Vinnumálastofnunar hafa heyrt af vinnuveitendum sem ráði ekki fólk nema það sé reiðubúið til að stunda svarta vinnu.

„Ég veit ekki hvað menn fá út úr því annað en að losna við skatt og fela svartar tekjur. Við höfum ekki miklar spurnir af þessu en ég reikna með að þetta sé fyrir hendi. Þessi tilvik hafa ekki komið inn til okkar auk þess sem þetta myndu verða síðustu vinnuveitendurnir sem við vísum fólki til.“

Undanfarið hafa komið upp allmörg dæmi um fólk, sérstaklega iðnaðarmenn, sem skráðir hafa verið á atvinnuleysisskrá en hafnað tilboði um atvinnu.

Skráð atvinnuleysi í júní síðastliðnum var 6,7 prósent. Í maí var skráð atvinnuleysi 7,4 prósent en 8,1 í apríl. Að meðaltali voru 11.704 manns atvinnulausir í júnímánuði.

ibs@frettabladid.is




**RÉTTINDI OG SKYLDUR** Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, segir flesta taka því illa að vera sviptir bótunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Menn eru að semja um laun sem ekki standast kjarasamninga og annað þess háttar.
>
> **GISSUR PÉTURSSON**
> FORSTJÓRI VINNUMÁLASTOFNUNAR

Vill fé í Kvikmyndaskólann:

## Segist ekki styðja fjárlögin að óbreyttu

**STJÓRNMÁL** Þráinn Bertelsson, þingmaður Vinstri grænna, vill að fundin verði sanngjörn lausn á fjármögnun Kvikmyndaskóla Íslands og segist að óbreyttu ekki styðja fjárlög nema það verði gert. Hann segir æskilegt að fjármögnun skólans verði tryggð.

Tæknilega situr ríkisstjórnin með eins atkvæðis meirihluta eftir að nokkrir þingmenn Vinstri grænna sögðu sig úr þingflokknum fyrr á þessu ári. Því gæti stuðningur Þráins við fjárlögin og þar með ríkisstjórnina skipt miklu máli.

„Þetta var skilið eftir óleyst og í lausu lofti af menntamálaráðherra þegar hún fór í frí. En Svandís (Svavarsdóttir, starfandi menntamálaráðherra innsk. blm.) hefur unnið mikið til að finna lausn á þessu. Og ég held að lausnin sé í sjónmáli. Hitt er annað mál, ef að menn gefast upp á að finna lausn á þessu, þá sé ég enga ástæðu til að styðja fjárlögin,“ segir Þráinn.

- þþ

Slysaskot í Arizona:

## Skaut sjálfan sig í liminn

**BANDARÍKIN, AP Joshua Seto, 27 ára gamall íbúi í Phoenix í Arizonaríki, varð fyrir því leiða óhappi í síðustu viku að skjóta sig í klofið.**

**Seto var á leið út í búð þegar hann stakk skammbyssu kærustu sinnar niður í buxnastrenginn. Ekki vildi betur til en svo að skot hljóp úr byssunni. Kúlan fór í gegnum lim hans og þaðan í gegnum lærið.**

**Seto var færður á sjúkrahús, en ekki er vitað hvort hann hefur hlotið varanlegan skaða.**

- þj

10,4 milljarðar í júlí:

## Vörskipti við útlönd hagstæð

**VIÐSKIPTI Bráðabirgðatölur sýna að vöruskipti við útlönd í júlí voru hagstæð sem nemur 10,4 milljörðum króna. Er það reiknað á fob-verðmæti. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu Íslands.**

**Útflutningur Íslendinga skilaði 52,5 milljörðum króna í júlí, en vörur voru fluttar inn fyrir 42,1 milljarð króna. Iðnaðarvörur skiluðu mestum tekjum, eða 28,5 milljörðum króna. Næstar koma sjávarafurðir en útflutningshagnaður þeirra nam 22,5 milljörðum króna. Mest er flutt inn af hrávörum og rekstrarvörum, eða fyrir 13,5 milljónir króna. Alls var flutt inn eldsneyti og smurolíur fyrir 8,4 milljarða króna.**

- kóp

Sænski Þjóðarflokkurinn:

## Hærri kennaralaun efst á lista

**SVÍÞJÓÐ** Hærri laun fyrir kennara eru efst á kröfulista Þjóðarflokksins í Svíþjóð fyrir komandi fjárlagaumræðu, að sögn Jans Björklund menntamálaráðherra.

Ráðherrann segir flokk sinn vilja koma á breytingum sem stuðla að framamöguleikum kennara en Landssamband kennara hefur lagt slíkar breytingar til.

Hann segir að ríkið geti aðstoðað með því að koma aftur á til dæmis stöðum lektora og aðjúnkta og fjármagna laun þeirra. Þá geti sveitarfélögin einbeitt sér að því að hækka laun annarra kennara.

- ibs

UMFERÐ

**Metumferð um Héðinsfjörð**

Metumferð var um Héðinsfjarðargöng á laugardag. Alls fóru 2.107 bílar um þau Siglufjarðarmegin og 2.091 Ólafsfjarðarmegin. Það jafngildir því að 2.099 bílar hafi farið um bæði göng.



www.volkswagen.is




Volkswagen GOLF Blue Motion 1.6 TDI

# Meðaleyðsla aðeins 3,8 lítrar á hverja 100 km*

Volkswagen Golf er traustur og skemmtilegur ferðafélagi bæði í borg og sveit. Volkswagen býður upp á fjölbreytt úrval vel búinna bíla á hagstæðu verði, sem eru fáanlegir í ýmsum útgáfum – allt frá bílum með sparneytnum dísil- og bensínvélum upp í kraftmikla GTI sportbíla. Komdu við hjá okkur og kynntu þér úrvalið og reynsluaktu einum slíkum.

**Golf kostar aðeins frá**
**3.390.000 kr.**

Das Auto.

HEKLA

**Reynslan er góð!**

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

Volkswagen Golf Trendline 1.6 TDI til afhendigar strax

* Miðað við blandaðan akstur á beinskiptum Volkswagen Golf Blue Motion 1.6 TDI

Aukabúnaður á mynd: 18″ álfelgur, spoiler og litaðar rúður

## VEISTU SVARIÐ?



**1** *Hvað hefur Bubbi Morthens selt margar plötur á rúmlega þrjátíu ára ferli?*

**2** *Hvenær fara leikskólakennarar í verkfall ef ekki næst að semja?*

**3** *Hvaða fyrirtæki vinnur nú að gerð fyrsta íslenska hjólastólsins?*

**SVÖR:**

*1. 320 þúsund. 2. 22. ágúst. 3. Þröstur Marselliusson ehf.*

Landslið Íslands í hestaíþróttum varð fyrst til að nota nýja þjónustu og setja reiðföt í hreinsun á flugvellinum:

# Enginn óhreinn reiðfatnaður inn í landið

**HESTAMENNSKA** „Ég tel þessa nýjung hafa þá þýðingu, að það sé óafsakanlegt, komi menn með óhreinan reiðfatnað til landsins, að setja hann ekki í hreinsun.“

Þetta segir Haraldur Þórarinsson, formaður Landssambands hestamannafélaga, um samning sem gerður hefur verið við Fönn um móttöku og hreinsun slíks fatnaðar í Leifsstöð. Það eru landssambandið, Félag hrossabænda og Félag tamningamanna sem standa að þessu framtaki.

Þegar komið er í Leifsstöð fara menn í rauða hliðið og afhenda þar óhreinan reiðfatnað. Fötin eru innsigluð og síðan hreinsuð með sömu öryggisráðstöfunum og spítalafatnaður.

„Þessi kostur kemur í kjölfar hestapestarinnar í fyrra,“ útskýrir Haraldur. Hann segir ástæðuna vera þá að menn hafi rætt um að engar lausnir væru fyrir hendi á Keflavíkurflugvelli ef þeir kæmu með óhreinan reiðfatnað.

„Það eina sem við erum að gera er að búa til lausn á þessum vanda,“ segir Haraldur og segir uppi hugmyndir um að auðvelda mönnum að flytja notuð beislismél til landsins. Það verði einungis í nánu samstarfi við yfirdýralækni. - jss



**MÓTTAKA REIÐFATNAÐAR** Landslið Íslands í hestaíþróttum reið á vaðið og vígði þessa nýju þjónustu þegar það kom til landsins í gær.

Athyglisbrestur og ofvirkni:

## Tvöfalt fleiri fá lyf við ADHD

**SVÍÞJÓÐ Nær 52 þúsund Svíar fengu í fyrra lyf við ADHD, athyglisbresti og ofvirkni, og eru það yfir tvöfalt fleiri en fyrir fimm árum.**

**Mismunandi er eftir landshlutum hvernig lyfjunum er ávísað. Í Blekinge í suðurhluta Svíþjóðar fengu þrír af hverjum þúsund strákum undir 10 ára aldri ADHD-lyf í fyrra. Á Gotlandi fengu hins vegar 19 af hverjum þúsund strákum undir 10 ára ADHD-lyf þótt ekkert bendi til þess að ADHD sé algengara á eyjunni.**

**Þar og á ýmsum öðrum stöðum fá börn oft lyf áður en gripið er til annarra úrræða, eins og yfirvöld mæla með.** - ibs

Í vímu undir stýri um helgina:

## Þrettán dópaðir ökumenn teknir

**LÖGREGLUMÁL** Um síðustu helgi voru þrettán ökumenn teknir á höfuðborgarsvæðinu fyrir að aka undir áhrifum fíkniefna.

Um var að ræða ellefu karlmenn á aldrinum 17 til 32 ára og tvær konur á þrítugsaldri. Sjö þessara ökumanna höfðu þegar verið sviptir ökuleyfi og einn hefur aldrei öðlast ökuréttindi.

Þá voru sjö ökumenn teknir fyrir ölvunarakstur á höfuðborgarsvæðinu á sama tíma. Þetta voru fjórir karlmenn á aldrinum 17 til 48 ára og þrjár konur, 20 til 63 ára. Einn þessara ökumanna hafði þegar verið sviptur ökuleyfi. - jss

### LÖGREGLUFRÉTTTIR

**Bifhjól á ofsahraða**

Tæplega áttatíu ökumenn voru teknir fyrir hraðakstur á höfuðborgarsvæðinu um helgina. Í tveimur tilvikum var um stórháskaleg brot að ræða því tvö bifhjól mældust á 180 km hraða á Vesturlandsvegi á móts við Höfðabakka.

# Lítill háskóli með ódýran kafbát vann stóran sigur

**Lið Háskólans í Reykjavík varð í fjórða sæti í kafbátamótinu RoboSub í San Diego. Útlit var fyrir að liðið yrði frá að hverfa þegar kafbáturinn Freyja bilaði í kafi. Hrísgrjón voru notuð til að gera við bátinn.**

**MENNTUN** Lið frá Háskólanum í Reykjavík náði fjórða sæti í kafbátamótinu RoboSub sem háð var í San Diego í Bandaríkjunum í síðasta mánuði. Styrmir Hauksson, nemandi í hátækniverkfræði og liðsmaður HR-manna, segir sigurinn sérstaklega sætan í ljósi þess að aðrir keppendur komu frá stórum og mikilsvirtum skólum sem hafa margoft tekið þátt í þessari keppni og leggja mikið upp úr því að ná þar góðum árangri. Þetta er hins vegar í annað sinn sem HR tekur þátt.

„Til dæmis er okkar kafbátur hræódýr í samanburði við kafbáta keppinautanna, þess eru dæmi að einstök tæki í bátum hinna skólanna kosti svipað og allur báturinn okkar,“ segir Styrmir.

Ekkert útlit var fyrir að þetta yrði frægðarför hjá íslenska liðinu, sem samanstóð af tólf nemendum og tveimur leiðbeinendum, því kafbáturinn sem ber nafnið Freyja virtist ekki ætla að verða neitt happafley. Strax á fyrsta degi opnaðist Freyja þegar verið var að prófa hana í lauginni.

„Þetta var hræðilegt áfall,“ segir Jón Guðnason, annar leiðbeinendanna. „Ég held að sú hugsun hafi farið um margan fyrst um sinn að nú væri þessu með öllu lokið.“ Það hefði orðið sneypuför því liðið hefur unnið að hönnun Freyju í marga mánuði. Einnig hefur miklu verið kostað til ferðarinnar sem vissulega kostar sitt. Munar þar mest um ríflegan styrk frá bandaríska sendiráðinu. En í stað þess að gráta Björn bónda var þegar hafist handa við viðgerðir sem síðan nægðu til þess að koma Freyju í undanúrslit. Beittu menn jafnvel óhefðbundnum aðferðum í þeim tilgangi. Til dæmis var ein linsan á Freyju þurrkuð með því að setja hana í hrísgrjón sem draga duglega í sig allan raka.

Freyja var síðan komin í form í úrslitunum með fyrrgreindum árangri.

Styrmir beitir nú hugviti sínu á öðrum vettvangi en hann vinnur nú að upptökum með hljómsveitinni Árstíðir. Best er að geta þess að upptökur fara fram ofansjávar.

**jse@frettabladid.is**



**FARSÆLT LIÐ MEÐ FREYJU** Lið Háskólans í Reykjavík, talið frá vinstri: Stefán Freyr Stefánsson, Bjarni Helgason, Hamid Pourvatan, Hendrik Tómasson, Styrmir Hauksson, Guðmundur Viktorsson, Matthías Stefánsson, Hákon Halldórsson, Elín Adda Steinarsdóttir, Eiríkur Jónsson, Guðjón Hugberg Björnsson, Símon Elvar Vilhjálmsson, Tryggvi Þórhallsson og Jón Guðnason.

> … þess eru dæmi að einstök tæki í bátum hinna skólanna kosti svipaða fjárhæð og allur báturinn okkar.
>
> **STYRMIR HAUKSSON**
> NEMANDI Í HÁTÆKNIVERKFRÆÐI

### Úrslitin í Robosub kafbátakeppninni

1. ETS-tækniháskólinn í Montréal
2. Cornell-háskólinn
3. Háskólinn í Flórída
4. Háskólinn í Reykjavík
5. Háskólinn í Maryland
6. Háskólinn á Rhode Island
7. Sjóliðaskóli Bandaríkjanna
8. Háskólinn í Norður-Karolínu

*Fyrstu verðlaun eru um 810 þúsund krónur. HR fékk rúmlega 230 þúsund fyrir fjórða sætið.*




Lögreglan í Noregi rannsakar nú frásagnir vitna um að morð hafi verið tekin upp:

# Myndaði mögulega hryðjuverk

**NOREGUR** Lögreglan í Noregi vinnur út frá þeirri kenningu að Anders Behring Breivik hafi tekið ódæðisverk sín í Útey upp á myndband.

Lögreglan hefur staðfest að leitað sé að myndbandsupptökuvél sem Breivik gæti hafa haft meðferðis þegar hann myrti tugi ungmenna í eynni. Vitni hafa sagt að hann hafi verið með upptökuvél með sér. Það kemur heim og saman við það sem stendur í stefnuyfirlýsingu hans um mikilvægi þess að skrásetja og mynda verk sín.

Vonast er til þess að hægt verði að ljúka rannsókn í Útey í næstu viku. Búið er að safna saman munum úr eyjunni og nú er verið að flokka þá. Farsímar, myndavélar og tölvur geta verið mikilvæg sönnunargögn og mögulegt er að búnaður sem Breivik kann að hafa notað til að taka upp hryðjuverk sín leynist þar á meðal. Því verða tækin skoðuð áður en mögulegt er að skila þeim til eigenda sinna.

Þeir sem komust lífs af úr Útey fá tækifæri til að heimsækja eyjuna á nýjan leik 20. ágúst næstkomandi. Þá verður ættingjum hinna látnu boðið að fara í eyjuna degi fyrr. Mikilvægt er talið að bjóða fólki upp á þetta sem hluta af bataferli. - þeb



**NÁKVÆM GRIMMD** Anders Behring Breivik er talinn hafa skipulagt hryðjuverk sín af óhugnanlegri nákvæmni.



Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is




# Forritunar- og Tækninám NTV

## NTV opnar nýjar leiðir út á vinnumarkaðinn

### Kerfisstjóri - 365 stundir - Verð: 539.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisstjórar hjá fyrirtækjum og stofnunum. Nemendur öðlast víðtækan skilning á uppsetningu netkerfa, viðgerðum og bilanagreiningu á vélbúnaði og uppsetningu stýrikerfa. Námið samanstendur af 3 námskeiðum: Tölvuviðgerðir, MCTS & Netvork+ ásamt MCITP Netstjórnun og er gefinn 10% afsláttur af öllum pakkanum.

3 alþjóðleg próf innifalin: „Microsoft Certified IT Professonal"

| Morgunnámskeið byrjar 30. ágúst. | Kvöld- og helgarnámskeið 29. ágúst. |

### Kerfisumsjón - 180 stundir - Verð: 272.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisumsjónarmenn hjá minni fyrirtækjum og stofnunum. Allar kennslugreinar eru kenndar frá grunni og er rétt að gera ráð fyrir nokkurri heimavinnu.

| Morgunnámskeið byrjar 30. ágúst | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 29. ágúst |

### Tölvuviðgerðir - 72 stundir - Verð: 119.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl á viðgerðarsviðinu. Verklegur undirbúningur fyrir A+ gráðurnar frá Comptia. Eftir námið eiga nemendur að vera í stakk búnir til að uppfæra, bilanagreina og gera við tölvubúnað, ásamt því að setja upp viðeigandi stýrikerfi og koma tölvum í netsamband. Kennt í sérútbúinni tölvuviðgerðarstofu.

| Morgunnámskeið byrjar 30. ágúst. | Kvöld- og helgarnámskeið 29. ágúst. |

### MCITP kerfisstjórnun (áður MCSA) - 185 stundir - Verð: 329.000.-

MCITP námið er fyrir þá sem vilja starfa sem sérfræðingar við umsjón Microsoft netkerfa. Markmiðið með náminu er að nemendur læri undirstöðuatriði við rekstur og hönnun netkerfa byggðum á Windows stýrikerfinu og geti að náminu loknu tekið þau þrjú alþjóðlegu próf sem þarf til að verða: Microsoft Certified IT Professonal

| Morgunnámskeið byrjar 5. sept. | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 5. sept. |

### MCTS og Network+ - 108 stundir - Verð: 153.000.-

Markmiðið með þessu námskeiði er að nemendur öðlist færni og kunnáttu til að setja upp og hafa umsjón með tölvum sem keyra á Windows stýrikerfinu. Nemendur öðlast einnig víðtækan skilning á netkerfum og geta leyst vandamál sem að þeim snúa. Auk þess er kynntur fyrir nemendum Windows 2008 Server. Að námskeiði loknu á nemandi að geta séð um rekstur minni eða meðalstórra tölvuneta.

| Morgunnámskeið byrjar 29. sept. | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 26. sept. |

### Fornám í forritun - 108 stundir - Verð: 149.000.-

Forritun er fjölbreytt, skapandi, alþjóðleg og skemmtileg starfsgrein sem stöðugt virðist vanta nýja starfskrafta. Markmiðið með þessu námskeiði er að undirbúa nemendur fyrir Diplomanám í forritun og einnig að gera nemendum betur kleift að meta hvort þeir hafi áhuga og getu til að halda áfram á þessari braut. Til þess að komast áfram í diplomanámið þurfa nemendur að ná lágmarkseinkunn í þeim prófum sem lögð eru fyrir.

Þeir sem hafa stúdentspróf eða hliðstæða menntun geta valið að fara beint í Diplomanámið.

| Síðdegisnámskeið byrjar 11. okt. | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 19. okt. |

### Diplomanám í Forritun - 282 stundir - Verð: 399.000.-

Öflugt starfsnám þar sem leitast er við að leggja traustan þekkingargrunn og byggja ofan á hann með skriflegum og verklegum æfingum. Að námi loknu eiga nemendur að hafa góða undirstöðuþekkingu og yfirsýn yfir þær aðferðir sem helst eru notaðar í nútíma hugbúnaðargerð og vera í stakk búnir að sækja um starf á þessu sviði.

Námið byggir á stöðluðum námskeiðum frá Microsoft og að námi loknu eiga nemendur að vera færir að taka 3 alþjóðleg próf.

| Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 6. september |

### Leikjaforritun - 204 stundir - Verð: 289.000.-

Þeir sem ætla að fara í þetta nám þurfa að hafa þekkingu á C# og almennri forritun eða hafa lokið „Diplomanámi í forritun" hjá NTV. Námskeiðið miðar að því að gefa innsýn í almenna leikjaþróun og forritun og er unnið í Microsoft XNA þróunar umhverfinu.

Farið er yfir helstu atriði leikjaforritunar með það að markmiði að gefa góða grunnþekkingu á hinum ýmsu sviðum leikjaþróunar. Áhersla verður lögð á verklegar æfingar og mun nemendum m.a. gefast kostur á að vinna að eigin leikjaverkefnum..

| Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 13. september |

### Cisco CCNA - 84 stundir - Verð: 289.000.-

CCNA gráðan er talin ein öflugasta gráðan í upplýsingatækni sem völ er á.

Ef þú hefur áhuga á að verða sérfræðingur í uppbyggingu á tölvunetum og þeim tækjum sem notuð eru í samskiptum í netheiminum í dag, þá er þetta námskeið fyrir þig. Námið er undirbúningur fyrir prófið 640-802 sem er CCNA prófið frá Cisco og er það innifalið í verði.

Þetta er nám sem gerir talsverðar kröfur til nemenda, en styrkir án efa stöðu þeirra á vinnumarkaðinum.

| Kvöldnámskeið byrjar 11. október |

Microsoft Certified Partner | Learning Solutions

OPIN KERFI

PEARSON VUE Authorized Test Center

PROMETRIC

Atvinnulausir fá 25% styrk frá NTV af auglýstu staðgreiðsluverði

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN - VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI - HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS

ntv

**FRÉTTASKÝRING:** Skálmöld í Bretlandi

# Þrefaldur fjöldi lögreglumanna á götum

**Óeirðirnar í Bretlandi eru þær verstu í áratugi. Þær byrjuðu í Tottenham en hafa breiðst út um fjölmörg hverfi í London auk þess sem óeirðir hafa brotist út í Birmingham, Bristol, Liverpool, Nottingham og nú síðast í Manchester.**



**MIKIL EYÐILEGGING** Kona talar í símann inni á hárgreiðslustofu sem hún starfar á. Stofan hafði verið mikið skemmd og rænd í óeirðum í Ealing í vesturhluta London í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Um sextán þúsund lögreglumenn voru á götum London í gærkvöldi, þrefalt fleiri en kvöldin á undan og fimmfalt fleiri en á venjulegu kvöldi. Allir lögreglumenn hafa verið kallaðir úr sumarleyfum auk þess sem liðsauki kom frá öðrum stöðum í Bretlandi.

Upphaf óeirðanna í Tottenham er rakið til dauða Marks Duggan, 29 ára gamals fjögurra barna föður, sem var skotinn til bana af lögreglumönnum við handtöku. Duggan var farþegi í bíl við Ferry Lane í Tottenham-hverfinu. Greint var frá því að skotum hefði verið hleypt af, Duggan hefði látist og lögreglumaður hefði særst. Byssa hafi fundist á vettvangi. Handtaka Duggans var fyrirfram ákveðin og hluti af stærri aðgerð. Önnur málsatvik voru nokkuð óljós og líkur höfðu verið leiddar að því að hann hafi skotið á lögreglumenn að fyrra bragði. Í gær var þó greint frá því að ekkert bendi til þess að svo hafi verið. Fjölskylda Duggans sendi frá sér yfirlýsingu í gær vegna óeirðanna. Fjölskyldan segist vilja komast til botns í því hvers vegna hann var skotinn til bana. Óeirðirnar hafi hins vegar ekkert með rannsókn máls hans að gera og fjölskyldan hafi miklar áhyggjur af því að óeirðirnar hafi áhrif á fjölmarga um allt landið.

**Upphafið var friðsamlegt**

Um það bil þrjú hundruð manns komu saman til göngu í hverfinu Tottenham sem lauk fyrir utan lögreglustöðina. Mótmælin voru friðsamleg og markmið þeirra var „réttlæti fyrir Duggan og fjölskyldu hans“. Óeirðir hófust hins vegar í kjölfarið. Flöskum var kastað í lögreglubíla í nágrenni við lögreglustöðina og svo var kveikt í bílunum. Óeirðalögreglumenn voru kallaðir að til að reyna að dreifa úr fjöldanum en kastað var í þá flöskum, flugeldum og öðru. Bensínsprengjum var kastað að lögreglu og byggingum. Kveikt var í verslunum og tveggja hæða strætisvagni. Slökkviliðið þurfti að kljást við 49 elda og neyðarlínan fékk 250 tilkynningar í Tottenham-hverfinu þetta kvöld. Þá voru fjölmargar verslanir rændar og skemmdar yfir nóttina.

**Óeirðirnar breiðast út**

Á sunnudagsmorgun var greint frá því að 26 lögreglumenn hefðu slasast vegna óeirðanna í Tottenham. Átökin færðust yfir í önnur hverfi í norðurhluta borgarinnar auk þess sem fleiri lögreglumenn særðust í átökum í Brixton í suðurhlutanum. Undir kvöld bárust fréttir af skemmdarverkum við Oxford Circus í miðborginni og um nóttina héldu óeirðirnar áfram að breiðast út um norður-, austur- og suðurhluta borgarinnar.

Á mánudag bárust af því fréttir að maður hefði verið stöðvaður af lögreglu í Hackney og leitað á honum. Ekkert óeðlilegt fannst við leitina. Í framhaldi af þessu hófust átök þar á milli ungmenna og lögreglu. Síðar um daginn breiddust þau út til Clapham, Lewisham og Peckham í suður- og suðausturhluta borgarinnar og þar var kveikt í bílum og strætisvögnum. Kveikt var í mörgum húsum í Croydon undir kvöld, meðal annars stórri húsgagnaverslun sem hafði staðið í 140 ár og var þekkt kennileiti. Sama fjölskyldan hafði rekið verslunina frá upphafi.



**Á VETTVANGI** David Cameron ræðir við lögreglu og slökkvilið fyrir framan ónýtt hús í Croydon. Ráðherrann skoðaði eyðilegginguna þar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Óljóst hvað liggur að baki óeirðunum

„Þetta er uppreisn verkamannastéttarinnar. Við erum að endurútdeila auðnum,“ sagði Bryn Phillips, 28 ára anarkisti, við fréttamenn í gær. Umdeilt er þó hverjar ástæðurnar eru fyrir óeirðunum, ef einhverjar eru. Sumir hafa viljað tengja þær við niðurskurð ríkisstjórnarinnar til að takast á við fjárlagahallann. Mótmæli gegn niðurskurðinum hafa verið haldin síðustu misseri en áhrifin af niðurskurðinum eiga enn eftir að skella af fullum þunga á fólki. Atvinnuleysi er stöðugt en það er langmest hjá ungu fólki – sérstaklega á svæðum eins og Tottenham, Hackney og Croydon, þar sem óeirðirnar hafa verið hvað verstar. Þó eru margir sem halda því fram að atvinnuleysi og fátækt hafi ekkert með málið að gera. Ungt fólk hafi bara fengið afsökun fyrir því að stela og skemma.

Kennari í Peckham sagði í gær að spenna hefði verið vaxandi í langan tíma. „Krakkarnir eru ekki hamingjusamir. Þeir hata lögregluna,“ sagði Matthew Yeoland. „Þetta er eins og stríðssvæði og lögreglan gerir ekkert.“

## Óeirðir í Bretlandi




**1** 1980, St. Pauls, Bristol. Eiturlyfjarassía lögreglu í kaffihúsi leiðir til óeirða. Yfir 130 voru handteknir.

**2** 1981, Brixton, Suður-London. Lögregla er sökuð um að hafa valdið dauða blökkumanns með harðræði. Óeirðir sem ollu miklum skemmdum. Fleiri óeirðir í Brixton 1985, 1995 og 2001.

**3** 1981, Toxteth, Liverpool. Ásakanir um mismunun lögreglu eftir kynþáttum veldur níu daga ofbeldishrinu. 1000 lögreglumenn slösuðust og 140 byggingar eyðilögðust.

**4** 1985, Tottenham, London. Óeirðir eftir að lögregla gerði húsleit hjá konu sem fékk hjartaáfall og dó á meðan. Miklar óeirðir og lögreglumaður stunginn til bana.

**5** 1990, skattaóeirðir, London. Mótmæli í miðborg London gegn óvinsælum sköttum leiddu til verstu óeirða í áratugi og hundruð særðust.

**6** 2001, Oldham. Spenna milli hvítra og annarra kynþátta urðu tilefni margra óeirða um norðanvert England.

**7** 2010, stúdentaóeirðir, London. Friðsöm mótmæli gegn hækkun skólagjalda, en lítill hópur réðist á höfuðstöðvar Íhaldsflokksins.

**8** Ágúst 2011. Þjófnaðir og íkveikjur í London og mörgum öðrum borgum eftir að lögegla skaut mann til bana í Tottenham.

© GRAPHIC NEWS

**Allir úr fríum snemma**

Boris Johnson borgarstjóri ákvað að koma snemma heim úr fríi vegna ástandsins á mánudag. Theresa May innanríkisráðherra hafði þegar tekið sömu ákvörðun og David Cameron forsætisráðherra gerði slíkt hið sama á mánudagskvöld. May og Cameron funduðu svo með lögregluyfirvöldum í gærmorgun til að fara yfir ástandið. Á mánudagskvöld hafði skálmöldin færst til Ealing í Vestur-London, auk borgarinnar Birmingham. Um nóttina lenti lögregla svo í átökum í Liverpool og Bristol. Slökkviliðið átti einhverja annasömustu nótt í manna minnum. 2.169 símtöl bárust frá klukkan sex á mánudagskvöld og fram til rúmlega sjö á þriðjudagsmorgun. Þetta er um fimmtán sinnum meira en venja er.

Um miðjan dag í gær höfðu 563 manns verið handteknir og yfir hundrað ákærðir. David Cameron forsætisráðherra hélt blaðamannafund fyrir utan Downing-stræti 10 og sagði að allir yrðu gerðir ábyrgir gjörða sinna. Hann fordæmdi ofbeldið og tilkynnti að öllum sumarleyfum lögreglunnar hefði verið frestað. Um sextán þúsund lögreglumenn yrðu því á götum London í gærkvöldi. Þingið hefur jafnframt verið kallað saman úr sumarfríi og mun þingfundur verða á morgun. Þetta er í fjórtánda skipti á síðustu þrjátíu árum sem breska þingið er kallað úr leyfi. Síðast var það gert árið 2002 vegna Íraksstríðsins.

Í gærkvöldi hafði einn látið lífið í óeirðunum. Það var 26 ára gamall maður sem fannst skotinn í bíl í Croydon á mánudagskvöld. Hann lést á spítala í gær.

**Þórunn Elísabet Bogadóttir**
thorunn@frettabladid.is



Munið vinsælu gjafabréfin okkar

# BARA ÞAÐ BESTA



108 cm lax.
Miðfjarðará 2010

SIMMS

## SIMMS VÖÐLUPAKKI Á GÓÐU VERÐI

Simms Freestone vöðlur og Simms Freestone skór á tilboðsverði.

AÐEINS **49.900,-**

## SCIERRA HMT LÍNA

Frábær lína frá Scierra og Henrik Mortensen. HMT er án efa bestu kaup í skandinavískum flugulínum.

AÐEINS **10.980,-**

## SAGE ER VINSÆLASTA FLUGU-STÖNGIN. ÞAÐ ER EKKI TILVILJUN.

Allar Sage flugustangir eru framleiddar í Bandaríkjunum

### SAGE FLIGHT FLUGUVEIÐIPAKKI

Fjögurra hluta hröð stöng. Vandað Sage hjól með diskabremsu. Góð Rio flotlína ásamt undirlínu og taumi. Hólkur fylgir.
**Aðeins 69.900** fyrir þennan frábæra pakka.

### SAGE VANTAGE FLUGUVEIÐIPAKKI

Fjögurra hluta miðhröð stöng, vandað Sage hjól með diskabremsu. Góð Rio flotlína ásamt undirlínu og taumi. Hólkur fylgir.
**Aðeins 59.900** fyrir þennan frábæra pakka.

SAGE Flugustangir

***Z-AXIS ROD SERIES*** - Verð 99.990,-
Hröð stöng. Kröftug hleðsla sem auðveldar lengdar og nákvæmnisköst.

***99 ROD SERIES*** - Verð 99.990,-
Mið-hröð stöng. Djúp hleðsla. Sérhönnuð til að bera þungar flugur og túpur.

***VXP ROD SERIES*** - Verð 74.990,-
Mið-hröð stöng. Kraftmikil og fínleg stöng fyrir allar aðstæður.

***FLIGHT ROD SERIES*** - Verð 59.990,-
Mið-hröð stöng. Góð alhliða flugustöng.

***VANTAGE ROD SERIES*** - Verð 39.990,-
Mið-hröð stöng. Góð byrjendastöng á góðu verði.

### REDINGTON DÖMUVÖÐLUR

Vandaðar vöðlur í kvensniði. Góður vasi. Áfastar sandhlífar. Belti fylgir. **Verð aðeins 29.900,- og aðeins 39.900,- með Redington dömuskóm.**

### REDINGTON CROSSWATER FLUGUVEIÐIPAKKI

Fjögurra hluta miðhröð stöng ásamt góðu hjóli með flotlínu, undirlínu og taumi. Góð Rio flotlína. Hólkur fylgir. **Aðeins 29.900.**

### SCIERRA EMERGER FLUGUVEIÐIPAKKI

Fjögurra hluta miðhröð grafítstöng ásamt "large arbour" fluguhjóli með góðri bremsu og þægilegri stillingu. Góð flotlína ásamt baklínu fylgir Emerger settinu auk kastkennslu á DVD.
**Einhendupakki aðeins 19.900.**
**Tvíhendupakki aðeins 39.900.**

## BESTU FLUGURNAR!

### JÁ, ÞÚ FÆRÐ ALLAR BESTU FLUGURNAR Á BETRA VERÐI HJÁ OKKUR



SILUNGAFLUGUR **220,-**
STRAUMFLUGUR **290,-**
LAXAFLUGUR **390,-**
LAXATÚPUR **390,-** OG **450,-**

### ZPEY ZERO FLUGUVEIÐIPAKKI

Stöngunum fylgir Zpey Switch handfang sem auðvelt er að bæta aftan við hjólsætið og breyta stöngunum þannig í minni tvíhendur. Með því móti er auðveldara að rúllukasta sem er nauðsynlegt í erfiðu baklandi t.d. ef trjágróður eða hár bakki er fyrir aftan veiðimann. Settinu fylgir Zpey Zero fluguhjól sem er úr léttmálmi. Þá fylgir settinu vönduð Zpey skotlína, undirlína og taumur. Allt settið kemur í vönduðum hólki.
**Einhendupakki aðeins 79.900.**
**Tvíhendupakki aðeins 109.900.**

### RON THOMPSON VÖÐLUPAKKI

Sterkar öndunarvöðlur með útöndun. Góður brjóstvasi. Áfastar sandhlífar. Belti fylgir. Skórnir eru Scierra Contour. Léttir og sterkir skór með filtsóla. **Pakkaverð aðeins 24.900.**

### SCIERRA CC3 VÖÐLUPAKKI

Vandaðar og þægilegar þriggja laga vöðlur með góðri útöndun. Góður brjóstvasi og áfastar sandhlífar. Scierra Contour vöðluskór.
**Pakkaverð aðeins 29.900.**

SAGE SIMMS RIO SCIERRA ZPEY RON THOMPSON PRO FLYTYER REDINGTON OKUMA SCIENTIFIC ANGLERS EINARSSON FLY FISHING

## VEIÐIHORNIÐ

Metnaður okkar er að þjónusta viðskiptavini af þekkingu og reynslu og tryggja þeim ánægjulega og árangursríka veiðiferð.

SÍÐUMÚLI 8 - SÍMI 568 8410
OPIÐ ALLA DAGA, JÁ LÍKA Á SUNNUDÖGUM

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hækkun virðisaukaskatts og annarra skatta hækkar verð og þyngir skuldabyrði.

## Lokuð skattaleið

Innan ríkisstjórnarflokkanna hafa verið til skoðunar hugmyndir um að samræma virðisaukaskattinn í einu þrepi, eins og Fréttablaðið sagði frá í gær. Rætt hefur verið um að lækka efra þrep skattsins lítið eitt, úr 25,5 prósentum í 21-22 prósent, en um leið myndi skattprósenta lægra þrepsins, sem nú er sjö prósent, þrefaldast.

Þessi breyting er hugsuð til tekjuöflunar og myndi því óhjákvæmilega leiða til hækkunar á verði margs konar vöru og þjónustu. Í lægra þrepinu eru ýmsar nauðsynjavörur, til dæmis allur matur, heitt vatn og rafmagn, en jafnframt bækur, tónlist og afnotagjöld svo dæmi séu nefnd.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Það eru ákveðin rök fyrir því að samræma virðisaukaskattinn í einu þrepi, í þágu einföldunar skattkerfisins. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur rökstutt að sú breyting myndi ekki hafa verulega meiri áhrif á hina tekjulægri en aðra, þótt lága skattprósentan á nauðsynjavöru sé hugsuð til að vernda hagsmuni þeirra. Þannig verji fjölskyldur í neðsta fjórðungi tekjustigans um 22,3 prósentum af neyzluútgjöldum sínum í vörur í neðra skattþrepinu. Sambærileg tala fyrir þjóðina í heild er 21,4 prósent.

AGS segir að tvö skattþrep séu því léleg aðferð til að hjálpa hinum tekjulágu; nær væri að nota hluta þeirra auknu tekna, sem fengjust af hækkun neðra skattþrepsins til að aðstoða fátækar fjölskyldur. Um leið væri eðlilegt, að mati sjóðsins, að afnema margs konar vörugjöld á mat, enda álagning þeirra tilviljanakennd og órökrétt.

Ríkisstjórnin er hins vegar ekki að velta breytingum á virðisaukaskattinum fyrir sér út frá gegnsæi og skilvirkni skattkerfisins. Hún hefur engan áhuga á þeirri hlið málsins eins og til dæmis breytingar hennar á tekjuskattskerfinu sýna. Henni er fyrst og fremst í mun að afla meiri tekna til að loka fjárlagagatinu og mun þess vegna ekki auka stuðning við lágtekjufjölskyldur, afnema vörugjöld eða stilla samræmingu skattþrepanna þannig af að ríkið og neytendur komi út á sléttu.

Í skýrslu AGS um hugsanlegar breytingar á skattkerfinu, sem út kom í fyrra, viðurkenna höfundarnir að hækkun neðra þrepsins í virðisaukaskatti myndi valda aukinni verðbólgu og hækkandi skuldum almennings. „Hins vegar eru allar skattahækkanir líklegar til að leiða til verðhækkana á einhverjum punkti í framtíðinni," stendur þar.

Þar stendur hnífurinn einmitt í kúnni. Eftir að málið komst í hámæli hafa forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar keppzt við að sverja af sér að þeir hyggist gera breytingar á virðisaukaskattinum „að svo stöddu". Aðrar skattahækkanir, hvort sem er á launþega eða fyrirtæki, munu hins vegar fyrr eða síðar hafa sömu áhrif. Hluti þeirrar launahækkunar sem um samdist í kjarasamningum og ríkisstjórnin lofaði að láta í friði, yrði þannig tekinn aftur í ríkissjóð, bara með öðrum aðferðum.

Ríkisstjórnin verður að gera sér grein fyrir að skattaleiðin er lokuð. Hún verður annars vegar að skera meira niður í ríkisrekstrinum og hins vegar að auka tekjur ríkisins með því að örva umsvif, framkvæmdir og fjárfestingu. Til þess þarf ríkisstjórnin nýja stefnu, sem er vinsamlegri atvinnulífinu. Hún á að verja tíma og orku í slíka stefnumótun í stað þess að liggja yfir hugmyndum um nýja eða hærri skatta.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871



AUGLÝSINGAR Í SÉRBLÖÐUM

Sérblöð Fréttablaðsins eru fjölbreytt og höfða til fólks á öllum aldri. Fjöldi mismunandi sérblaða kemur út í hverjum mánuði. Leitaðu ráða hjá ráðgjöfum okkar um hvar auglýsingin þín nær best til markhópsins.

AUGLÝSING Í SÉRBLÖÐUM SKILAR ÁRANGRI!

Ívar Örn Hansen
S: 5125429 ,
gsm 6154349
ivarorn@365.is

Sigríður Dagný
S: 5125462,
gsm 8233344
sigridurdagny@365.is

Sigríður Hallgríms
S: 5125432,
gsm 6924700
sigridurh@365.is

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA
2001-2011
FRÉTTABLAÐIÐ

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Verðið var það heillin

Einar K. Guðfinnsson er skeleggur stjórnmálamaður og er óhræddur við að setja fram skoðanir sínar, sem er vel. Í grein í Fréttablaðinu í gær agnúast hann út í umræðu um útflutning landbúnaðarvara og segir að margir vilji gera hann tortryggilegan. Útflutningur sé af hinu góða og skapi tekjur fyrir samfélagið. Það er allt saman satt og rétt. Umræðan um útflutninginn hefur hins vegar fyrst og fremst snúist um fjórðungshækkun á afurðaverði til bænda, en formaður Landssamtaka sauðfjárbænda hefur vísað til aukins útflutnings sem rök fyrir henni. Það er hækkunin sem menn gagnrýna, því hún getur skilað sér í hærra vöruverði til almennings. Og það er neikvætt, en ekki jákvætt.



### Ofstæki í gagnrýni á ofstæki

Brynjar Nielsson skrifaði grein á Pressuna þar sem hann talaði gegn Femínistafélagi Íslands og meintu ofstæki þess. Í gagnrýni sinni á ofstækið sagði hann félagið ekkert annað en deild í VG, en hefur nú beðist velvirðingar á því. Hann hefði kannski átt að minnka ofstækið í ofstækisgagnrýninni.



### Lýðskrumsgagnrýnandinn

Þráinn Bertelsson þingmaður hefur oft gagnrýnt kollega sína fyrir lýðskrum og oft verið rökfastur í máli sínu. Nú hefur hann hótað því að styðja ekki fjárlögin að fullu, fái Kvikmyndaskóli Íslands ekki rekstrarfé. Skólinn er einkaskóli sem hefur vaxið umtalsvert og óskar nú eftir meira fé úr ríkissjóði. Og nú veltur stuðningur þingmannsins, kvikmyndagerðarmannsins og lýðskrumsgagnrýnandans Þráins á fjárútlátum ríkisins til einkaskóla.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Sú er mín bæn

Samfélagsmál



Kjartan Jóhannsson
fyrrv. formaður Alþýðuflokksins

Ég drúpi höfði og græt með Noregi, aðstandendum, vinum og þjóðinni allri. Aldrei fyrr hef ég þurft að syrgja svo marga unga menn og konur í blóma lífsins, deydd fyrir áhuga sinn á að bæta heiminn, sitt eigið samfélag og afnema misrétti hvarvetna þar sem það birtist.

Þessi hugsjón er sterk, henni fær ekkert haggað. Ódæðisverkið verður að vera hvatning til þess að virða hugsjónina og gera betur. Aðeins þannig verður rétt við brugðist og minningu unga hugsjónafólksins sómi sýndur.

Vondir atburðir sem stefnt er gegn hinu góða, skilningi okkar á hvert öðru og viðleitninni til þess að brúa bil, mega ekki hrekja okkur af leið.

Öllu fremur verða hinir hörmulegu atburðir í Noregi að efla okkur öll, ekki bara í Noregi, heldur hvarvetna, til þess að vinna gegn skorti á umburðarlyndi og í andstöðunni við ofstopa, þjóðháttarembu og afsprengi þeirra í kynþáttahatri og ofbeldi.

Ungmennamorðin í Noregi eru verk vitfirrts manns, en hugarfarið fann sér einhvern veginn vaxtarskilyrði. Gegn slíkum jarðvegi verður að bregðast, hvar sem hann birtist. Öfgafull umræða, hróplegar einkunnir um vondar eigindir þeirra sem eru á annarri skoðun en skríbentinn geta spillt samfélaginu og vísað þeim sem öfgar hrífa í vondan stað og illar gerðir. Þess vegna er okkur öllum skylt að gæta hófs í orði og æði.

> Ungmennamorðin í Noregi eru verk vitfirrts manns, en hugarfarið fann sér einhvern veginn vaxtarskilyrði. Gegn slíkum jarðvegi verður að bregðast, hvar sem hann birtist.

Ég veit að hatrið og hefndin eru eðlileg viðbrögð við unglingamorðunum. Það má samt ekki taka völdin yfir hugum okkar og hjörtum. Hugsjónir fórnarlambanna eru huggunin, ekki viðhorfið til hins illa geranda. Bæn mín er sú, að Norðmenn, Íslendingar og allir hinir skilji þetta og tileinki sér.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Kjötverð, beingreiðslur, útflutningur og matvælaöryggi

Landbúnaður

Þórólfur Matthíasson

prófessor í hagfræði við HÍ



Íslenskir neytendur og íslenskir kjötsalar lenda í verulegum hremmingum vilji þeir flytja inn erlent kjötmeti. Íslenskum bændum er hins vegar frjálst að flytja út kjöt eftir því sem tollasamningar og almenn skilyrði aðflutningslanda tilgreina. Íslenskir bændur hafa því val um hvort þeir setji framleiðslu sína á innlendan markað eða erlendan. Þriðji möguleikinn, sem einnig hefur verið gripið til er að halda kjötinu frá markaði með því að farga því. Ríki og bændasamtök hafa gert með sér samning um að styðja kindakjötsframleiðslu með ríflega fjögurra milljarða króna framlagi á hverju ári. Ekki eru í gildi svipaðir samningar um aðra kjötframleiðslu. Samkvæmt grein 3.1 í þeim samningi skulu stjórnvöld styðja framleiðslugetu upp á 368.547 ærgildi. Á vef bændasamtakanna (http://bondi.is/Pages/194) er tilgreint að umreiknað til kílógramma kjöts jafngildi ærgildi 18,2 kílóum af dilkakjöti á ári. Í gildandi samningi er framleiðslukvaðarákvæði: Verði fjöldi vetrarfóðraðra kinda færri en 0,6 á hvert ærgildi sem hverjum sauðfjárbónda er markað með svokölluðu greiðslumarki skerðast beingreiðslur. Þannig gerir samningurinn það hagkvæmara en ella að halda uppi agnarlitlum og óhagkvæmum búum, hvetur til sauðfjárhalds og er því framleiðsluhvetjandi.

### Innlent verð 10-20% of hátt?

Íslenskir skattgreiðendur borga sauðfjárbændum fjóra milljarða króna gegn því að sauðfjárbændur framleiði sem svarar 6.700 tonnum af kindakjöti árlega. Á árinu 2010 var framleiðslan gott betur eða 9.200 tonn. Samkvæmt þessu mætti ætla að útflutningur hefði numið 2.500 tonnum. En sú varð ekki raunin. Útflutningurinn var 600 tonnum meiri eða sem jafngildir 3.100 tonnum af óunnu kjöti. Þannig halda bændur 10% af umsömdu magni utan markaðarins. Ætla má að verð á kindakjöti á innlendum markaði væri 10-20% lægra en það nú er, hefði ekki komið til þessa umframútflutnings á kindakjöti.

### Einhliða skuldbindandi samningur?

Kjörnir talsmenn sauðfjárbænda hafa haldið því fram að þar sem umreikningsstuðullinn 18,2 kíló á ærgildi sé ekki tilgreindur í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar eigi hann ekki við og að í raun sé ekki um nein töluleg markmið að ræða! Þeir virðast álíta að skattgreiðendur séu tilbúnir til að afhenda fjóra milljarða króna árlega án þess að fyrir liggi einhver skuldbinding af hálfu móttakanda fjárins! Þannig er ekki hægt að ráðstafa skattpeningum almennings. Það skal hins vegar viðurkennt að það hlýtur að falla undir slaka embættisfærslu af hálfu þeirra sem gerðu samning um skilyrði sauðfjárræktar á sínum tíma að hafa ekki fylgt því eftir að bændur stæðu við sinn hluta samningsins og seldu 6.700 tonn af kindakjöti á innlendum markaði árlega. En fátt er svo með öllu illt að eigi megi gott úr gera: Alþingi gæti ákveðið að skerða greiðslur til sauðfjárbænda um þriðjung (33,3%) á þeim forsendum að þeir hafi ekki uppfyllt sinn hluta búvörusamnings. Það myndi spara ríkissjóði útgjöld upp á um 1,2 milljarða króna á ári.

> Hverjar yrðu beingreiðslur til bænda væri ekkert selt á innanlandsmarkaði og allt kindakjöt flutt út?

### Beingreiðslur sem ígildi útflutningsbóta

Ég benti á það í blaðagrein fyrir skömmu að vegna þess að bændur flytja út hluta þess kjöts sem þeir ættu að bjóða á innanlandsmarkaði greiddu íslenskir skattgreiðendur niður kjöt fyrir erlenda neytendur. Talsmenn bænda hafa mótmælt þessu og rökstutt mál sitt með því að segja að beingreiðslur myndu ekki aukast væri ekkert flutt út. En horfa má á málið frá fleiri hliðum og spyrja: Hverjar yrðu beingreiðslur til bænda væri ekkert selt á innanlandsmarkaði og allt kindakjöt flutt út? Ætli íslenskir skattgreiðendur myndu líða íslenskum stjórnmálamönnum og íslenskum ráðherrum að greiða sauðfjárbændum fjóra milljarða króna árlega fyrir slíka iðju? Sagt með öðrum orðum: Beingreiðsluvilji íslenskra skattgreiðenda hlýtur að helgast af umfangi útflutnings kindakjöts!

### Matvælaöryggi í bráð og lengd

Talsmenn bænda og ráðherrar landbúnaðarmála hafa gjarnan rökstutt háa styrki til landbúnaðar með vísan til matvælaöryggis. Satt er það að sumt af því sem framleitt er í sveitum landsins endar á endanum á borðum landsmanna. En til þess að framleiða þennan mat þarf ógrynni af erlendum aðföngum. Olía og áburður eru mikilvægustu aðföngin sem flytja þarf erlendis frá. Samgöngur og flutningar eru lykilatriði í fæðuöryggi eyþjóðar í þúsund kílómetra fjarlægð frá næstu uppskipunarhöfnum. Fæðuöryggi slíkrar þjóðar hlýtur eðli máls samkvæmt að vera meira á borði utanríkisráðherra en landbúnaðarráðherra komi til samgöngutruflana við útlönd. Skiptir engu hvort slíkar truflanir verða vegna náttúruhamfara eða vegna styrjaldarástands. Þegar til lengri tíma er litið snýst fæðuöryggi og matvælaöryggi um sjálfbærni. Landbúnaður hefur ekki verið stundaður með sjálfbærum hætti á Íslandi í aldanna rás. Þvert á móti. Íslenska þjóðin á enn býsna mikla skuld að gjalda landinu vegna ofbeitar og ofnýtingar undangenginna alda. Nokkuð hefur þokast fyrir tilstuðlan fjárframlaga skattborgaranna og með ötulu starfi opinberra landbætingastofnana. Það væri býsna grátlegt yrði þeirri iðju allri steypt í voða með því að flytja íslensk heiðarlönd út í stærri stíl en nú er í formi niðurgreidds dilkakjöts.

### Niðurlag

Endurskoða þarf markmið og framkvæmd búvörustefnunnar. Bændum eru greiddar gífurlega háar fjárhæðir en markmiðin með þeim samningum sem við þá eru gerðir eru óljós og illa skilgreind. Það er ekki í takt við góða stjórnsýslu svo ekki sé tekið dýpra í árinni. Þá samrýmast aðgerðir samkvæmt búvörusamningum illa markmiðum um sjálfbærni og framtíðar fæðuöryggi. Frá sjónarhóli skattgreiðanda er ekkert hægt að finna sem réttlætir þau fjárútlát sem samningunum fylgir.

# Leiðrétting

Ný stjórnarskrá

Haukur Arnþórsson

stjórnsýslufræðingur



Þriðjudaginn 9. ágúst birtist í Fréttablaðinu grein eftir Þorkel Helgason um gagnrýni mína á kosningakerfi stjórnlagaráðs. Áður hafði Pawel Bartoszek gert gagnrýni mína að umtalsefni meðal annars á Pressunni. Báðir voru þeir í stjórnlagaráði. Á orðum þeirra vil ég gera eftirfarandi leiðréttingu:

Ég hef í ræðu og riti mælt fyrir um jafnt vægi atkvæða í nokkur ár. Það er því ómaklegt að gera mér upp aðrar skoðanir. Jafnvel má segja að Þorkell kasti steini úr glerhúsi vegna aðildar hans að eldri kerfum.

Ég hef hins vegar mótmælt því að tengja saman jafnt vægi atkvæða og niðurfellingu eða veikingu kjördæmaskiptingar. Ég tel að niðurfelling kjördæma að hluta eða í heild geti brotið í bága við alþjóðleg sjónarmið um stöðu almennings í lýðræðisríkjum eftir búsetu og ég tel að félagslegur breytileiki eftir búsetu sé meðal annars grundvöllur kjördæmaskiptingar. Um þetta þarf ekki að deila og ómaklegt að snúa út úr þessum orðum.

Þá hef ég gagnrýnt persónukjörið og komið með tillögur um áhrif þess og tel að það framkvæmist allt öðru vísi hér en í Finnlandi og Írlandi. Vegna þess á hvaða tímum við lifum og þá á ég við áhrif netsins og vegna þeirra áhrifa sem prófkjörin hafa þegar haft. Það er að mínu viti mjög mikilvægt verkefni fyrir lýðræðið á Íslandi að styrkja stjórnmálaflokkana.

ÚTSALA
ÚTIVISTARFATNAÐUR 30-60% AFSLÁTTUR
REIÐHJÓL 30% AFSLÁTTUR
GÖNGUSKÓR 20-40% AFSLÁTTUR
VEIÐIDEILD 20-50% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VEÐIVÖRUM
BAKPOKAR-SVEFNPOKAR 30% AFSLÁTTUR
TJÖLD 20-40% AFSLÁTTUR
50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LÍNUSKAUTUM
EVEREST
FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

# Hönnun fangelsis

Fangelsismál

Jóhannes Þórðarson

deildarforseti hönnunar- og arkitektúrdeildar LHÍ



Það er sérstakt gleðiefni að vita til þess að ráðherra í ríkisstjórn Íslands hefur kynnt sér menningarstefnu í mannvirkjagerð – stefnu íslenskra stjórnvalda í byggingarlist sem samþykkt var á vormánuðum 2007. Innanríkisráðherra minnist í nýlegri blaðagrein á „sérfræðinga á vegum stjórnarráðsins“ þegar hann kýs að ræða um útfærslur við undirbúning fangelsisbyggingar á vegum ríkisins, án þess þó að tilgreina hverjir „sérfræðingarnir“ séu. Miðað við það hvað menningarstefnan leggur skýra áherslu á gæði og þróun byggingarlistar koma viðhorf „sérfræðinga á vegum stjórnarráðsins“ til stefnunnar á óvart. Það er því nauðsynlegt að benda ráðherra á markmið stefnunnar og ábyrgð þeirra sem eftir henni eiga að starfa.

Stefnan snýst ekki bara um að nota reglugerðir, staðla, samningsform og hagsmunagæslu sem mælikvarða á gæðum. Hún snýr að því að virða fagmennsku og er skrifuð út frá grunngildum arkitektúrs um að hugmyndafræði og fagleg gæði fái að lifa og njóta sín til fulls. Stefnan leggur út frá grunngildum lista, tækni og notagildis þar sem áhersla er lögð á að nota tungumál forma og hlutfalla til að kalla fram tengingar í verðmætamati kynslóðanna hvort sem er í efni, formi, rými eða hughrifum. Þessu markmiði náum við ekki með fyrirbæri sem tröllríður kerfinu og nefnist alútboð.

Arkitektúr og hönnun hafa það hlutverk að breyta til batnaðar. Sú aðferðafræði sem þar er beitt byggir jöfnum höndum á rannsókn, rökhugsun, afstöðu, fagurfræði, innsæi og ímyndunarafli. Sem sagt – gæði heildarupplifunar. Það er markmið stefnunnar að takast á við óvenjulegar aðstæður og kalla þannig fram lausnir sem gagnast heildinni og skipta samtímann og ekki síst framtíðina máli. Við búum við kjöraðstæður í samfélagi þjóðanna til að þróa góðar hugmyndir, til að efla umhverfisvernd, orkunýtingu og til að upphefja margbreytileikann – bæta manngert umhverfi. Besta og lýðræðislegasta leiðin í þeirri viðleitni er að setja sem flest verkefni í opnar samkeppnir. Þannig gætum við t.d. kallað fram nauðsynlega og áhugaverða umræðu um hvað fangelsi sé í raun og veru fyrir íslenskt samfélag (sumir hafa talað um geymslu!). Ólíkt alútboðsleiðinni þá tryggir opin samkeppni öllum tillögurétt. Það er einfaldlega meiri hætta á að alútboðsleiðin setji öllum þrengri skorður, og leiði til hugarleti. Alútboð getur aldrei komið í staðinn fyrir faglegt innsæi og alútboð tryggir ekki aðkomu yngri hönnuða.

Það er ljóst að til að framfylgja menningarstefnunni þurfa þeir opinberu aðilar sem málið varðar að bera saman markmið stefnunnar og störf ríkisstofnana sem bera ábyrgð á útfærslunni. Vissulega gæti þurft að fara yfir ólík

> Besta og lýðræðislegasta leiðin í þeirri viðleitni er að setja sem flest verkefni í opnar samkeppnir.

sjónarmið og freista þess að koma framkvæmdamálum ríkisins í farveg sem tekur mið af kjarngóðum og innihaldsríkum markmiðum um fagleg gæði. Ef opinberir aðilar eru ekki vissir um við hvað er átt, þá er um að gera að leita til fagaðila sem geta veitt skýra og greinargóða leiðsögn, með það að markmiði að við upphefjum fagleg vinnubrögð við mótun og útfærslu góðra hugmynda í arkitektúr á Íslandi.

Það er mikilvægt að við snúum bökum saman og minnum alla á sem málið varðar að taka stefnuna alvarlega. Það er einfaldlega grátlegt að horfa upp á það, að stefnunni sé ekki haldið á lofti, og henni sé ekki framfylgt. Það er of mikið í húfi! Okkur ber skylda til að bregðast við. Peningahyggjan verður að láta undan og vondar ákvarðanir um alútboð og einkaframkvæmdir á vegum hins opinbera eiga að heyra sögunni til. Það eru til miklu betri mælikvarðar á samfélagsleg og umhverfisleg gæði en peningar.

# Hótel Valhöll – frá berjatínslu til brúðkaupsnátta

Þingvellir

Vilborg Halldórsdóttir

leikkona og leiðsögumaður



Nú auglýsir Þingvallanefnd eftir hugmyndum landsmanna um það hvernig fólk vill sjá Þingvallasvæðið í framtíðinni. Ég hef starfað sem fararstjóri mörg undanfarin ár og kem því reglulega til Þingvalla með ferðamenn. Í Þingvallasveit hef ég einnig dvalið hvert sumar enda afi minn fæddur og uppalinn í sveitinni.

Það eru aðallega tvö atriði sem ég tel skipta meginmáli í sambandi við framtíðaruppbyggingu á Þingvöllum:

Að ekki verði byggt meir á svonefndu Haki sem er yfirleitt fyrsti viðkomustaður gesta á Þingvöllum. Vernda ber þessa aðkomu enda er hún einstök í veröldinni. Hvergi í heimi sjást flekaskilin betur og væri það til vansa ef þar yrði farið að hrúga niður upplýsingamiðstöðvum þótt lágreistar yrðu. Því vara ég sérstaklega við áformum um meiri uppbyggingu þar, því aðkoman þar er stórkostleg, ég leyfi mér að segja einstök. Fólk sem kemur þarna í fyrsta sinn grípur andann á lofti. Því hefi ég ótal sinnum orðið vitni að. „Vernda skal náttúrulega ásýnd svæðisins“ segir í Aðalskipulagi fyrir svæðið.

Þessi staður, Þingvellir, var upphaflega valinn til að vera samkomustaður þjóðarinnar og hjarta hennar. Þarna skyldu menn safnast saman, ráða sínum ráðum og dvöldu oftlega þar tvær vikur í senn. Enda vildi Jónas Hallgrímsson að þar yrði þingið endurreist og varð tíðrætt um anda Þingvalla.

Þegar Hótel Valhöll brann í júlí 2009 var ekki lengur hægt að gista í þjóðgarðinum nema í tjaldi, engar giftingarveislur, fermingarveislur, stórafmæli eða skírnarveislur var lengur hægt að halda þar. Enginn samkomustaður var þarna lengur til að fagna stóru stundunum í lífinu á sjálfum samkomustað þjóðarinnar frá aldaöðli. Þegar hugað er að uppbyggingu þjónustu þarna, þarf að hafa í huga hvert menn vilja beina gestum. Fyrir Alþingishátíðina 1930 var gistiskálinn á Þingvöllum sem áður hafði verið staðsettur við sjálfa Þingvellina, fluttur undir hamarinn þar sem Hótel Valhöll stóð þar til það brann. Þetta var gert að undirlagi þáverandi húsameistara ríkisins, Guðjóns Samúelssonar. Skálinn sá hafði verið byggður af vanefnum og sífellt klastrað við. Þarna hafði aldrei verið byggt af reisn og vandað til verks.

Í þau óteljandi skipti sem ég hef staðið á Hakinu svonefnda og sýnt ferðamönnum dýrðina sem við blasir; flekaskilin við Hrafnabjörg, Þingvellina, Lögberg, gamla Þingvallabæinn, vatnið … og svo þegar ég segi að hér sé líka gamalt hótel, þá bregst það ekki að hóparnir segja allir sem einn: Hvar!?

Þar liggur snilld Guðjóns Samúelssonar. Hann velur þjónustuskálanum sem síðar varð að Hótel Valhöll þann stað hvar hann fellur best inn í umhverfið og tekur ekkert frá náttúrulegri ásýnd svæðisins. Eiginlega er ekki hægt að sjá hótelið fyrr en ekið er upp að því. Græn hallandi þökin féllu að lit landslagsins og burstirnar kölluðust á við burstir gamla bæjarins. Hvað ætla menn að gera ef gamli Þingvallabærinn brennur? Banna að endurbyggja – af því staðurinn er á heimsminjaskrá. Ég vek athygli á því að það eru 936 staðir í heiminum á heimsminjaskrá Unesco ( sjá „World Heritage List“) og orðið þjóðgarður þýðir ekki að staðurinn eigi að vera eins og múmía í glerskáp á safni. Kynnið ykkur hvernig Skotar skilgreina sína

> Því legg ég til að Hótel Valhöll verði endurreist í látleysi sínu á sama stað og því var valinn staður árið 1930. Byggt skal í sama stíl en að þessu sinni vandað til verka eins og gert var á brunareitnum svonefnda á horni Austurstrætis og Lækjargötu.

þjóðgarða, sjá Cairngorms og The Trossachs og Loch Lomond National parks. Að sjálfsögðu vilja allir umgangast Þingvelli af virðingu og alúð. En staðurinn má ekki bara vera fyrir útlendinga sem dvelja þar í 45 mínútur af ævi sinni. Þetta er líka okkar staður og þar viljum við geta komið oft og í allskyns erindagjörðum, allt frá berjatínslu til brúðkaupsnátta.

Því legg ég til að Hótel Valhöll verði endurreist í látleysi sínu á sama stað og því var valinn staður árið 1930. Byggt skal í sama stíl en að þessu sinni vandað til verka eins og gert var á brunareitnum svonefnda á horni Austurstrætis og Lækjargötu. Í hótelinu yrði safnaðstaða og öll sú menningartengda ferðaþjónusta sem menn telja að þurfi að vera til staðar á Þingvöllum, þar sem hjarta þjóðarinnar slær.

100.000.000
+800.000.000

900.000.000

ÞÚ TALDIR RÉTT:
900 MILLJÓNIR



Fyrsti vinningur stefnir í 100 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 800 milljónir.

**Ekki gleyma að vera með!**
**Fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ

ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 10. ÁGÚST 2011

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

Fíton/SÍA

# Eirberg

## Betra loft

### Air-O-Swiss rakatæki

- Bætir rakastig
- Hreinsar ryk og grófar agnir úr loftinu
- Bakteríuvörn í vatnstanki
- Auðvelt í notkun og umhirðu
- Hljóðlátt



### Airfree lofthreinsitæki




- Eyðir frjókornum og öðrum ofnæmisvöldum
- Vinnur gegn myglusveppi og ólykt
- Eyðir bakteríum og vírusum
- Hljóðlaust og sjálfhreinsandi
- Hæð aðeins 27 cm

## BAUERFEIND® Viðurkenndar stuðningshlífar

- Veita góðan stuðning
- Vandaður vefnaður
- Góð öndun
- Einstök hönnun
- Viðurkennd gæði
- Fjölbreytt úrval



### Æfingavörur

Bjóðum nú gott úrval af Sissel æfinga- og heilsuvörum.

- Æfinga og yogadýnur
- Boltar
- Jafnvægisbretti
- Nuddrúllur
- Hita- og kælibakstar




### Nálastungudýna



Eykur blóðflæði
Minnkar vöðvabólgur
Dregur úr höfuð-, háls- og bakverkjum
Veitir slökun og bætir svefn
Notkun 10-20 mínútur í senn

## Betri líðan

Í sumar er opið virka daga frá kl. 9 - 18 • Eirberg ehf. • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

# Trúmál og tungumál

Menning



**Magnús Magnússon**
rannsóknaprófessor við H.Í

Fyrir forvitni sakir sótti ég nýlega trúarsamkomu í fullsetnu 1.000 manna Háskólabíói. Þar sáust engin fræg andlit ríkisvalds, fjármála eða ríkistrúmála, hvorki prestar né prófastar. Hvert orð í langri þrumuræðu bandaríska spámannsins var þýtt jafnóðum á íslensku og styrkur hljóðkerfisins nýttur til fulls. Aðeins örfáir virtust skilja nokkuð í ensku. Spámaðurinn var mjög skörulegur enda sagður einn sá vinsælasti á Omega sjónvarpstöðinni, sem nú sendir hér út slíkt efni íslenskað allan sólarhringinn. Hann fullyrti m.a. að Guð hefði sjálfur talað til sín beint að vanda fyrr um daginn og verið mjög jákvæður varðandi þessa tímamótasamkomu í Háskólabíó, talið hana afgerandi mikilvæga fyrir Íslendinga og fyrirkomulag til fyrirmyndar. Dýrð hans (Guðs) myndi m.a. birtast þar.

Sú dýrð birtist þó einungis í því að nokkrir úr innsta hring duttu á sviðinu er spámaðurinn hrópaði framan í þá. Aðrir utan úr sal duttu ekki. Ég hafði búist við meiru. Áköf fjáröflun hófst í upphafi samkomunnar og voru síðustu 15-20 mínúturnar í algleymingi við öflugan undirleik popphljómsveitar og m.a. meðlimir Krossins hvöttu ákaft. – Var hér ekki jafnvel skírt og fermt fólk misnotað? Mótstaða gegn síbylju trúmangara er þó hverfandi lítil og guðfræðingur við HÍ tjáði mér að líkindin við hina ríkisreknu kirkju væru of mikil til að hún gæti aðhafst; stofnun, sem árlega heldur að nær öllum þrettán ára börnum trúarsamningi („játningu") frá myrkum tímum hindurvitna og vanþekkingar.

Á vefsetri Rannsóknastofu um mannlegt atferli, sem ég stýri við Háskóla Íslands, hef ég nú sett upp, m.a. sem örlítið mótvægi, lista yfir nýlegar bækur og fyrirlestra á ensku eftir úrvals fræði- og vísindamenn um trúmál, að mestu fyrir almenning: www.hbl.hi.is/religion (með slóðum á Amazon og YouTube). – Hverjar eru rætur og hlutverk trúar og trúarhegðunar? Eftir aldalanga umfjöllun, skelfilegar trúarbragðastyrjaldir og ólýsanlegar pyntingar virtist árangurinn óljós. En tuttugasta öldin hefur séð ótrúlega aukningu mannlegrar þekkingar, nánast sprengingu. Fyrir um 2.000 árum (þegar um 90% voru ólæs) mátti koma allri stærðfræðiþekkingu mannsins fyrir í tveimur bókum, við upphaf 20. aldar í 18 bókum, en við lok 20. aldar þurfti hundrað þúsund bækur.

Svipað gildir um ótal önnur svið vísinda. Mörg svið atferlisvísinda svo sem atferlislíffræði, sálarfræði, mannfræði, taugalíffræði, hugfræði og félagsfræði veita nú sífellt betri skilning á innri og ytri orsökum mannlegra upplifana og atferlis svo sem trú fólks á tilveru (yfirnáttúrulegra, ósýnilegra) ofurvera og margvíslegt inngrip þeirra í daglegt líf. Meðal óteljandi dæma í okkar heimshluta er ofurvera (guð) kennd við gyðinga, sem síðar einnig varð ofurvera kristinna og múhameðstrúarmanna. Slík ríkistrú ógnarstjórna í nánast ólæsri og mannréttindasnauðri forneskju, nýtur enn furðu oft stuðnings ríkisvalds, enda gjarnan gagnkvæmur eins og hér sést m.a. við opnun Alþingis, en skjaldarmerki og fjöldi króna innan um krossa dómkirkjuturnsins sýnir aldalangt samkrull kóngs og kirkju. – Sauðir og liljur vallarins mótmæla jú seint og má fórna og fella að vild. Ofbeldi, trúarbrögð og síðan peningar eru meðal elstu og öflugustu atferlisstjórnunartækja mannkyns.

En hvað koma tungumál þessu við? Gerð ofannefnds bóka- og fyrirlestralista beindi athyglinni að víðtækri þekkingarlegri einangrun þeirra, sem ekki valda að gagni neinu af helstu tungumálum heims og eru bundnir við íslenskuna eina. Aðgangur almennings að stöðugum straumi nýrrar þekkingar og upplýsinga af öllu tagi er háður tilsvarandi straumi skiljanlegrar umfjöllunar, sem sífellt birtist á stórtungumálum eftir úrvals fræði- og vísindamenn, en nær ekkert á íslensku. Þetta virðist gilda á öllum sviðum þekkingar. – En gerir það nokkuð til? Geta hvort eð er ekki allir Íslendingar lesið og skilið t.d. ensku?

Ef meta má af nýlegum innlendum og erlendum könnunum varðandi slæma stöðu almennrar menntunar hér, geta líklega langtum færri en helmingur Íslendinga (sumir segja minna en 20%) skilið að gagni upplýsandi efni á erlendu tungumáli, hvort sem er af bók, í sjónvarpi (t.d. Discovery og National Geographic stöðvarnar, BBC, CNN, Al Jazeera, o.s.frv.) eða á veraldarvefnum. – Samtímis útvarpa ljósvakamiðlar trúmangara (Omega, Lindin, o.fl.) allan sólarhringinn íslenskuðu ofsatrúarefni hins bandaríska biblíubeltis m.a. inn á þau heimili, sem síst mega við því.

Ofan á bætist að bækur, sem ekki hafa verið þýddar á íslensku – sem eru og verða nánast allar heimsins bækur – eru nær aldrei nefndar, hvað þá auglýstar eða ræddar, jafnvel þó um alþjóðlegar metsölubækur sé að ræða. Í heimi 7.000 milljóna manna, skilja minna en 0,5 milljónir íslensku, þar af flestir hana eina. Mikilvæg ný þekking og umræða meðal menningarþjóða birtist hér oft ekki eða í mýflugumynd og í þekkingarlegu tómarúmi. Með öfugsnúinni tölfræði er samt gjarnan talað um mikla bókaþjóð, en þjóðernisást á villigötum, sjálfsvirðing á fölskum grunni, er þó óþörf og skaðleg.

> Hversu lengi getur mikill meirihluti þjóðar verið hafður að fífli af fámennum minnihluta? Sagan svarar því miður skýrt: Óskaplega lengi.

Aldalöng niðurlæging undirþjóðar í eigin landi, vanrækt almenn menntun og ástkært en einangrandi móðurmál – áður lykill að frelsi – skýra e.t.v. hversu margt má enn bjóða okkar þjóð. Makalaust dæmi eru hin séríslensku mismununar nafnalög, ættuð frá niðurlægingartímum þjóðarinnar, sem þrautreyndur og orðvar hæstaréttarlögmaður kallaði nýlega „algerlega siðlaus". Hversu lengi getur mikill meirihluti þjóðar verið hafður að fífli af fámennum minnihluta? Sagan svarar því miður skýrt: Óskaplega lengi.

Í heimi nútíma þekkingarþjóðfélaga er menningarleg einangrun hættuástand, sem auðveldlega erfist og því virðist nú mannréttindakrafa, að þar sem móðurmálið er örtunga, standi öllum til boða að ná einnig fullum tökum á a.m.k. einu stórtungumáli.

# Félagsráðgjafar vilja betri kjör

Kjaramál



**Þórhildur Egilsdóttir**
félagsráðgjafi

Félagsráðgjafar hjá Reykjavíkurborg felldu kjarasamninginn sem þeim var boðinn í byrjun sumars. Þetta kemur ekki á óvart því félagsráðgjafar eru fagstéttin sem hefur hvað mest fundið fyrir afleiðingum kreppunnar í sínu starfi. Æ fleiri borgarbúar hafa þurft að leita aðstoðar og róðurinn hefur þyngst hjá þeim sem áttu í erfiðleikum fyrir. Vinnuálagið á velferðarsviði jókst gríðarlega í kjölfar efnahagshrunsins, á sama tíma sem fjárhagur borgarinnar versnaði og aðhaldsaðgerðir settu mark sitt á reksturinn.

Félagsráðgjafar eru í framvarðasveit borgarinnar á sviði velferðarþjónustu og hitta augliti til auglitis þá sem þangað leita eftir úrlausn sinna mála. Þeir hafa fimm ára háskólanám að baki og þekkingargrunnur þeirra byggir á umfangsmikilli rannsóknavinnu, kenningum og starfsþjálfun. Heildarsýnin á samspil einstaklinga og stofnana samfélagsins er þungamiðja félagsráðgjafar.

Sérfræðiþekking félagsráðgjafa er algjör nauðsyn þegar veita á velferðarþjónustu á sveitarstjórnarstigi. Verksvið félagsráðgjafa er að sjá um fjárhagsaðstoð og félagslega heimaþjónustu, sinna málefnum barna og ungmenna og veita þjónustu til handa öldruðum og fötluðum. Þeir vinna að húsnæðismálum og vanda tengdum áfengi og vímuefnaneyslu. Starf þeirra snýst um að greina og meta félagslegan vanda, veita ráðgjöf og setja inn viðeigandi úrræði. Unnið er samkvæmt lögum, reglum og verklagsreglum sviðsins og faglegri þekkingu er beitt við úrlausn mála. Verkefnin eru þess eðlis að stjórnendur geta ekki fyrirfram skilgreint hvað á að gera í hverju tilviki eða hvernig beri að takast á við vandann. Félagsráðgjafar meta í samráði við umsækjendur hvers þeir þarfnast og taka afstöðu til hversu mikla þjónustu hægt er að veita. Það fylgir ávallt mikil ábyrgð að grípa inn í daglegt líf fólks á þennan hátt.

Hlutverk félagsráðgjafa er ekki einungis bein vinna með notendum heldur líka að miðla þekkingu um félagslegar aðstæður til yfirvalda. Þeir fá upplýsingar frá fyrstu hendi um hvernig þjónustan nýtist og hvað megi fara betur. Út frá reynslu sinni í starfinu geta þeir lagt sitt af mörkum til að upplýsa hvaða þörfum hið opinbera á að sinna, hvaða lífskjör eigi að tryggja og hvernig forgangsraða eigi litlu fjármagni þegar lögmætar þarfir eru margar.

Velferðarmál eru pólitísk í eðli sínu og gildi og áherslur geta verið breytilegar eftir því hvaða flokkar eru í meirihluta í borginni á hverjum tíma. Við framkvæmd þjónustunnar er einnig stuðst við gildi sem eru álitin mikilvæg á sviði fjármála og stjórnunar. Þetta hefur áhrif á starfsumhverfi félagsráðgjafa. Gildin geta verið tvíbent og það þarf að túlka þau og heimfæra á raunverulegar aðstæður. Félagsráðgjafar verða að taka afstöðu til siðferðilegra álitamála um hvað sé rétt að gera og hvað sé nægilegt. Þeir þurfa ráðrúm til íhugunar þegar ákvarðanir, sem skipt geta sköpum í lífi hins almenna borgara eru teknar. Þessar ákvarðanir snerta fjármuni allra borgarbúa og því brýnt að vanda til verka. Því má félagsráðgjöf aldrei vera afgreiðsla, unnin í flýti eða færibandavinna sem fer fram undir óhóflegu álagi.

> Félagsráðgjafar meta í samráði við umsækjendur hvers þeir þarfnast og taka afstöðu til hversu mikla þjónustu hægt er að veita. Það fylgir ávallt mikil ábyrgð að grípa inn í daglegt líf fólks á þennan hátt.

Sérfræðiþekking á sviði velferðarþjónustu er aldrei mikilvægari en á tímum þrenginga og niðurskurðar. Félagsráðgjafar hjá Reykjavíkurborg eru lykilstarfsmennirnir sem tryggja að borgarbúar fái þá lögbundnu þjónustu sem þeir eiga rétt á. Því er mikilvægt að velferð þeirra sjálfra sé höfð í fyrirrúmi, eigi þeir að geta veitt góða, faglega þjónustu. Þetta verða forsvarsmenn borgarinnar að skilja og koma til móts við kröfur þeirra um betri kjör .

# Gjörbreytt frumvarp innanríkisráðherra vekur furðu

Barnalög



**Heimir Hilmarsson**
formaður Félags um foreldrajafnrétti

Félag um foreldrajafnrétti harmar þær breytingar sem Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra hefur lagt fram til breytinga á barnalögum. Frumvarpið var fullunnið í ráðherratíð Rögnu Árnadóttur, en þar var tekið nokkurt tillit til alþjóðlegrar þróunar á barnarétti og þeirra tillagna sem tvær stórar íslenskar nefndir um málið lögðu einróma til. Í frumvarpi Rögnu var lagt til að dómarar gætu dæmt foreldra til að fara sameiginlega með forsjá barns, teldu þeir það barni fyrir bestu. Allar aðrar þjóðir sem við berum okkur saman við hafa slíka heimild og engin þeirra hefur afnumið slíka heimild við endurmat í ljósi áratuga reynslu. Ákvæðið þykir setja niður deilur foreldra og auka sáttfýsi þeirra, enda ljóst að hvorugt þeirra fer sigurvisst í dómsal. Ögmundur hefur nú fellt út þessa dómaraheimild og geta þá íslenskir dómarar einungis dæmt öðru foreldrinu forsjá og þar með svipt hitt foreldrið forsjá barns. Þar með segir háttvirtur dómsmálaráðherra að hann beri ekki trausts til íslenskra dómara að dæma mildasta úrræðið þótt það sé barninu fyrir bestu.

Þar sem frumvarpið var skrifað utan um dómaraheimildina verða fjölmargar aðrar breytingar algjörlega marklausar og frumvarpið í heild sinni til óþurftar. Ný sáttameðferðarúrræði fyrir tugi eða hundruð milljóna verður sóun á almannafé án dómaraheimildar. Öll merki eru um að Ögmundur sé að ganga erinda öfgahópa innan kvenréttindahreyfingarinnar sem ætíð hafa barist gegn öllum breytingum í átt að jafnrétti og almennri réttarstöðu íslenskra feðra og barna í það horf sem þekkist hjá nágrannaþjóðunum. Breytingar Ögmundar á áður vel unnu frumvarpi Rögnu eru dæmi um ömurlega stjórnsýslu þar sem lítill og einangraður hópur sérhagsmunaaðila virðist hafa náð fram óeðlilegum og víðtækum geðþóttabreytingum sem ganga á skjön við þverfaglegt mat sérfræðifólks. Þau rök Ögmundar að einhver hafi verið óánægður í Svíþjóð og hugsanlega eigi að skrifa skýrslu í Danmörku eru léttvæg, enda ljóst að í sifjamálum af þessu tagi verða aldrei allir sáttir. Horfa ber frekar til þess að þjóðþing allra þeirra landa sem við berum okkur saman við hafa á undanförnum 4-5 árum endurskoðað þessi mál með þingnefndum og mikilli sérfræðivinnu og komist að þeirri niðurstöðu að halda áfram með dómaraheimild. Má þar nefna Svía 2006, Dani 2007 og Norðmenn 2009. Allar þjóðirnar gáfu út stórar og viðamiklar skýrslur um málið og niðurstaðan var einhlít: Annað foreldrið á ekki að ráða því eitt hvort barn sé í sameiginlegri forsjá beggja, enda verður þá enginn vilji til sátta.

Frumvarp þetta hlýtur að taka breytingum í meðförum þingsins og dómaraheimildin að fara inn aftur þar sem æðstu stofnanir Samfylkingar, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hafa allar samþykkt ályktanir á síðustu árum um að dómarar á Íslandi eigi að hafa heimild til að dæma sameiginlega forsjá.

# Útgerð til eins árs?

Sjávarútvegsmál



**Páll Steingrímsson**
sjómaður

Þorvaldur Gylfason fer með hagfræðina inn í nýjar víddir í grein sem hann skrifar í Fréttablaðið þann 4. ágúst sl. Ég ætla ekki að elta ólar við hugaróra hans og samsæriskenningar um svikula bankastjóra og leigutaka en undrast þó að hann leggi að jöfnu aðstöðu manns sem leigir sér bíl til fimm daga og útgerðarmanns sem stofnar til verulegra skuldbindinga með kaupum á skipi og veiðiheimildum með framtíðarrekstur í huga.

Ég er að vísu aðeins sjómaður en fæ ég ekki með nokkru móti skilið þau rök hans að „gætinn bankastjóri" myndi aðeins lána útgerðarmanni fyrir kaupum á skipi en ekki kvóta. Rökin eru þau að kvótinn yrði uppveiddur eftir árið og einskis virði – rétt eins og þar með sé allur fiskur í sjónum uppurinn og aldrei verði veitt meira!

Hið augljósa er að „gætinn bankastjóri" myndi alls ekki lána fyrir skipinu án kvóta því rekstrargrundvöllur útgerðarinnar væri þá enginn. Allra síst til eins árs. Hitt má svo líka benda á að með sömu rökum prófessorsins verður ekki bara kvótinn verðlaus eftir árið heldur skipið líka. Hvað á að gera við fiskiskip án aflaheimilda í heimi þar sem fiskiskip eru þegar allt of mörg?

Það er ekki að ástæðulausu að áhersla hefur verið lögð á mikilvægi þess að aflaheimildum sé úthlutað til langs tíma. Útgerð krefst mikillar fjárfestingar og áhættuþættirnir eru margir. Stöðugt rekstrarumhverfi og skýrar leikreglur eru lykilatriði. Ég veit ekki með Þorvald Gylfason en ég þekki engan sem væri svo vitlaus að leggja upp í útgerð með kaupum á skipi og aflaheimildum með bankaláni til eins árs!

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## ÚTILÝSING

Við Fellsmúla - Reykjavík

INNFELLD **LED** LJÓS Í PALLA, VEGGI OG LOFT

9.995
5W - garðsett 3 stk. m/spenni

8.995
1W - garðsett 3 stk. m/spenni

NIÐURGRAFIN LJÓS, **LED** OG 12V

12V 6.995

LED 7.795

ÚTIKASTARAR, **LED** OG 12V

LED 5.995

12V 3.590

12V 2.995

INNFELLD **LED** LJÓS Í VEGGI OG PALLA

8.995 7.995

7.995

ÚTILJÓS, LÝSA UPP OG NIÐUR

5.995 5.995

ÚTILJÓS, LÝSA UPP OG NIÐUR

5.995 5.995

## ÚTILJÓS LÝSA UPP OG NIÐUR

4.795 4.995 4.995 5.995

G9 25W

INNFELLD LJÓS Í VEGGI OG LOFT

2.995

ÚTI OG INNILJÓS Litir: króm og hvítt

4.495
með sparperu 28W

3.795
með sparperu 16W

4.295
með sparperu 28W

3.395
með sparperu 16W

ÚTILJÓS

995

ÚTILJÓS

3.295

3.295

ÚTILJÓS

995

995

995

ÚTILJÓS Litir: svart, hvítt, grátt

1.995 1.995

1.995 1.995

ÚTILJÓS Litir: svart, hvítt, grátt

3.995 3.995

ÚTILJÓS Litir: svart, hvítt, grátt

3.995 3.995

3.595 3.595

ÚTILJÓS Litir: svart, hvítt, grátt

3.995 3.995

3.595 3.595

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

OPIÐ:
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**HERBERT HOOVER** (1874-1964), fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, fæddist þennan dag.

*„Eldri menn lýsa yfir stríði. En það er æska landsins sem verður að berjast og deyja.“*

## Kántrýdagar á Skagaströnd



Kántrýdagar verða haldnir á Skagaströnd 12. til 14. ágúst. Íbúar skreyta götur bæjarins sem fær þannig skemmtilegan svip. Fjölmargt verður í boði. Þar má nefna ýmsar sýningar á handverki, málverkum og ýmsum listaverkum. Þeir sem eru forvitnir um framtíðina geta leitað í Spákonuhof þar sem spáð verður í spil, bolla, rúnir og lesið í lófa. Kántrýdagar hefjast með fallbyssuskoti á föstudag klukkan 18 og síðan verður Kántrýsúpupartí, varðeldur, stórtónleikar í hátíðartjaldi og ball í Kántrýbæ. Á laugardaginn heldur dagskráin áfram af fullum krafti. Þá verður meðal annars barna- og fjölskylduskemmtun, útigrill, óperukántrý í Bjarmanesi og harmonikkuball. Kántrýdögum lýkur á sunnudag með kærleiksmessu og glæsilegu ilmandi kaffihlaðborði í Bjarmanesi. Nánari upplýsingar um hátíðina má nálgast á www.huni.is.

**ÞETTA GERÐIST:** 10. ÁGÚST 1793

## *Louvre-safnið opnað*

Louvre-safnið í París opnaði formlega 10. ágúst 1793. Safnið var upphaflega virki Filippusar II. á tólftu öld. Louvrehöllinni var oft breytt á miðöldum og þegar Lúðvík XIV. ákvað að setjast að í Versölum fengu listamenn að búa þar. Um miðja átjándu öld voru uppi háværar raddir um að útbúa opinbert safn með myndum úr konunglega listaverkasafninu. Lúðvík XV. samþykkti og voru 96 myndir sýndar í Konunglega listasafninu í Lúxemborgarhöllinni.

Louvre-höllinni var breytt í safn sem opið var almenningi í frönsku byltingunni. Ákveðið var að Louvre yrði staður þar sem safnað yrði saman merkum minjum úr vísindum og listum. Þegar Lúðvík XVI. var fangelsaður 10. ágúst 1792 varð hið konunglega listaverkasafn í Louvre þjóðareign. Ári síðar var safnið opnað almenningi.





**LITRÍKT** Guðrún Bjarnadóttir segir að það hafi komið henni á óvart að verða valin handverksmaður ársins.

**GUÐRÚN BJARNADÓTTIR:** VALIN HANDVERKSMAÐUR ÁRSINS 2011

# Jurtalitun sameinar áhugamál

„Ég var alsæl. Þetta kom mér mjög á óvart,“ segir Guðrún Bjarnadóttir náttúrufræðingur, sem fengist hefur við jurtalitun. Hún var valin handverksmaður ársins á laugardag á Handverkshátíð 2011 sem haldin var um helgina. „Ég kom alveg af fjöllum. Það gerir þetta enn þá skemmtilegra. Ég er ekki enn þá hætt að brosa hringinn.“

Í rökstuðningi dómnefndar fyrir valinu kemur fram að Guðrún hafi lagt mikla vinnu og fagmennsku í viðhald gamalla aðferða og þekkingar við litun íslensku ullarinnar. Þennan grunn notar hún til þróunar og nýsköpunar. „Ég nýti náttúruna og gamlar hefðir. Ég hef stuðst við gamlar litunarbækur,“ segir Guðrún og bætir við hún reyni að minnka eiturefni í litun sinni. „Ég vil gera jurtalitunina umhverfisvænni en nýta samt það sem var notað í gamla daga, meðal annars kúahland og keytu. Ég hef reynt að ná rauðum með því að nota staðið kúahland eins og fólk gerði í gamla daga. Það hefur gengið ágætlega, en það er bara svolítið vesen að ná í kúahlandið.“

Tvö ár eru síðan Guðrún hóf jurtalitun. Hún segist strax hafa hellt sér út í litunina af miklum krafti. „Ég datt djúpt og hratt ofan í litunarpottinn,“ segir Guðrún glettin. Hún segist þó ekki hafa fengið hugmyndina á einni nóttu. „Þetta hafði staðið til mjög lengi en það sem þurfti til var að ég sá konu jurtalita á markaði og þá kviknaði í perunni hjá mér. Ég var tilbúin og vissi að ég gæti gert þetta,“ segir Guðrún sem hafði verið búin að viða að sér mörgum bókum og pottum. „Ég hafði verið byrjuð að undirbúa mig en svo brast þetta bara á.“

Guðrún litar einband. „Það er ekki mjög sterkt band. Þannig að það er notað í það sem ég kalla pjáturflíkur sem eru sjöl, stuttermapeysur, léttar herðaslár og kragar,“ upplýsir hún og segir brosandi að börn séu síður sett í flíkur gerðar úr einföldu einbandi. „Þau myndu segja: klæjar, og svo væru þau komin í gegnum flíkina með olnbogana.“

Jurtalitunin er áhugasvið Guðrúnar, sem kennir grasafræði við Landbúnaðarháskólann. „Þetta blandar saman öllu í mínu lífi, áhuga á íslenskum landbúnaði og sauðkindinni, ullinni, handverki, náttúrunni og grasafræði,“ segir Guðrún sem segir að skóf sé í miklu uppáhaldi við jurtalitunina. „Sérstaklega vegna þess að það þarf ekki að nota litfesti með henni. Hún vex á steinum og er grá og óásjáleg en hún gefur rauðbrúnan lit, marga tóna eftir því hvernig ég á við hana.“

martaf@frettabladid.is




†

*Okkar ástkæra eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma, og langamma,*

**Kristín Reginbaldursdóttir**

Heiði, Skagafirði,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri hinn 1. ágúst. Útför hennar fer fram föstudaginn 12. ágúst kl. 14.00 frá Sauðárkrókskirkju.

**Agnar Búi Agnarsson**
**Regína Bjarnveig Agnarsdóttir** **Páll Ingi Pálsson**
**Agnar Búi Agnarsson**
**Heba Sóley Agnarsdóttir** **John Robert Fels**
**Eygló Rós Agnarsdóttir** **Valdís Fjölnisdóttir**
**Sæunn Kristín Jakobsdóttir** **Birgir Smári Sigurðsson**
**Aron Frosti Birgisson**
**Mandy Ueberberg** **Jón Kristinn Skúlason**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Samúel Kristinn Guðnason**

frá Súgandafirði, Sóleyjarima 21,

andaðist þriðjudaginn 2. ágúst á Hjúkrunarheimilinu Eir. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 11. ágúst kl. 13.00.

**Anna Sigurjónsdóttir**
**Hrönn Scheving** **Björn Björnsson**
**Kristín V. Samúelsdóttir** **Kjartan Viðarsson**
**Bára Samúelsdóttir** **Kjartan Guðjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Magnús Aríus Ottósson**

Klettaborg 31, Akureyri,

lést föstudaginn 5. ágúst á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju 12. ágúst 2011 kl. 13.30.

**Margrét Jónsdóttir**
**Sólveig Sigurðardóttir** **Ottó Snæbjörnsson**
**Sólveig Dóra Magnúsdóttir** **Bogi Pálsson**
**Ottó Berg Magnússon** **Ingibjörg Magnúsdóttir**
**María Jóna Magnúsdóttir**
**og barnabörn.**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Friðrik Pétur Valdimarsson**

Tunguvegi 4, Njarðvík,

verður jarðsunginn frá Ytri-Njarðvíkurkirkju föstudaginn 12. ágúst kl.14.00.

**Ólafía Friðriksdóttir** **Birgir Vilhjálmsson**
**Þórunn Friðriksdóttir** **Ragnar Halldórsson**
**Oddbjörg Friðriksdóttir** **Erlendur Borgþórsson**
**Anna Hulda Friðriksdóttir** **Árni Kl. Eiðsson**
**Sigrún Alda Jensdóttir** **Snorri Snorrason**
**afa- og langafabörn.**



†

*Sambýliskona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Þórey Daníelsdóttir**

lést á heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi 26.júlí síðastliðinn. Útförin hefur farið framm í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Hreinn Ingvarsson**
**Jórunn Erla Sigurðardóttir**
**Guðmunda Hulda Sigurðardóttir**
**Aldís Kristín Hreinsdóttir** **Ólafur Tryggvi Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**






# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...



Svansmerkt prentverk!
UMHVERFISMERKI 141 381 Prentgripur
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



Miðvikudagur 10. ágúst 2011 – 12. tölublað – 7. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir



**Forstjóri Símans**
Nú viljum við fá að keppa
4-5





**Ríkissjóður Bandaríkjanna**
Skuldirnar aukast
2





**Greinaröð um nýsköpun**
Fjögur atriði um ráðningar
6






**STEVE JOBS** Þótt fjárfestar séu flestir áhyggjufullir um horfur heimshagkerfisins brosir forstjóri Apple sennilega sínu breiðasta þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Apple sækir að Exxon

Bandaríska tæknifyrirtækið Apple varð í gær um tíma verðmætasta fyrirtæki heims þegar það fór fram úr Exxon Mobil.
Exxon tók þó við sér undir lok dags og endurheimti titilinn.
Við lokun markaða í gær var Apple metið á 346,74 milljarða Bandaríkjadala en Exxon á 352,9 milljarða dala.

Þetta gerðist þrátt fyrir að árlegar tekjur Exxon séu fjórum sinnum hærri en tekjur Apple og bendir því til þess að markaðir telji vaxtarmöguleika Apple mun meiri. Þá er búist við gífurlegri sölu á iPhone-síma Apple á næstu misserum.

Fyrirtækin skiptust á um að halda forystunni eftir því sem á gærdaginn leið en óstöðugleiki hefur verið á hlutabréfamörkuðum.

Áhlaup Apple í gær batt enda á fimm ára veru Exxon Mobil sem verðmætasta fyrirtækis heims. Apple bætist því í lítinn hóp fyrirtækja sem það hafa gert. Meðal þeirra eru General Electric, General Motors, IBM, Microsoft og AT&T. - mþl

### HELST Í ÚTLÖNDUM

**OLÍUVERÐ LÆKKAR**
Olíuverð hefur lækkað merkjanlega á hrávörumarkaði síðustu daga samhliða lækkunum á hlutabréfamörkuðum. Áhyggjur af vaxtarhorfum á Vesturlöndum liggja að baki en þær valda því að spáð er minni eftirspurn eftir olíu en ella. Olíuverð fór niður fyrir 80 dollara á tunnu í gær en 20. júlí síðastliðinn var verðið 100 dollarar fyrir tunnuna.



**GULLVERÐ Í HÆSTU HÆÐUM**
Gullverð hefur hækkað verulega samhliða titringnum á alþjóðamörkuðum. Gull hefur aldrei verið dýrara að nafnvirði, en nú er litið á gull sem öruggt skjól frá hremmingunum. Gullverð er nú um 1.750 dollarar á únsu en var 1.550 dollarar fyrir mánuði.

**NÝIR BLACKBERRY-SÍMAR**
Kanadíska fyrirtækið Research in Motion hefur kynnt nýja kynslóð BlackBerry-síma með uppfærðu stýrikerfi. Markaðshlutdeild fyrirtækisins hefur hríðfallið í Bandaríkjunum undanfarið ár, úr 33 prósentum í 12 prósent á öðrum ársfjórðungi. Er velgengni iPhone sögð helsta skýringin.

# Miklar hræringar á hlutabréfamarkaði

**Miklar sviptingar urðu á hlutabréfamörkuðum í gær. Titringi er ekki lokið og yfirlýsing Seðlabanka Bandaríkjanna um lága vexti næstu tvö ár mætti blendnum viðbrögðum.**

**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**
skrifar

Verð hlutabréfa hækkaði í flestum helstu kauphöllum heimsins í gær eftir sviptingasaman dag.
Dow Jones-vísitalan í New York stóð í 11.239 stigum við lokun og hafði hækkað um 429 punkta, eða fjögur prósent, eftir væna dýfu daginn áður.
Vísitölur í evrópskum kauphöllum lækkuðu mikið þegar markaðir opnuðu og var FTSE-vísitalan í London um tíma neikvæð sem nam 5,5 prósentum. Við lokun hafði hún hins vegar hækkað um 1,89 prósent. Cac 40-vísitalan í París hækkaði um 1,63 prósent en Dax-vísitalan í Frankfurt stóð því sem næst í stað, lækkaði um 0,10 prósent.
Viðsnúningurinn í Evrópu var í gær rakinn til væntinga fjárfesta um yfirlýsingu frá Seðlabanka Bandaríkjanna um að hann hygðist hefja að nýju kaup á bandarískum ríkisskuldabréfum með það fyrir augum að dæla peningum inn í hagkerfið. Seðlabanki Bandaríkjanna hefur síðustu misseri tvisvar lagst í slíkar aðgerðir sem nefndar hafa verið Quantitative Easing eða QE.
Yfirlýsingin barst svo síðdegis en þar tilkynnti Ben Bernanke seðlabankastjóri að bankinn myndi halda stýrivöxtum nálægt núlli í það minnsta fram á mitt ár 2013. Bernanke sagði hins vegar skuldabréfakaup ekki vera á döfinni en að bankinn myndi nota öll sín verkfæri eins og skynsamlegast væri.
Dow Jones lækkaði í fyrstu eftir yfirlýsingu seðlabankans, en tók kipp upp á við fyrir lokun.

### ÞRÓUN SÍÐASTA MÁNUÐINN




HEIMILD: YAHOO

Búist er við áframhaldandi titringi á mörkuðum næstu daga. Fjárfestar hafa enn áhyggjur af horfum heimshagkerfisins. Í Bandaríkjunum er horft á skuldastöðu bandaríska ríkisins og lækkun Standard & Poor's á lánshæfismati þess á föstudag. En í Evrópu er horft á skuldakreppuna sem ekki hefur tekist að leysa. Þá hafa efasemdir um getu stjórnmálamanna til að takast á við þessi vandamál aukist síðustu vikur. Áframhaldandi leit fjármagns í gull og svissneskan franka bendir til þessa en litið er á hvort tveggja sem skjól frá hremmingunum á hlutabréfamörkuðum.




# Græn blaðadreifing

Póstdreifing, sem dreifir Fréttablaðinu, hefur fest kaup á fjórum Mercedez-Benz Sprinter sendibílum sem ganga fyrir metani. Póstdreifing stefnir að því að bílar fyrirtækisins gangi fyrir umhverfisvænu eldsneyti. „Það er markmið fyrirtækisins er að bílaflotinn sé umhverfisvænn. Mercedez-Benz bílarnir hafa reynst okkur vel bæði í rekstraröryggi og hagkvæmni,“ segir Örn Jóhannsson, deildarstjóri akstursdeildar.




**KAUPIN HANDSÖLUÐ** Páll H. Halldórsson og Örn Jóhannsson handsala kaupin við einn sendibílanna.

Páll H. Halldórsson, sölustjóri atvinnubíla hjá Öskju, segir metanbíla góðan kost fyrir íslensk fyrirtæki, þeir hafi komið vel út í rekstri og viðhaldi. Að sögn Páls hafa bílarnir sem Póstdreifing hefur keypt verið sérútbúnir til dreifingarþjónustu. **- mþl**

# Skuldatryggingaálag hækkar

Skuldatryggingaálag ríkissjóðs hefur hækkað nokkuð síðustu daga. Í gær stóð skuldatryggingaálagið í 297 punktum en var í kringum 230 punktar fyrir mánuði. Álagið hafði þá lækkað talsvert frá því í júní þegar það var hæst 304 punktar.

Skuldatryggingaálag ríkisins er álag ofan á grunnvexti ríkisskuldabréfa. Álagið mælir hvað það kostar fyrir fjárfesta að kaupa tryggingu gegn því að hið opinbera geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Það má því segja að það mæli mat markaðarins á áhættunni á greiðslufalli ríkisins.

Skuldatryggingaálag Íslands er lægra en skuldatryggingaálag á þau lönd evrusvæðisins sem skuldakreppan hefur náð til. Skuldatryggingaálag Ítalíu og Spánar hefur þó lækkað talsvert í vikunni eftir að Evrópski seðlabankinn tilkynnti að hann hygðist kaupa ríkisskuldabréf frá löndunum til að minnka þrýsting á ávöxtunarkröfu þeirra. Álagið stóð í 345 punktum á hvort land í gær.

Skuldatryggingaálag annarra krísuríkja á evrusvæðinu hefur hins vegar hækkað. Sem fyrr er Grikkland í sérflokki með álag upp á 1.646 punkta. Álagið á Portúgal er 860 punktar og á Írland 745 punktar.

Þá hefur skuldatryggingaálag á Frakkland hækkað nokkuð síðustu daga og stendur í 160 punktum. Áhyggjur hafa vaknað af kostnaði Frakka við björgunaraðgerðirnar á evrusvæðinu en Frakkar glíma eins og flest Evrópulönd við mikinn fjárlagahalla og nokkuð af skuldum. **- mþl**

## BANKABÓKIN

**Samanburður á vaxtatöflum bankanna**

| | **Hæstu innlánsvextir** | Yfirdráttarvextir eru hæstir | Yfirdráttarlán fyrirtækja |
|---|---|---|---|
| Arion banki | Markaðsreikningur 1,25%[A] | 11,25% | 11,20% |
| Íslandsbanki | Vaxtaþrep 1,90% | 11,20% | 11,20% |
| Landsbankinn | Vaxtareikningur 1,15%[B] | 11,20% | 11,20% |
| MP BANKI | MP Sparnaður 1,85% | 11,05% | 9,40 til 11,05% |
| BYR | PM-reikningur 2,00%[A] | 11,20% | 11,10 til 11,20% |
| SPARISJÓÐURINN | Netreikningur 1,90%[C] | 11,25% | 11,25% |
| S24 ...og þú hagnast | Sparnaðarreikningur 1,95% | 10,85% | Ekki í boði. |

**Miðað er við 250.000 króna innlegg og sem skemmsta bindingu. [A] Bundinn í tíu daga. [B] Bundinn í sjö daga. [C] Úttektargjald hjá gjaldkera 0,25%*

*Athugið að ekki er tekið tillit til árgjalds, sem getur fylgt yfirdráttarreikningum.*

# Fyrsta Dreamliner-flugvélin tilbúin

Boeing kláraði á laugardag að smíða fyrsta eintakið af Dreamliner 787 flugvélinni. Var hún afhent japanska flugfélaginu All Nippon Airways og verður hún tekin í notkun í september.

Miklar tafir hafa orðið á smíði Dreamliner-flugvélanna en upphaflega stóð til að koma þeim í gagnið í maí 2008. Hefur afhendingu fyrstu vélarinnar verið frestað endurtekið síðan.

Dreamliner-flugvélarnar eru að stórum hluta úr léttum gerviefnum og eyða því minna eldsneyti en flugvélar af sambærilegri stærð. Til að mynda eyðir Dreamliner 20 prósentum minna af eldsneyti en Boeing 767 sem er af sömu stærð.

Búist er við því að næstu kynslóðir flugvéla Boeing verði hannaðar á svipaðan hátt.




**DREAMLINER** Fyrsta eintakið fyrir utan verksmiðjur Boeing í Everett nærri Seattle í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Boeing er næststærsti flugvélaframleiðandi heims á eftir Airbus. Pöntuð hafa verið 827 eintök af Dreamliner sem er metsala hjá fyrirtækinu. Eitt eintak kostar 200 milljónir Bandaríkjadala, eða jafngildi 23 milljarða íslenskra króna.

Icelandair pantaði fyrir nokkrum árum fimm eintök af Dreamliner en hefur selt þrjár pantananna til norska flugfélagsins Norwegian. **- mþl**

EKKI GERA
EKKI NEITT.IS

Öflugur greiðendavefur með hagnýtum upplýsingum s.s.

- Yfirlit mála
- Samkomulög
- Greiðslur með korti
- Góð ráð og margt fleira

Þjónustuver 440 7700
www.ekkigeraekkineitt.is

motus
– leysum málin

# Barátta við skuldahalann er langhlaup

## Bandaríkjamenn verða að vinda ofan af fjárlagahalla til lengri tíma litið til að ná tökum á skuldavandanum.

**Þorgils Jónsson**
skrifar

Mikil umræða hefur verið um skuldastöðu Bandaríkjanna upp á síðkastið og sér ekki enn fyrir endann á henni þrátt fyrir að samkomulag hafi náðst á þingi um hækkun skuldaþaksins.

Ríkissjóðurinn í Bandaríkjunum hefur safnað skuldum samfleytt um langa hríð, enda hefur hann verið rekinn nær stöðugt með halla í hálfa öld.

Skuldirnar hafa vaxið úr 1.000 milljörðum dala árið 1980, þegar Ronald Reagan tók við forsetaembættinu, og allt upp í 14.500 milljarða nú. Búist er við að skuldirnar í árslok 2011 verði um 15.500 milljarðar dala.

Það jafngildir rétt rúmlega eins árs vergri þjóðarframleiðslu Bandaríkjanna, en annað eins hefur ekki gerst síðan á árunum eftir seinni heimsstyrjöld.

Samkomulag demókrata og repúblikana frá síðustu viku felur í sér leyfi til að auka skuldir ríkisins um allt að 2.400 milljarða á næstu tveimur árum en á móti kemur jafnmikill niðurskurður á útgjöldum ríkisins á næstu tíu árum. Þannig er enn eftir að vinna á skuldasöfnun til lengri tíma litið og er líklegt að stöðug pólitísk átök verði um málið á næstunni.

Skuldamálið hefur vakið athygli á efnahagslegri stöðu Bandaríkjanna, en ekki síður stjórnmálamenningunni þar. Óvissan um getu ráðamanna til að takast á við skuldavandann til lengri tíma eru einmitt ein helstu rökin sem matsfyrirtækið Standard & Poor‘s (S&P) lagði fram þegar það lækkaði lánshæfismat ríkissjóðs úr AAA niður í AA+ um síðustu helgi.

Lækkunin hafði mikil áhrif á fjármálamarkaði fyrst um sinn þar sem Dow Jones-vísitalan fór til dæmis niður um 634 stig á mánudag.

Barack Obama forseti blés á lækkun S&P og sagði bandarísk ríkisskuldabréf vera jafn örugg fjárfestingarkost nú og áður. Tim Geithner fjármálaráðherra tók í sama streng og sagði ákvörðun S&P lýsa þekkingarleysi og dómgreindarskorti. Hin tvö matsfyrirtækin, Fitch og Moody‘s, lækkuðu Bandaríkin ekki um flokk.

Markaðir náðu sér nokkuð á strik í gær eftir að fréttir gáfu til kynna að seðlabanki Bandaríkjanna hygðist grípa inn í með aðgerðum til að örva efnahagslífið.

Það sem skiptir hvað mestu máli er traust fjárfesta og Obama reyndi að sefa áhyggjur þeirra.

**SKULDIR BANDARÍKJANNA AUKAST**

**Af 14.300 milljarða dala skuld Bandaríkjanna eru 4.600 milljarðar innan ríkisins, en 9.700 milljarðar eru á höndum fjárfesta líkt og banka, lífeyrissjóða, erlendra ríkisstjórna og einstakra fjárfesta.**




Heimild: Fjármálaráðuneyti Bandaríkjanna © GRAPHIC NEWS

Helstu lánardrottnar Bandaríkjanna eru Kína sem á um 1.150 milljarða í ríkisskuldabréfum, Japan á um 900 milljarða, Bretland á 330 milljarða, Brasilía á 189 milljarða og hópur olíuframleiðslulanda á samtals 204 milljarða.

Geithner sagðist ekki hafa áhyggjur af því að eftirspurn Kínverja og annarra eftir bandarískum skuldabréfum minnki á næstunni.

Kínversk stjórnvöld hafa látið látið uppi varðandi afstöðu sína í málinu. Harðorður leiðari í ríkisfjölmiðli Kína orðaði það hins vegar svo að Bandaríkin „þyrftu að venja sig af skuldafíkninni“.

Baráttan á bandaríska þinginu hefur sjaldan eða aldrei verið jafn hörð þar sem óbilgirni einkennir afstöðu ýmissa hópa innan þingsins. Til dæmis hafa hörðustu íhaldsmenn repúblikana, þeir sem kenna sig við Teboðshreyfinguna, ekki tekið í mál að hækka skatta til að bregðast við vandanum. Vilja þeir heldur beita niðurskurði í ríkisfjármálum, sem kemur illa við kaunin á mörgum í hópi demókrata sem vilja ekki skera niður í málaflokkum líkt og mennta- og heilbrigðismálum.

Almenningur virðist hafa fengið nóg af hráskinnaleik þingmanna. Viðhorfskannanir sýna að rúm 80 prósent landsmanna eru óánægð með störf þingsins í málinu og drjúgur meirihluti vill sjá lausn sem felur í sér jafnvægi milli breytinga á skattkerfinu og hagræðingu í ríkisútgjöldum.

Verkefnin sem horfa við þinginu eru tröllvaxin þar sem fyrir liggur að kostnaðurinn við almannatryggingakerfið mun þyngjast mjög á komandi árum.

Á móti telja margir hagfræðingar að óráð sé að skera niður á samdráttartímum eins og nú.

Ábyrgðin er í höndum þings og forseta og verður fróðlegt að sjá hvort flokkarnir geti náð saman um raunhæfa framtíðarlausn á skuldavandanum.

Obama sagði á dögunum að vandamálin væru leysanleg. „Við vitum hvað við þurfum að gera. Vandamálið liggur ekki í trú á lánstrausti okkar. Markaðir staðfesta að skuldir okkar eru í hópi þeirra öruggustu í heimi. Það sem við þurfum að gera er að takast á við halla á fjárlögum til lengri tíma litið.“

Gangi það ekki eftir, gæti þráteflið á þingi orðið dýru verði keypt fyrir Bandaríkjamenn og heimsbyggðina alla.

***Heimildir: AP, fjármálaráðuneyti Bandaríkjanna, Time og Bloomberg.***

# SAMSUNG

## FARTÖLVUR

Samsung er stærsti raftækja framleiðandi heims í dag. Bilanatíðni Samsung fartölva er ein sú allra lægsta sem til þekkist.*




NP-N900X3A-A01SE

## Samsung Series 9 Notebook

Þynnsta fartölva í heimi · Hefur hlotið mikla athygli og einróma lof gangrýnenda · Búin til úr sérhertri álblöndu – *DurAlumin*, samskonar álblöndu og er í flugvélum · Heimsins mesti ljósstyrkur í 13" skjá · Endurræsir sig á aðeins 3 sekúndum

ÞYNNSTA · LÉTTASTA OG STERKASTA FARTÖLVA Í HEIMI

Stýrikerfi: Genuine Windows® 7 Home Premium (64-bit) · Office 2010 Pre-installed · Örgjörvi: Intel® Core™ i5 Processor 2537M · Skjár: 13,3" SuperBrightPlus© 400 nit Anti-reflex HD (1366 x 768) LED · Skjákort: Intel® HD Graphics 3000 · Vinnsluminni: 4GB DDR3 · Geymslurými: 128 GB Solid State Drive · Hjóð: 3 W Stereo Speaker (1.5 W x 2) with HD Audio · Myndavél: 1.3 MP HD Webcam · Netstýring: 10/100/1000 LAN · Þráðlaust netkort: 802.11 b/g/n · Raffhlaða: 7 klukkutíma rafhlöðuending · **Verð: 299.900 kr.**

*Skv. **Square Trade** könnun sem gerð var á þriggja ára tímabili og voru yfir 30.000 fartölvur frá öllum framleiðendum í þessari könnun.



**N145**

Stýrikerfli: Genuine Windows® 7 Starter · Örgjörvi: Intel® ATOM™-processor N450 · Skjár: 10,1" WSVGA LED (1024 x 600) · Skjákort: Shared · Vinnsluminni: 1 GB (DDR2, 1 x 1 GB) · Geymslurými: 250 GB (5400 rpm S-ATA) · Hjóð: 3-W-stereo speakers (2 x 1,5 W) · Myndavél: Integrated Camera. Web Camera · Þráðlaust netkort: 802.11 b/g/n · Þyngd: 1,2 kg. · Rafhlaða: 10 klst. · Fæst bæði svört og hvít

**Verð: 69.900 kr.**



**RV510**

Stýrikerfli: Genuine Windows® 7 Home Premium (64-bit) · Örgjörvi: Intel® Celeron® Processor T3500 · Skjár: 15,6" LED HD (1366 x 768) 16:9 Gloss · Skjákort: Intel GMA 4500M (Int. Graphic). Shared Memory · Vinnsluminni: 4GB (DDR3 / 2GB x 2) · Geymslurými: 320 GB (5400 rpm S-ATA) · DVD±RW (±R DL) / DVD-RAM · Hjóð: 2 W Stereo Speaker (1 W x 2) HD (High Definition) Audio · Myndavél: Integrated Camera. Web Camera · Netstýring: 10/100/1000 LAN · Þráðlaust netkort: 802.11 b/g/n ásamt Bluetooth · Þyngd: 2,4 kg · Rafhlaða: 4 klst · **Verð: 99.900 kr.**



**RV711**

Stýrikerfli: Genuine Windows® 7 Home Premium (64-bit) · Örgjörvi: Intel® Core™ i5 480M · Skjár: 17,3" 1600x900 LED Gloss · Skjákort: Nvidia 315 1GB · Vinnsluminni: 4GB (DDR3 / 2GB x 2) · Geymslurými: 500 GB (5400 rpm S-ATA) · DVD±RW (±R DL) / DVD-RAM · Hjóð: 3 W Stereo Speaker (1.5 W x 2) with HD Audio · Myndavél: Integrated Camera. Web Camera · Netstýring: 10/100/1000 LAN · Þráðlaust netkort: 802.11 b/g/n ásamt Bluetooth · Þyngd: 2,7 kg. · Rafhlaða: 4 klst.

**Verð: 169.900 kr.**

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

BT
SKEIFUNNI 11 & GLERÁRTORGI

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** |
| KEFLAVÍK | MODEL-AKRANESI | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 431 3333 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 |

# Nú viljum við fá að keppa

**Síminn hefur verið í kastljósi fjölmiðla vegna bolabragða á samkeppnismarkaði. Við þessu brást forstjórinn *Sævar Freyr Þráinsson* með því að senda hvern einasta starfsmann fyrirtækisins á námskeið í samkeppnisrétti. Í samtali við *Stíg Helgason* segir hann keppinauta Símans hafa fengið meðgjöf í bankakerfinu og efast um að frekari samþjöppun á markaðnum verði heimiluð.**



**ÚR SENDLI Í FORSTJÓRA** Á skrifstofu Sævars í höfuðstöðvum Símans í Ármúla hangir stærðarinnar mynd úr víðfrægum auglýsingum

> **Eftir að hafa legið yfir þessu á mörgum fundum tók ég þá ákvörðun að túlkun lögfræðinga PFS væri sú rétta og þar með sýndum við ábyrgð með því að viðurkenna lögbrot og setja í gang samkeppnisréttaráætlun.**

Sævar Freyr Þráinsson er svo að segja alinn upp hjá Símanum. Hann hefur unnið þar síðan hann útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands árið 1995 og sinnt þar flestum störfum sem nöfnum tjáir að nefna.

„Ég er búinn að kynnast nánast öllum hliðum starfseminnar,“ segir Sævar. „Ég hef komið að öllu sem snertir tæknimál, markaðsmál og þróun á þjónustu og tekið þátt í uppbyggingu á eiginlega öllu því nýjasta sem hefur komið fram síðustu fimmtán árin, til dæmis gagnvirku sjónvarpi og öðru sem fólki finnst það væntanlega ekki geta lifað án í dag eins og ADSL-sítengingu heima við. Góður maður orðaði það þannig við mig að ég hefði nánast komið inn í sendilsstarf og væri nú orðinn forstjóri.“

Sævar segist hafa skipt um starf innan fyrirtækisins nokkurn veginn á tveggja ára fresti, þangað til fyrir tæpum fjórum árum þegar hann settist í forstjórastólinn. Hann vonast eðlilega til þess að með því hafi tilflutningunum lokið, kveðst ánægður í starfi og sérstaklega hafi verið gaman að taka þátt í því að markaðsvæða fyrirtækið við einkavæðinguna um miðjan síðasta áratug.

### LJÓST AÐ VIÐ HÖFUM BRUGÐIST

Forstjóratíð hans hefur þó ekki bara verið dans á rósum. Nokkuð hefur farið fyrir Símanum og systurfélaginu Tæknivörum í fréttum síðustu misseri vegna lögbrota sem félögin hafa verið fundin sek um. Fyrst sektaði Samkeppniseftirlitið Símann um 150 milljónir fyrir að brjóta gegn fjarskiptafyrirtæki á Snæfellsnesi með því að hunsa skilyrði sem sett voru við samruna Símans og Skjásins og beita litla fyrirtækið aðgangshindrunum. Sú sekt var síðar lækkuð í 50 milljónir en Síminn er ósammála niðurstöðunni í því máli og hefur stefnt málinu fyrir dóm.

Næst gerðu Skipti sátt við Samkeppnisyfirlitið um greiðslu 400 milljóna króna sektar fyrir samráð Tæknivara, dótturfélags Skipta, og Hátækni á farsímamarkaði. Skiptum var gert að selja fyrirtækið og gekk salan í gegn í síðustu viku.

Þá er ótalið brot Símans á Persónuverndarlögum, sem Persónuvernd mat svo alvarlegt að því var vísað í lögreglurannsókn í fyrsta sinn í sögu stofnunarinnar. Það brot snerist um söfnun persónuupplýsinga viðskiptavina Nova í því skyni að laða þá til viðskipta við Símann.

„Því miður hafa komið upp mál þar sem við höfum brotið af okkur og við lítum svo á, alveg sérstaklega í einu máli, að þá höfum við hjá Símanum brugðist,“ segir Sævar, og vísar sérstaklega til síðastnefnda málsins.

„Einmitt út af þessu máli og öðrum málum sem komið hafa upp erum við búin að fara gaumgæfilega ofan í allt hérna hjá okkur og niðurstaða okkar er sú að hér hafi einstaklingar ekki brugðist, hins vegar hafi ferlar fyrirtækisins brugðist. Það braut enginn lög vísvitandi, hvort sem það voru samkeppnislög, lög um persónuvernd eða fjarskiptalög,“ segir forstjórinn.

### AXLAÐI ÁBYRGÐ MEÐ ÞVÍ AÐ JÁTA LÖGBROT

Til að bregðast við þessum málum hafi Síminn ráðist í átak sem hann viti ekki til að eigi sér hliðstæðu á Íslandi. „Við töldum mikilvægt að finna leið til að bæta ákveðna þætti í starfseminni og höfum þess vegna farið í gegnum umfangsmikið ferli núna síðustu mánuðina þar sem við höfum líklega gengið lengra heldur en öll önnur íslensk fyrirtæki og sett í gang svokallaða samkeppnisréttaráætlun, sem er nokkuð þekkt fyrirbæri erlendis og má líkja við eins konar vottun,“ útskýrir hann.

Sævar segir að farið hafi verið yfir ferla og reglur fyrirtækisins, skil á milli heildsölu og smásölu skerpt og áhættustýring betrumbætt. Þá hafi hver einasti starfsmaður fyrirtækisins þannig fengið þjálfun í samkeppnisrétti á námskeiðum sem hafi verið hugsuð til að lágmarka hættuna á að svona nokkuð endurtæki sig. „Við vildum bara tryggja að allir starfsmenn fengju upplýsingar um það hvernig samkeppnislöggjöfin virkar: hvað má, hvað má ekki og hvað er á gráu svæði,“ segir Sævar.

Spurður hvort hann hafi íhugað að axla ábyrgð á brotunum, einkum því sem nú sætir lögreglurannsókn, með því að segja starfi sínu lausu, í ljósi þess að einstaklingar hafi ekki brugðist heldur verkferlar fyrirtækisins, segir Sævar að hann hafi axlað ábyrgðina með því að viðurkenna lögbrotið. „Því að þegar málið kom upp var það alls ekki einfalt.“ Það hafi verið rannsakað af þremur eftirlitsstofnunum, Persónuvernd, Samkeppniseftirlitinu og Póst- og fjarskiptastofnun (PFS), og lögfræðingar hafi lengi tekist á um túlkun laganna. „Eftir að hafa legið yfir þessu á mörgum fundum tók ég þá ákvörðun að túlkun lögfræðinga PFS væri sú rétta og þar með sýndum við ábyrgð með því að viðurkenna lögbrot og setja í gang samkeppnisréttaráætlun.“

### SAMRUNI VODAFONE OG TALS YRÐI ÁFALL

Sævar segir þó erfitt að feta sig eftir sumum stígum samkeppnislöggjafarinnar, sérstaklega þeim sem snýr að misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Síminn hafi í gegnum tíðina verið með mikla markaðshlutdeild, og vegna þess hversu matskennt fyrirbæri hin svonefnda markaðsráðandi staða er hafi stærðin í raun staðið fyrirtækinu fyrir þrifum. „Við höfum lagt mikið upp úr því að fara eftir ábendingum Samkeppniseftirlitsins hvað það varðar. Við höfum opnað á fjarskiptakerfi okkar, fengið aðila inn á þau, eins og Tal í heildsölu og önnur smærri sem eru að byrja að fóta sig,“ segir hann. Markaðshlutdeild Símans hafi hins vegar farið minnkandi. „Samkeppnisstaðan er sú að hinir tveir stóru aðilarnir á markaðnum, Vodafone og Nova, hafa á sama tíma verið í mjög víðtæku tæknilegu samstarfi og í rauninni komið nánast fram sem einn aðili. Nú viljum við bara fá að keppa,“ segir Sævar.

Nú stendur sameining Tals og Vodafone fyrir dyrum og hún kemur Sævari einkennilega fyrir sjónir. „Það er mjög athyglisverð þróun, einmitt út af þessu sem ég sagði hér að framan. Meginfókus PFS og Samkeppniseftirlitsins síðustu árin hefur verið á að opna fjarskiptamarkaðinn og auka samkeppni. Þegar Tal varð hlutlaus aðili á markaði var það skref í þá átt,“ segir Sævar, og rifjar upp þegar samkeppnisyfirvöld skikkuðu Teymi, aðaleiganda Vodafone, til að selja frá sér Tal. „Núna, fimmtán mínútum síðar, er verið að tala um að sameina þetta,“ segir hann. „Ef þessi sameining verður að veruleika og verður samþykkt af Samkeppniseftirlitinu lít ég svo á að það yrði mikið áfall fyrir þá stefnu sem hefur verið mörkuð á síðustu árum og þess vegna hef ég efasemdir um að svo verði.“

### ROFAR TIL EFTIR STORMASÖM ÁR

Síminn fór ekki varhluta af niðursveiflu síðustu ára frekar en aðrir. „Fjárhagsstaðan er erfið eins og hjá öðru hverju fyrirtæki,“ segir Sævar. „Það sem hefur haft mestu áhrifin á okkur er að á sama tíma eru keppinautar okkar búnir að njóta ákveðinna björgunarpakka sem hafa haft gríðarleg áhrif á markaðinn. Það er búið að afskrifa skuldir sumra þeirra og í kjölfarið hafa þau beitt sér af mun meiri krafti á markaðnum,“ segir hann.

Á sama tíma hafi erlendar skuldir Símans hækkað eins og við var að búast. „Enn þann dag í dag erum við samt í skilum með öll okkar lán og erum mjög stolt af því. Það er hins vegar ljóst að skuldabagginn hefur verið íþyngjandi fyrir reksturinn. Endurfjármögnunarferli fyrirtækisins er nú að fara í gang og á ég ekki



**Fötluðum og hreyfihömluðum** flugfarþegum sem ekki komast auðveldlega um býðst aðstoð þjálfaðs aðstoðarfólks í flugstöð Leifs Eiríkssonar. Farþegar geta sótt um aðstoð hjá farmiðasölum og flugrekendum en beiðnin verður að berast minnst 48 klukkustundum fyrir auglýsta brottför.



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512-5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512













Edda Axelsdóttir lét gamlan draum rætast og flýgur um háloftin með bros á vör.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Róandi spjall í ókyrrð

Þetta var alltaf draumur þegar ég var ung stúlka. Svo gafst tækifærið þegar börnin voru uppkomin. Mér fannst þetta svo heillandi að ég sótti um,“ segir Edda Axelsdóttir sem hefur ferðast um allan heiminn sem flugfreyja hjá Atlanta og kynnst menningu annarra landa. Hún segist víðsýnni fyrir vikið og að starfið eigi vel við hana.

„Það er alltaf gaman að kynnast annars konar menningu og hvernig annað fólk lifir. Mannleg samskipti eru mitt aðaláhugamál og það er nóg af þeim í flugfreyjustarfinu,“ segir hún brosandi. Síðustu ár hefur Edda starfað hjá Flugfélagi Íslands í innanlandsflugi og flugi til Grænlands. Eftir því er tekið hversu lipur hún er við farþega og þá sérstaklega við að róa niður flughrædda.

„Ég spjalla bara við fólk frá hjartanu,“ segir hún hógvær. „Það kemur oft gífurlegur vindur yfir fjöllunum og mikill hristingur og ég skil vel að fólk verði hrætt. Ég fylgist með farþegunum og hvernig þeim líður. Ef ég sé hrætt andlit fer ég og tala við viðkomandi. Ég spjalla líka oft í hátalarakerfið ef það er mikil ókyrrð í lendingu, bara til að róa farþegana.“

En getur flugfreyjustarfið ekki tekið á taugarnar?

„Það getur auðvitað verið erfitt, sérstaklega þegar ég var í löngum flugum í Afríku. En ég öðlaðist í staðinn gífurlega lífreynslu,“ segir Edda og man ekki eftir að upp hafi komið vandamál sem ekki hafi gengið vel að leysa í ferðum hennar. Samvinna áhafnarinnar skipti miklu máli og hún vinni með góðu fólki.

Það er því ekki að heyra á Eddu að hún ætli sér niður á jörðina í bráð en hún var á leið upp í vél til Grænlands þegar blaðamaður náði af henni tali. „Nei ég er alls ekki hætt,“ segir hún hlæjandi. „Þetta er svo yndislegt og gefandi starf.“

*heida@frettabladid.is*








**Afsláttur á Saffran** Allir Íslendingar fá 10% afslátt á nýopnuðum stað Saffrans í Orlando og á öllum stöðum sem veitingahúsakeðjan mun opna erlendis í framtíðinni. Eigendurnir vilja með því þakka Íslendingum fyrir viðskipti við fyrirtækið og þær góðu viðtökur sem það hefur fengið á Íslandi.

















Foli á Melum rétt hjá Akranesi.
MYND/FINNUR ANDRÉSSON



Sigurmyndin af Höfrungi AK.
MYND/FINNUR ANDRÉSSON

# Sefur nú með vélina

**Finnur Andrésson varð atvinnulaus og fór að grúska í ljósmyndun fyrir hálfu ári. Nú er hann með ólæknandi bakteríu sem leiddi til þess að mynd eftir hann fékk mikla athygli á vefsíðu fjölmiðlarisans CNN.**

Finnur Andrésson, áhugaljósmyndari á Akranesi, varð þess heiðurs aðnjótandi nýlega að mynd eftir hann var valin ein af fimm bestu ferðamyndum síðustu fimm ára sem birst hafa á vefsíðu CNN. „Það er ekkert mál að senda myndir inn í i-report, sem er þannig að notendur geta hlaðið inn myndum sjálfir, en það eru ekki allir sem eru valdir í ferðamynd dagsins,“ segir Finnur en honum hefur þrisvar sinnum hlotnast sá heiður áður en hann komst í þessa fimm ára úttekt.



Finnur Andrésson

Síðan sem Finnur hefur hlaðið myndum sínum inn á er ætluð ferðalöngum sem hafa áhuga á að skoða staði sem þeir vilja ferðast til, en á hverju ári tekur síðan við hundruðum þúsunda mynda. „Mér brá svolítið því ég sendi myndina inn fyrir tveimur mánuðum, en síðan er hún valin úr hópi mynda sem hafa borist síðastliðin fimm ár. Ég veit að einhverjir notendur voru óánægðir með að svona nýr áhugaljósmyndari hefði verið valinn en ekki einhver atvinnumaður,“ segir Finnur.



Akrafjall undir hersingu skýja.
MYND/FINNUR ANDRÉSSON

Myndin umrædda er tekin í Slippnum á Akranesi og sýnir skuggann af Höfrungi AK, gömlu tréskipi í sólarlagi undir mögnuðu skýjafari.

Finnur er sjálflærður ljósmyndari en hann hefur lært mikið undanfarið hálft ár í ljósmyndaklúbbi Akraness. „Þetta er góður félagsskapur og ég er búinn að læra mikið af þeim. Ég flutti til Akraness fyrir hálfu ári og hef verið að leita mér að vinnu. Til að halda mér vakandi og verða ekki alveg geðveikur hef ég farið að taka myndir fyrir alvöru,“ segir Finnur og viðurkennir að atvinnuleysið hafi ef til vill ýtt honum í þessa átt.

Nú er hann farinn að reyna fyrir sér í sölu á myndum. „Ég er kominn með mína eigin síðu. Ég ákvað að tékka á nafninu PhotosofIceland.com og varð undrandi að þetta skyldi enn þá vera til, þetta er svo gott nafn ef túristar eru að leita á google,“ segir Finnur en myndir hans má líka nálgast undir sama útlenska heitinu á Facebook.

Nú er svo komið fyrir Finni að hann nánast sefur með myndavélina sína, mundaða á brjóstinu með fingurinn á gikknum. Hann dreymir um að komast á Jökulsárlón því að þar ku vera fallegt og myndefni gott.

*niels@365.is*








Risavaxin vatnsrennibraut liggur um stóran hluta þilfarsins á Disney Dream.

# Von á fjórða skipinu

Disney Dream er nýjasta skemmtiferðaskip Disney en það var sjósett fyrr á þessu ári. Fyrir á Disney, Disney Magic, sem var tekið í notkun árið 1998 og Disney Wonder sem var sjósett ári seinna. Gert er ráð fyrir því að fjórða skipið, Disney Fantasy, verði tekið í notkun í mars á næsta ári en það verður sambærilegt Disney Dream.

Boðið er upp á siglingar umhverfis Bahama-eyjar, Alaska, Mexíkósku rivíeruna og Karíbahafið og eru skipin eins og gefur að skilja þéttsetin barnafjölskyldum. Disney Dream er 40 prósentum stærra en eldri skipin tvö og tekur fjögur þúsund farþega. Innréttingar eru allar innblásnar af hinum ýmsu Disney-ævintýrum og afþreyingin sömuleiðis. Þar rúlla Disney-myndir allan daginn og Disney-fígúrur eru á hverju strái. Um borð er níu holu golfvöllur, körfubolta-, fótbolta- og tennisvöllur, sundlaugar og risavaxin vatnsrennibraut sem liggur um stóran hluta þilfarsins.

Ferðirnar standa frá nokkrum dögum og upp í viku og er um að ræða talsvert aðra upplifun en í hefðbundinni heimsókn í Disney-land.



Afþreyingin sem stendur til boða er öll í anda Disney.



Símans sem sumum fannst argasta guðlast. Sævar var hins vegar himinlifandi yfir herferðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

von á öðru en að sú vinna skili sér í viðunandi niðurstöðu fyrir okkur sem og lánveitendur.“

Með nauðasamningi Existu í fyrra breyttist eignarhald Existu og er það félag nú í sömu stöðu og mýmörg íslensk fyrirtæki: í eigu kröfuhafa. Sævar segir fyrirséð að nýir hluthafar muni koma að móðurfélagi Símans á næstu misserum. „Það eru mikil tækifæri í því að fá inn dreifðara eignarhald á Skiptasamstæðunni sem Síminn er svo stór hluti af,“ segir hann

Og þótt reksturinn hafi ekki þróast í nógu jákvæða átt frá hruni sjái þess loks merki að nú sé að rofa til. Sársaukafullar hagræðingaraðgerðir síðustu þriggja ára séu nú að skila sér. Síminn hafi sett sér metnaðarfull markmið fyrir árið 2013, og ætli sér meðal annars að auka EBITDA um tvo milljarða frá áætlun ársins 2011. Þetta verði meðal annars gert með því að sækja áfram á upplýsingatæknimarkaðinn. „Mörg fyrirtæki njóta nú þess hagræðis að fá þjónustu fyrir fjarskipta- og upplýsingatækniþjónustu á einum stað,“ útskýrir Sævar. Með tilkomu nýrrar tækni og þekkingar starfsmanna sé Síminn nú orðinn tölvudeild margra fyrirtækja.

„Ég get bætt því við að ég er nú Skagamaður, bý á Akranesi og er mjög harður stuðningsmaður ÍA, og sagan segir að Skagamenn séu aldrei í efstu deild þegar það er kreppa á Íslandi. Nú stefnir í að lengstu viðveru Skagamanna utan efstu deildar sé að ljúka og við séum á leiðinni upp, og það þýðir líklega að kreppan er að verða búin.“

## 4G VERÐUR EKKI SAMA BYLTINGIN OG 3G

Síminn hefur sótt um tilraunaleyfi fyrir 4G-farsímatæknina hjá Póst- og fjarskiptastofnun og hyggst hefja rekstur á kerfinu í tilraunaskyni á næsta ári. Sævar segir að fólk ætti ekki að búast við neinni byltingu með tilkomu þeirrar tækni. Ekki sé einu sinni víst að fólk muni almennt taka eftir því þegar hún verður komin í gagnið.

„Núna erum við stödd á þeim stað að það er búið að leggja fyrstu kynslóðina, NMT-kerfið, niður,“ útskýrir Sævar. „Önnur kynslóðin er GSM-kerfið og það mun lifa áfram sem það kerfi sem fólk notar til að hringja sín á milli í fjölskyldu og vini um langt skeið, kannski tíu til fimmtán ár enn. Það sama gildir svo um 3G-kerfið – kerfin munu lifa samhliða hvort öðru í töluverðan tíma. 3G gerði fólki kleift að komast inn á netið nánast hvar sem er í símum og spjaldtölvum og í kjölfarið lögðu mörg fyrirtæki mikinn metnað í að gera heimasíður sínar sérstaklega aðgengilegar á því formi,“ segir Sævar.




„Þegar fjórða kynslóðin kemur inn verður hún hins vegar ekki sama byltingin og 3G var. Hún mun fyrst og fremst hafa í för með sér meiri hraða í gagnaflutningi.“

Sævar segir að líkt og með flestar nýjungar verði 4G-kerfinu líklega komið á laggirnar á höfuðborgarsvæðinu til að byrja með, og það verði síðan í framtíðinni fært út á landsbyggðina alla, enda kappkosti Síminn að þjóna landsmenn alla. Segja megi að það sé arfur frá þeim tíma þegar Síminn var ríkisfyrirtæki og meðal annars vegna þeirrar tengingar sé starfsfólk hans meðvitað um hið ríka samfélagslega hlutverk sem það gegnir, sem lýsi sér í áherslunni á þjónustu við landsbyggðina.



Við leitum að góðu fólki

vísir.is og Fréttablaðið kynna nýjan og öflugan atvinnu- og raðauglýsingavef

Á vefnum getur þú með einföldum hætti flett í gegnum og skoðað atvinnuauglýsingar Fréttablaðsins. Þú kaupir atvinnuauglýsingu í **Fréttablaðinu** - öflugasta auglýsingamiðli landsins og hún birtist frítt í heila viku á einum stærsta vefmiðli landsins – vísir.is

ALLT ATVINNA fylgir helgarblaði Fréttablaðsins... og birtist á vísir.is í viku



FRÉTTABLAÐIÐ vísir.is ...ég sá það á visir.is

# Icelandair Group birtir uppgjör

Icelandair Group birtir uppgjör sitt fyrir annan ársfjórðung 2011 á morgun. Opinn kynningarfundur verður haldinn af þessu tilefni á föstudag á hótelinu Reykjavík Natura. Kynningin hefst klukkan 16.

IFS greining spáir 5 milljóna króna tapi hjá samstæðunni á ársfjórðungnum. Á öðrum ársfjórðungi 2010 skilaði hún tapi sem nam 161 milljón króna. Þá spáir IFS því að heildartekjur hafi numið 23,1 milljarði króna, það er, að tekjur hafi vaxið um 5,9 prósent milli ára.



**ICELANDAIR GROUP** Björgólfur Jóhannsson forstjóri og Bogi Nils Bogason fjármálastjóri munu kynna uppgjörið á föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Á fyrsta ársfjórðungi skilaði Icelandair Group tapi sem nam 1,1 milljarði króna eftir skatta.

GAMLA MYNDIN




**VÆNTANLEGIR VIÐSKIPTAVINIR** Hópuðust að Borgarkringlunni á opnunardaginn. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

# Skammdegi Borgarkringlunnar

**Verslunarmiðstöðin Borgarkringlan varð ekki langlíf og sameinaðist Kringlunni árið 1997.**

Margir muna enn eftir Borgarkringlunni, verslunarmiðstöð sem reis milli Kringlunnar og Borgarleikhússins í upphafi tíunda áratugar síðustu aldar. Þar mátti á sínum tíma finna tugi verslana og veitingahús líkt og Ömmu Lú og Kringlukrána, sem er við lýði enn í dag.

Gamla myndin að þessu sinni var tekin á opnunardegi Borgarkringlunnar hinn 1. júní árið 1991.

Í upphafi var stefna eigenda sú að með opnun Borgarkringlunnar væri hægt að efla enn frekar vaxandi kjarna þjónustu og verslunar sem var að myndast á svæðinu.

Í fyrstu gekk reksturinn vel, eftir því sem forsvarsmenn Borgarkringlunnar sögðu í fjölmiðlum. Hins vegar dró ský fyrir sólu og eftir því sem árin liðu þyngdist róðurinn. Árið 1997, sex árum eftir opnun, var Borgarkringlan sameinuð Kringlunni og sambyggð í framhaldinu.

Lánastofnanir sem áttu kröfur í Borgarkringluna komu þessu í kring, en í framhaldinu var ákveðið að stórbreyta öllu umhverfi milli húsanna tveggja. Þau voru tengd saman með viðbyggingu auk þess sem bíósalur Kringlubíós var byggður.

Sólin glæsilega var tekin niður af stalli sínum og var sólsetur þessa kennimerkis táknrænt fyrir örlög Borgarkringlunnar. Í Kringlunni nú er lítið sem bendir til þess að um tvær aðskildar byggingar hafi verið að ræða. -þj





Lesendur gefa sér góðan tíma í Fréttablaðið

Það skiptir máli hvaða blað fólk gefur sér tíma til að lesa. Ný Prentmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir að **lesendur á aldrinum 12-59 ára gefa sér lengri tíma til að lesa Fréttablaðið en Morgunblaðið.** Við hlökkum til að færa ykkur fleiri góðar stundir í framtíðinni.

*Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Mældur er tími sem fer í lestur hvers eintaks Morgunblaðsins og Fréttablaðsins hjá lesendum á aldrinum 12-59 ára á öllu landinu.



**Allt sem þú þarft...**


# Fjögur atriði um ráðningar hjá sprotafyrirtækjum

SPROTAR



**Ingvar Hjálmarsson**
tölvunarfræðingur

Þegar litli sprotinn þinn hefur náð flugi og verkefnin orðin þannig að þig vantar meiri hjálp í fyrirtækinu þá kemur upp spurningin um hvort þú farir að ráða starfsfólk. Jafnvel krefst hugmynd þín þess að þú þurfir að ráða starfsfólk frá fyrsta degi í rekstri sprotans. Þetta er stórt skref fyrir hvern frumkvöðul því með þessu ertu að hafa mikil áhrif á líf þeirra sem þú ræður í vinnu. Allt í einu ert þú orðinn atvinnurekandi og það krefst mikillar ábyrgðar. Þessi grein fjallar um nokkur atriði sem gott er að hafa í huga þegar þú ræður þína fyrstu starfsmenn.

**1. ÞARFTU RAUNVERULEGA AÐ RÁÐA?**

Þetta er fyrsta spurningin sem atvinnurekandi þarf að spyrja sig. Þú þarft að vera alveg viss um þörfina áður en þú ræður starfsfólk til vinnu. Ekki viltu vera í þeirri stöðu eftir sex mánuði frá ráðningu að öll verkefni fyrir nýja starfsmanninn séu búin og þú þurfir að segja viðkomandi upp. Til að skipuleggja fyrstu ráðninguna þína skaltu skoða marga þætti. Eitt fyrsta atriðið sem þú skalt skoða er eðli verkefnanna fyrir nýja starfsfólkið. Eru þetta verkefni sem eru tímabundin eða munu þau halda áfram endalaust? Fyrir tímabundin verkefni gæti verið betra að fá verktaka til að sinna þeim eða jafnvel gera tímabundnar ráðningar. Eðli hvers ráðningarforms hefur sína kosti og galla. Með verktökum og tímabundnum ráðningum þá geturðu t.d. tapað mikilvægri þekkingu út úr fyrirtækinu eftir að verkefninu lýkur. Kosturinn við fastráðningar er að þú getur byggt upp þekkingu hjá því starfsfólki og þannig innlimað það betur í menningu fyrirtækisins. Þú skalt vera alveg viss um það að reksturinn beri það að geta greitt starfsmanninum laun á réttum tíma. Einn stærsti kosturinn við að ráða starfsfólk er að þú sem stofnandinn getur opnað þannig tíma fyrir þig til að einbeita þér að öðrum verkefnum sem betra væri fyrir fyrirtækið að þú myndir einbeita þér að. Ef niðurstaða þín er að þú þurfir sannarlega að ráða inn fólk og eðli verkefnanna sem það á að leysa liggur fyrir þá er tímabært að skoða næsta skref.

**2. HVAÐA EIGINLEIKUM EIGA STARFSMENN ÞÍNIR AÐ BÚA YFIR?**

Við erum jafn ólík og við erum mörg. Þú þarft að vera viss um hvaða eiginleikum þú ert að leita að fyrir þau verkefni sem þú vilt að séu innt af hendi. Eru verkefnin þannig að þau krefjast mikillar sérfræðikunnáttu, framhaldsmenntunar, iðnmenntunar eða annarra faglegra eiginleika? Ertu að leita að fólki sem þarf ekki að búa yfir formlegri þjálfun en getur fengið starfsþjálfun hjá þér? Þú skalt ekki horfa eingöngu í faglega eiginleika. Aðrir þættir skipta líka miklu máli – sérstaklega þegar hópurinn er lítill og mikilvægt er að heildin vinni vel saman. Gerðu þér grein fyrir hvers konar fólki þú vinnur vel með og átt auðvelt með samskipti við. Þetta fólk þarf alls ekki að vera alveg eins og þú að öllu leyti – þvert á móti skaltu líka reyna að ráða fólk sem er öðruvísi en þú. Hins vegar skaltu vera alveg viss um að allir starfsmenn passi inn í hópinn sem þú ert að mynda. Lífið í nýjum fyrirtækjum einkennist af miklu róti – dalirnir geta verið djúpir þegar illa gengur en tindarnir líka háir þegar vel gengur. Í ráðningarferlinu sjálfu skaltu draga upp raunverulega mynd af fyrirtækinu þínu og gerðu fólkinu grein fyrir því hvað það er að fara út í. Þannig nærðu að sía út þá sem hafa þolgæði í rússíbanareiðina sem er fram undan.

**3. SKAPAÐU FYRIRTÆKJAMENNINGU STRAX**

Þegar þú hefur skilgreint verkefnin og þá eiginleika sem þú leitar að skaltu útbúa þér skýra starfsmannastefnu og skilgreina gildi fyrirtækisins vel. Þannig nærðu að skapa þá fyrirtækjamenningu sem er þér að skapi. Hér verður ekki farið út í öll þau atriði sem þarf að hafa á hreinu fyrir þessi atriði. Til eru mörg ráðgjafafyrirtæki sem geta aðstoðað með þá hluti. Fyrir þig, sem frumkvöðul, er hins vegar mjög gott að byggja gildin á þeim grunni sem fyrirtækið var stofnað á. Þannig nærðu að smita þínum eldmóði og lífsskoðunum til starfsmanna þinna. Mundu að án góðra starfsmanna sem vilja taka þátt í því umhverfi sem fyrirtækið býður upp á áttu verri möguleika að ná árangri. Þetta þýðir að þú skalt hlúa vel að þeim starfsmönnum sem þú ræður. Hvort sem þú ert að ráða þinn fyrsta starfsmann eða að bæta hundraðasta starfsmanninum við skaltu alltaf leggja jafnmikla áherslu á þjálfun og móttöku nýrra starfsmanna. Þetta er besta leiðin þín til að tryggja það að starfsmennirnir aðlagist að menningu fyrirtækisins og viti til hvers er ætlast af þeim. Fyrir hvert starf sem þú ræður í skaltu vera með á hreinu hvaða þjálfun starfsmennirnir þurfa að fara í gegnum. Sprotafyrirtæki hafa það fram yfir mörg önnur fyrirtæki að auðveldara getur verið að mynda þétta hópstemningu, flatt skipulag þessara fyrirtækja leyfir fólki að njóta sín og tryggir gott upplýsingaflæði milli starfsfólks. Þessir þættir gera sprotafyrirtæki að eftirsóknarverðum vinnustöðum.

**4. VAXTARVERKIR**

Fyrirtæki sem vaxa hratt og þurfa að bæta ört við sig starfsfólki geta upplifað vaxtarverki. Þetta eru atriði eins og breyttur fyrirtækjamórall, minni kröfur til umsækjenda um lausar stöður, upplýsingaflæðið minnkar í fyrirtækinu, starfsfólk tapar áttum um stefnu fyrirtækisins, vinna fólks verður ómarkviss og stjórnun verður erfiðari. Þetta eru allt merki um að endurskoða gæti þurft innra skipulag fyrirtækisins, s.s. skipuritið, verkferla og daglega vinnu. Einnig getur ráðning starfsmannastjóra eða sérhæfðra ráðgjafa skipt sköpum fyrir fyrirtækið á þessum tímum. Þetta er algengt vandamál sem krefst hins vegar réttra viðbragða til að leysa farsællega.

Það er ljóst að margir þættir spila inn í ráðningu starfsfólks. Eitt er þó víst að með ráðningu rétta fólksins þá nærðu að byggja mikil verðmæti inn í fyrirtækið þitt. Það eru engin verðmæti eins gjöful og öflugt starfsfólk. Með rétta teyminu í réttu verkefnunum getur frumkvöðullinn sjálfur jafnvel gefið eftir stóran hluta af sínum verkefnum, slakað á og horft á sprotann sinn vaxa af sjálfsdáðum – þökk sé dyggum hópi starfsmanna.

**GREINARÖÐ UM NÝSKÖPUN**

Markaðurinn birtir röð greina um mikilvæg atriði fyrir sprotafyrirtæki.

Ingvar Hjálmarsson hefur tíu ára reynslu úr heimi margs konar fyrirtækja, bæði sprota og stærri fyrirtækjum. Þar hefur hann unnið að rekstri, vöruþróun, vörustýringu, sölu- og markaðsmálum og fleiri þáttum. Hægt er að senda höfundi línu á ingvarh@gmail.com

# Fimm milljarðar til Grikklands

Norðmenn tilkynntu Grikkjum á mánudag að Ísland, Noregur og Liechtenstein myndu að nýju veita Grikkjum styrki úr Þróunarsjóði EFTA, að því er kemur fram meðal annars á vef norska utanríkisráðuneytisins.

Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, lýsti þessu yfir á blaðamannafundi með grískum kollega sínum, Stavros Lambrinidis. Sá var í sérstakri heimsókn í Noregi til að votta Norðmönnum samúð sína vegna hryðjuverka Anders Behrings Breivik.

Áðurnefndar greiðslur til Grikklands voru fryst-ar 19. maí þar sem Grikkir höfðu ekki þótt standa nægilega vel við ýmsar skuldbindingar sínar vegna þeirra. Á þeim tíma höfðu Grikkir fengið rúmar 270 milljónir króna.

Tæplega fimm milljarðar króna fara í ár til Grikklands í gegnum þessa styrki, en þátttaka Íslands í þeim er tilkomin vegna EES-samstarfsins.

Styrkirnir miða að því að auka félagslegan og efnahagslegan jöfnuð í ríkjum Evrópusambandsins í Mið- og Suður-Evrópu.



**STAVROS LAMBRINIDIS** Utanríkisráðherra Grikklands fundaði með Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, í Ósló. NORDICPHOTOS/AFP

Í heildina leggur Ísland til 7 milljónir evra á ári í sjóðinn, eða tæpa 1,2 milljarða króna. - kóþ


adidas
run in comfort
adidas
RUNNING

**230** krónur er mið-aflandsgengi evru.

**AA+** er lánshæfiseinkunn Bandaríkjanna hjá Standard & Poor´s eftir lækkunina í síðustu viku.

**3,8** milljarðar króna voru tekjur ríkissjóðs af auðlegðarskatti árið 2010.

BANKAHÓLFIÐ

## Skipulagsbreyting í Seðlabankanum

Seðlabanki Íslands auglýsti nýverið eftir fimm nýjum starfsmönnum, þar á meðal tveimur framkvæmdastjórum.

Verið er að gera skipulagsbreytingar innan bankans og er auglýst eftir framkvæmdastjórum til að stýra tveimur nýjum sviðum: framkvæmdastjóra fjármálastöðugleika og framkvæmdastjóra greiðslukerfa.

Hinn 1. september næstkomandi hættir Tryggvi Pálsson sem verið hefur framkvæmdastjóri fjármálasviðs bankans og þar með einn helsti stjórnandi hans.



## Björn Þór til Svíþjóðar

Björn Þór Arnarson, hagfræðingur Viðskiptaráðs, lætur af störfum í haust. Björn var ráðinn til Viðskiptaráðs í lok árs 2009 en er nú að flytjast til Svíþjóðar þar sem hann mun hefja doktorsnám í hagfræði. Leit hefur staðið yfir að eftirmanni hans.



## Golfmót viðskiptaráða

Hið árlega golfmót Viðskiptaráðs og millilandaráðanna, International Chamber Cup, fer fram 1. september næstkomandi. Skráning stendur yfir.

Mótið verður haldið hjá Golfklúbbi Reykjavíkur í Grafarholti. Öllum meðlimum Viðskiptaráðs sem og meðlimum millilandaráðanna er velkomið að taka þátt.

Keppt verður um farandbikar í liðakeppni sem fer þannig fram að þrjú bestu skorin frá hverju ráði telja. Í fyrra bar Sænsk-íslenska viðskiptaráðið sigur úr býtum. Þá verða veitt ýmis önnur verðlaun.



Apótekið þitt

í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.






*Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð. Apótekið er í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.*

**Frí heimsendingarþjónusta til eldri borgara og öryrkja.**

AFGREIÐSLUTÍMI
9–18:30 virka daga
10–16:00 laugardaga

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is



# Einstakir einleikir á Ísafirði

Einleikjahátíðin, Act alone, verður haldin áttunda árið í röð dagana 12. til 14. ágúst. Hátíðin verður ekki eingöngu á Ísafirði heldur einnig á Hrafnseyri í Arnarfirði.

Dagskrá Act alone 2011 er fjölbreytt. Boðið verður upp á fjölmarga innlenda leiki og einn erlendan gestaleik. Sá leikur er frá Noregi og nefnist The Whole Caboodle með leikkonunni Söru Margrethe Oskal og er opnunarsýning Act alone. Listakonan er Sami og hefur verið að vinna með eigin sagnaarf í sinni list. Sýningin er á ensku og hefur verið sýnd víða um heim.

Átta innlendir einleikir verða á dagskrá Act alone í ár. Nýjasti einleikurinn er Skjaldbakan með Smára Gunnarssyni sem verður sýndur á fyrsta degi Act alone og einnig mun prinsessan á Bessastöðum koma í opinbera heimsókn á Ísafjörð. Nemendur í Leikfélagi Flensborgarskóla hafa verið að vinna með einleikjaformið síðustu misseri og munu sýna úrval stuttra einleikja.

Á öðrum degi Act alone verða þrír einleikir sýndir og hefst dagurinn með leiknum Beðið eftir gæsinni eftir Ásgeir Hvítaskáld. Ragnheiður Bjarnason sýnir dansverkið Kyrrja og Lilja Katrín Gunnarsdóttir flytur leik sinn Mamma ég!. Einnig verður opin æfing á einleiknum Hvílíkt snilldarverk er maðurinn! sem verður frumsýndur í haust með leikaranum Sigurði Skúlasyni.

Á lokadegi hátíðarinnar flyst dagskráin yfir á Hrafnseyri í Arnarfirði. Þar verður sýndur sögulegi einleikurinn Bjarni á Fönix og hátíðinni lýkur síðan með einleiknum Jón Sigurðsson strákur að vestan sem var sérstaklega saminn í tilefni af 200 ára afmæli þjóðhetjunnar. Dagskrá Act alone 2011 og allar upplýsingar um hátíðina má finna á heimasíðunni www.actalone.net.

Aðgangur að öllum sýningum á Act alone er ókeypis.



**MAMMA ÉG!** Lilja Katrín Gunnarsdóttir mun flytja einleik á Act alone en einleikjahátíðin fer fram á Ísafirði um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**GRASAGARÐURINN Í LAUGARDAL** Boðið verður upp á fræðslugöngu í garðinum á morgun.

# Plöntur og te í Grasagarðinum

Boðið verður upp á fræðslugöngu um Grasagarðinn í Laugardal á morgun klukkan 20. Þar verður skipulag og ný stækkun garðsins kynnt.

Grasagarður Reykjavíkur var stofnaður 18. ágúst 1961 og fagnar því 50 ára afmæli í ár. Garðurinn skipar stóran sess í garðsögu Íslands og hefur þróast mikið á þeirri hálfu öld sem liðin er frá stofnun hans. Í upphafi voru safngripir hans aðeins 200 talsins á 700 fermetra svæði, en nú er Grasagarðurinn rúmlega fimm hektarar að stærð og í honum um 5.000 tegundir plantna í átta safndeildum. Nýjasta viðbót garðsins er 2,4 hektara stækkun á trjásafni, þar sem trjáplöntum er raðað saman eftir uppruna. Hugað er að nýjum safndeildum á nýja svæðinu, auk fjölbreytileikans í starfsemi garðsins.

Hönnuður nýja trjásafnsins, Margrét Sigurðardóttir landslagsarkitekt FÍLA og verkefnisstjóri hönnunar hjá umhverfis- og samgöngusviði borgarinnar, sér um leiðsögnina.

Þátttaka er ókeypis og að lokinni göngu verður boðið upp á piparmyntute. Mæting við aðalinngang klukkan 20.

# Nám sem opnar fólki ýmsar dyr

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, SÍMEY, býður upp á fjölda spennandi námskeiða á hverri önn og er gott úrval lengri og styttri námskeiða í boði.

Grunnmenntaskólinn er á meðal lengri námskeiða sem SÍMEY býður upp á í september, eða alls 200 klukkustundir. Tilgangurinn er að stuðla að jákvæðu viðhorfi til áframhaldandi náms og auðvelda fólki að takast á við ný verkefni. Meðal námsgreina eru íslenska, enska, stærðfræði, sjálfstyrking, tölvur, verkefnavinna og tjáning.

Þá er verið að skipuleggja tómstundanámskeið miðstöðvarinnar og verða allar upplýsingar um námskeiðin komnar inn á á heimasíðuna www.simey.is í byrjun september.

Allar frekari upplýsingar um námskeið og þjónustu SÍMEY eru veittar á skrifstofu miðstöðvarinnar í síma 460 5720 alla virka daga frá klukkan 8 til 16.



**EITTHVAÐ VIÐ ALLRA HÆFI** SÍMEY býður gott úrval námskeiða sem veita starfsréttindi eða rétt til náms á hærri skólastigum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS




†

*Elskuleg móðir okkar, dóttir, systir, tengdamóðir, mágkona, frænka og vinkona,*

**Katrín Ingimarsdóttir**

Bugðulæk 16, Reykjavík, áður til heimilis að Hjarðarlandi 6, Mosfellsbæ,

andaðist á fallegasta degi sumarsins, sunnudaginn 7. ágúst 2011 á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, í stórum faðmi fjölskyldu og vina.

**Ingibjörg Kristín Halldórsdóttir**
**V. Ester Straumberg Halldórsdóttir**
**Kristinn Ingi Halldórsson**
**Ingimar G. Jónsson** **Vigdís Ester Eyjólfsdóttir**
**systkini, makar og aðrir aðstandendur.**



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, afa og bróður,*

**Hólmsteins Pjeturssonar.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Heimaaðhlynningar og líknardeildarinnar í Kópavogi.

**Hallfríður Einarsdóttir og fjölskyldur.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Pálína Sveinbjörg Andrésdóttir**

Hrafnistu Reykjavík

Lést þann 4. ágúst. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju, þriðjudaginn 16. ágúst kl. 13.00.

**Davíð Garðarsson** **Gerd Garðarsdóttir**
**Hjörtur Pálsson** **Ragnhildur G. Hermannsdóttir**
**Ólöf Ingibjörg, Jón Garðar, Guðlaugur Magni, Davíð Jóhann, Páll, Andrés Brynjar, Unnur Ósk, Birgir Páll, Hermann Jakob og langömmubörn.**



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar,*

**Írisar Sigurbjargar Sigurðardóttur**

Sólhlíð 19, Vestmannaeyjum.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sjúkrahúss Vestmannaeyja fyrir frábæra umönnun og hlýjan hug.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Hafsteinn Ágústsson.**



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,*

**Sigurðar Sveinssonar**

frá Góustöðum, Hlíðarvegi 1, Ísafirði.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði fyrir frábæra umönnun.

**Gerður Pétursdóttir**
**Guðríður Sigurðardóttir** **Samúel Einarsson**
**Sigrún Sigurðardóttir** **Kristinn Halldórsson**
**Geir Sigurðsson** **Edda Björg Kristmundsdóttir**
**Kristjana Sigurðardóttir** **Gunnlaugur Gunnlaugsson**
**og barnabörn.**



†

*Elskuleg systir okkar, mágkona og frænka,*

**Geirlaug Filippusdóttir**

Kaupvangi 43, Egilsstöðum,

lést á heimili sínu laugardaginn 6. ágúst. Útförin fer fram frá Seyðisfjarðarkirkju laugardaginn 13. ágúst kl. 14.00.

**Sigurður Filippusson** **Soffía Ívarsdóttir**
**Andrés Filippusson**
**Magnús Filippusson**
**Stefán Filippusson**
**Sunneva Filippusdóttir** **Torfi Matthíasson**
**Ragnhildur Filippusdóttir** **Kristján Helgason**
**og systkinabörn.**



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs sonar okkar, bróður og barnabarns,*

**Sindra Dags Garðarssonar**

Jörundarholti 202, 300 Akranesi,

sem lést á bráðamóttöku Barnaspítala Hringsins föstudaginn 24. júlí. Starfsfólki Barnaspítalans, Rjóðurs, skammtímavistunar í Holti, sérdeildar Brekkubæjarskóla og öllum þeim sem hafa annast hann í gegnum árin viljum við þakka einstaka umönnun og umhyggju. Kærar þakkir.

**Garðar Garðarsson** **Guðleif Hallgrímsdóttir**
**Guðmundur Gestur** **Dagný Björk**
**Hallgrímur Hafliðason** **Sigurbjörg Þórðardóttir**
**Dagný Guðmundsdóttir**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

SUMAR AFGREIÐSLUTÍMI OPNUM Í DAG KL.11:00



69
33 CL DÓS

MOUNTAIN DEW - EGILS MIX - EGILS APPELSÍN - PEPSI - PEPSI MAX



659
4 FLÖSKUR

Coke 1.5 ltr x 4 fl ; **6 ltr.**



198
TRÓPÍ 1 LTR.



198
KR. 570G
HEINZ TÓMATSÓSA



29
KR. 85G
EUROSHOPPER NÚÐLUR 85g

**FERSKT BLANDAÐ HAKK**
*NAUT OG GRÍS* **100% KJÖT**



998
KR. KG



249
KR. 1 KG

BARILLA SPAGHETTI 1 KG 249 KR. PAKKINN.



198
KR. KG

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
**FROSIN LAMBASVIÐ**

**ÞÝSK KALKÚNABRINGA**
*MINNA EN 1% FITA*

FRYSTI VARA



1995
KR. KG



695
KR. KG

**FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR**

*FERSKUR*
**KJÖFUGLS-KJÚKLINGUR**



1398
KR. KG

ÞÝSKAR FROSNAR
**GRÍSALUNDIR**




1498
KR. 900G

EUROSHOPPER FROSNAR
**KJÚKLINGABRINGUR**



1995
KR. KG

**FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR**

SUMAR AFGREIÐSLUTÍMI OPNUM Í DAG KL.11:00

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** bættu við, **6.** tímabil, **8.** sægur, **9.** hluti kynfæra, **11.** skóli, **12.** rabb, **14.** blóm, **16.** tveir eins, **17.** hópur, **18.** for, **20.** átt, **21.** málmur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** loga, **3.** umhverfis, **4.** örvandi efni, **5.** sarg, **7.** starfræksla, **10.** kvk nafn, **13.** mjög, **15.** þitt, **16.** hald, **19.** kyrrð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** juku, **6.** ár, **8.** mor, **9.** leg, **11.** fg, **12.** skraf, **14.** sóley, **16.** tt, **17.** lið, **18.** aur, **20.** na, **21.** króm.
**LÓÐRÉTT: 1.** báls, **3.** um, **4.** koffein, **5.** urg, **7.** rekstur, **10.** gró, **13.** all, **15.** yðar, **16.** tak, **19.** ró.


Fasteignasala Mosfellsbæjar

KJARNA - ÞVERHOLTI 2
• 270 MOSFELLSBÆ
• SÍMI: 586 8080
• FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

**Opið hús í dag miðvikudag**
**frá kl. 17:30 til 18:00**

**Hallakur 4a - 210 Garðabær**



**Íbúð 201**
Falleg og rúmgóð 4ra herbergja, 138,4 m2 íbúð á 2 hæð. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, stofu, eldhús, þvottahús, baðh. með sturtu og baðkari og þrjú svefnherbergi. Íbúðinni fylgir 13,4 m2 sérgeymsla í kjallara. Fallegar innréttingar, parket og flísar eru á gólfum. Stórar svalir.
**búðin er nýmáluð og tilbúin til afhendingar. V. 33,0 m.**

**Íbúð 202**
Björt 3ja herbergja, 117 m2 íbúð á 2. hæð við Hallakur 4A í Garðabæ. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, þvottahús, tvö svefnherbergi og baðherbergi með sturtu og baðkari. Íbúðinni fylgir 14,6 m2 sér geymsla í kjallara. Fallegar innréttingar, parket og flísar eru á gólfum.
**Íbúðin er nýmáluð og tilbúin til afhendingar. V. 27,9 m.**






Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing




FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001-2011

Allt sem þú þarft


# Sögulok fyrir Megas

**BAKÞANKAR**
**Jóns Sigurðar Eyjólfssonar**

Snemma á tíunda áratugnum varð ég þess heiðurs aðnjótandi að komast á spjall með Megasi. Þegar ég sagði honum að ég væri frá Bíldudal sagði hann mér frá einni heimsókn sinni þangað. Var það hin mesta sæluvist, enda er skáldið í miklum metum í dalnum, en þó varð honum brugðið er hann sá annarlega mynd liggja á glámbekk. Mig minnir að hann hafi sagt glámbekk frekar en klámbekk.



**ÞETTA VAR** mynd af afskornum fingri sem lá á diski eins og humarhali sem er reiddur fram á dýrum veitingastað. Ég var ungur þá svo ég taldi víst að þessi mynd væri líklegast frá einhverjum utanbæjardónanum. Þótti Megasi það örugglega snautleg sögulok á annars dularfullu máli. En um þarsíðustu helgi komst ég til botns í þessu máli en þá sá ég myndina og komst að því hvers handar fingurinn var. Ekki svo að skilja að ég hafi kannast við stubbinn heldur var þarna sögufróður maður sem sagði mér frá.

**ÉG VISSI** reyndar vel að það var eitt sinn kistusmiður í þorpinu og var hann hagleikssmiður. En hans rammbeitta sög átti það til að vera með læti við hann þegar hann var búinn að fá sér í glas. Í eitt skiptið komst síðan sögin milli fingurs og handar. Tel ég ólíklegt að menn hafi haft gaman af en samt var þetta myndað í einhverju sprelli.

**ÖÐRU SINNI** fór það svo að kistusmiðurinn var að saga eftir að hafa sopið hressilega á brennivíni og endaði það með því að smiðurinn fór til læknisins með fingur hangandi á stubbnum. Svo laginn var læknirinn að hann kom puttanum aftur haganlega fyrir og gat smiðurinn notað hann eftir sem áður. Hann náði meira að segja að nýta sér þetta atvik því konan var endalaust að fetta fingur út í víndrykkju húsbóndans. Sagði hann konu sinni að þar sem þetta hefði hent hann svona drukkinn hefði læknirinn sagt að það mætti helst ekki renna af honum meðan fingurinn væri að gróa. Kom konan færandi hendi með veigar sem fengnar voru úr vínskápum héðan og þaðan úr þorpinu.

**ÉG ER** viss um að Vinnueftirlitið er sammála mér um það að þessi saga kenni manni hversu mikilvægt það er að þekkja sögurnar úr sveitinni sinni. Það er nefnilega aldrei að vita hvenær maður lendir á spjalli með stórskáldinu.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

## STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM




Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

**OPNUNARTÍMAR**

**Virka daga**
10:00 - 18:30

**Laugardaga**
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer · ASUS · DELL · hp · lenovo · packard bell · SAMSUNG · SONY · TOSHIBA

# Sjónvarps

## AFMÆLISVIKA

## TROÐFULL BÚÐ AF FR




**Panasonic TXP42CX3**
Flott 600Hz 42" Plasma sjónvarp frá meisturum Panasonic.

**TILBOÐ 99.990**
FULLT VERÐ kr. 149.990




**Finlux 32FLX905U**
Gott 32" tæki frá Finlux með 2 USB og 2 HDMI tengjum.

**TILBOÐ 59.990**
FULLT VERÐ kr. 84.990

Panasonic

FINLUX

**Panasonic** Blu-ray Disc DVD VIDEO



**Panasonic DMPBD75**
Vandaður Blu-ray/DVD spilari á ótrúlegu tilboði. Nú er tækifærið til að skipta DVD spilaranum í Blu-ray spilara.

**TILBOÐ 19.990**
FULLT VERÐ kr. 44.990



**Panasonic SCBT230**
1000w 5 hátalara heimabíó með bassahátalara og Blu-ray spilara á ómótstæðilegu tilboði.

Blu-ray Disc

**TILBOÐ 49.990**
FULLT VERÐ kr. 89.990

BARA BROT AF ÚRVALINU • TILBOÐIN GILDA 8-13 ÁGÚST EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

# miðstöðin 40 ára

*Við erum í hátíðarskapi og höfum sett saman fullt af girnilegum afmælistilboðum frá okkar virtustu samstarfsaðilum.*

## RÁBÆRUM TILBOÐUM




*Ótrúlega flott tæki hannað af Jakob Jensen.*

**Toshiba 40LV833N**
40" LCD háskerpusjónvarp.

TILBOÐ 119.990
FULLT VERÐ kr. 149.990

**Toshiba 40WL768N**
40" LED þrívíddarsjónvarp á áður óþekktu verði.

TILBOÐ 149.990
FULLT VERÐ kr. 199.990

TOSHIBA

Panasonic

TILBOÐ 14.990
FULLT VERÐ kr. 22.990




**Panasonic DMCS1SI**
Vönduð myndavél með háskerpu hreyfimyndatöku.



Alltaf gæði og góð kaup!

STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

folk@frettabladid.is



**120 MILLJÓNIR** áhorfenda horfðu á sjónvarpsþáttaröðina Aðþrengdar eiginkonur á heimsvísu þegar mest var. Aðstandendur þáttanna tilkynntu í vikunni að næsta þáttaröð væri sú síðasta en sjónvarpsþættirnir vinsælu fóru fyrst í loftið árið 2004.

# Sumartískan 2012 sýnd í Kaupmannahöfn

**Hönnuðir og innkaupafólk frá öllum heimshornum sótti Kaupmannahöfn heim um helgina þar sem farið var yfir strauma og stefnur sumarsins 2012.**

Það er gaman að sjá að litadýrð sumarsins heldur áfram næsta sumar. Bleikur og myntugrænn voru ríkjandi á Tískuvikunni í Kaupmannahöfn sem og ljósgrár og auðvitað hvítur, sem allajafna kemur sterkur inn í fataskápinn á sumrin.

Gegnsæ efni, litað leður og hreinar línur voru áberandi. Dönsku merkin Stine Goya, Malene Birger, Inwear, sænska merkið Minimarket og hin norska Veronica B Vallenes vöktu einna helst athygli á tískuvikunni.

Íslendingar eru hrifnir af danskri tísku og má gera ráð fyrir að einhver þessara flíka verði til sölu í búðum hérlendis næsta sumar. - áp

NORDICPHOTOS/GETTY



**GEGNSÆTT** Hvítur gegnsær kjóll yfir bikiní frá Minimarket. Takið eftir skemmtilegum armaböndum á upphandleggnum.



**LITADÝRÐ** Grænar leðurbuxur og bleikir skór með mjórri tá frá Malene Birger.



**MYNTUGRÆNN** Hreinar línur voru áberandi á sýningu Veronicu B Vallenes. Skartið frá skartgripahönnuðinum Björg vakti mikla athygli.



**SKYRTUR** Síð skyrta hneppt upp í háls frá Stine Goya.



**JAKKAFÖT** Víð snið og daufir litir frá Veronicu B Vallenes.

**HERRALEGT** Nýja sumarlínan frá Inwear var hressandi og unglegri en oft áður. Innblástur frá herratískunni heldur greinilega áfram næsta sumar.

**GULT** Sítt pils, gul skyrta og þykkir sólar frá Minimarket.

**RAUTT HÁR** Myntugræn peysa og skór með gullsóla frá Stine Goya en fyrirsæturnar voru allar með rauðhærða hárkollu í stíl við hár hönnuðarins.

# Hjónasvipur með íslensku merkjunum í Kaupmannahöfn

„Við fundum fyrir mjög miklum áhuga og erum því sátt við helgina," segir Brynhildur Þórðardóttir fatahönnuður um helgina á Tískuvikunni í Kaupmannahöfn.

Brynhildur hannar fyrir merkið Lúka Art & Design og var að fara á Tískuvikuna í Kaupmannahöfn í fyrsta sinn en þangað fóru einnig Kron by KronKron, Diza by Alprjón, Farmers Market og Andersen & Lauth.

„Sýningin var vel heppnuð og við ánægð með hversu margir komu við í básnum okkar. Ég er núna bara að fara í gegnum alla hrúguna af nafnspjöldum sem við fengum til að fylgja áhuganum eftir," segir Brynhildur og staðfestir að fjórar vefverslanir í Skandínavíu ætli að selja Lúka Art & Design hjá sér í vetur og svo fengu þau boð á Prêt à Porter-sýninguna í París.

Brynhildur rekur fyrirtækið ásamt eiginmanni sínum, Rúnari Leifssyni, sem fór með henni út. Svo skemmtilega vildi til að á Tískuvikunni í Kaupmannahöfn voru fjögur af fimm fatamerkjum frá Íslandi rekin af hjónum. Það var því ákveðinn hjónaandi sem sveif yfir básum íslensku tískumerkjanna.

Jóel Pálsson og Bergþóra Guðnadóttir eru fólkið á bak við fatnaðinn frá Farmers Market. Parið Hugrún Árnadóttir og Magni Þorsteinsson eru saman með Kron by KronKron. Svo eru það Gunnar Hilmarsson og Kolbrún eiginkona hans sem reka og hanna saman merkið Andersen & Lauth. - áp



**LOPAPEYSUR OG SILKIKJÓLAR** Hjónin Bergþóra Guðnadóttir og Jóel Pálsson hjá Farmers Market voru líka í Kaupmannahöfn ásamt þeim Gunnari Hilmarssyni og Kolbrúnu hjá Andersen & Lauth.



**SÁTT MEÐ KAUPMANNAHÖFN** Þau Brynhildur Þórðardóttir og Rúnar Leifsson seldu merkið sitt, Lúka Art &Design, í fjórar Skandinavískar vefverslanir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**SKÓR** Parið Hugrún Árnadóttir og Magni Þorsteinsson voru ekki í fyrsta sinn að sýna merkið sitt, Kron by KronKron í Kaupmannahöfn.

# Æsispennandi krimmi eftir höfunda metsölubókarinnar Barnið í ferðatöskunni






**Hægur dauði** er önnur bók danska tvíeykisins Kaaberbøl og Friis um hjúkrunarkonuna Ninu Borg sem vinnur fyrir ólöglega innflytjendur í Danmörku.

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

★★★★ *„Smellur ársins"*
Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttatíminn
*Um Barnið í ferðatöskunni*

*„Eðalreyfari til að gleypa í einum bita"*
Ingveldur Geirsdóttir / Morgunblaðið
*Um Barnið í ferðatöskunni*

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
HÖRKU SPENNUMYND FRÁ LEIKSTJÓRA IRON MAN
POWERSÝNING KL. 10.00
M.M.J - kvikmyndir.is
T.V. - kvikmyndir.is
COWBOYS ALIENS
HVAR Í STRUMPANUM ERUM VIÐ?
ÍSLENSKT TAL
SÝND Í 2D OG 3D
STRUMPARNIR
H.V.A. - FBL
T.V. - kvikmyndir.is
CAPTAIN AMERICA
BRIDESMAIDS

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| COWBOYS & ALIENS | 5, 7.30 og 10(POWER) |
| STRUMPARNIR - 3D | 4 og 6 - ISL TAL |
| STRUMPARNIR - 2D | 4 - ISL TAL |
| CAPTAIN AMERICA - 3D | 8 og 10.30 |
| BRIDESMAIDS | 7.30 og 10 |

SAMBÍÓIN
★★★ M.M.J - Kvikmyndir.com
★★★1/2 „Bráðskemmtilegur hrærigrautur af sci-fi í Spielberg-stíl og klassískum vestra. Craig og Ford eru eitursvalir!“ T.V. - Kvikmyndir.is / Séð og Heyrt
HÖRKU SPENNUMYND FRÁ LEIKSTJÓRA IRON MAN
Hinir einu sönnu Strumpar mæta loksins á hvíta tjaldið og fara á kostum í stærsta ævintýri ársins.
STÓRKOSTLEGAR TÆKNIBRELLUR

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| COWBOYS & ALIENS | Sýnd kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 14 |
| GREEN LANTERN | kl. 5:30(2D) - 8(3D) - 10.30(3D) | 12 |
| GREEN LANTERN LUXUS VIP | Sýnd í 2D kl. 3 - 8 - 10.30 | VIP |
| HORRIBLE BOSSES | Sýnd í 2D kl. 8 - 10:40 | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | Sýnd kl. 5:30 | VIP |
| BÍLAR 2 M/ísl. Tali | Sýnd kl. 3 - 5.30 3D | L |
| BÍLAR 2 M/ísl. Tali | Sýnd í 2D kl. 3 - 5.30 | L |
| HARRY POTTER | Sýnd í 2D kl. 5.20 - 8 - 10.40 | |
| TRANSFORMERS 3 | Sýnd í 2D kl. 8 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 | Sýnd í 2D kl. 3 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| GREEN LANTERN (3D) | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| CARS 2 BÍLAR 2 m/ísl tali (2D) | kl. 5:40 | L |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 8 | 12 |
| HARRY POTTER (2D) | kl. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| COWBOYS & ALIENS | Sýnd kl. 8 - 10.30 | 14 |
| FRIENDS WITH BENEFITS | Sýnd kl. 8 | 12 |
| GREEN LANTERN | kl. 10.30 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| STRUMPARNIR ísl. tali | Sýnd í 3D kl. 2:30 - 5 | L |
| STRUMPARNIR ísl. tali | Sýnd í 2D kl. 2:30 | L |
| COWBOYS & ALIENS | Sýnd í 2D kl. 8 - 5:20 - 10:40 | 14 |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| BÍLAR 2 m/ísl tali | Sýnd í 3D kl. 2:30 - 5 í 2D kl. 2:30 | L |
| GREEN LANTERN | Sýnd í 3D kl. 8 - 10:45 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA | Sýnd í 3D kl. 10:20 | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | Sýnd í kl. 8 | 12 |
| HARRY POTTER | Sýnd í 3D kl. 5 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| STRUMPARNIR ísl. tali | Sýnd í 3D kl. 3:40 - 5:50 - 8 | L |
| STRUMPARNIR ísl. tali | Sýnd í 2D kl. 3:40 - 5:50 | L |
| GREEN LANTERN | Sýnd í 3D kl. 10:20 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA | Sýnd í 3D kl. 10:30 | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | Sýnd í 2D kl. 8 - 10:20 | 12 |
| HARRY POTTER | Sýnd í 3D kl. 8 | 12 |
| BÍLAR 2 m/ísl tali | Sýnd í 3D kl. 3 - 5:30 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| COWBOYS & ALIENS DIGITAL | kl. 8 - 10:30 | 14 |
| HORRIBLE BOSSES 2D | kl. 8 | 12 |
| BAD TEACHER 2D | kl. 10:10 | 14 |

tryggðu þér miða á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!
STRUMPARNIR
HVAR Í STRUMPANUM ERUM VIÐ?
SÝND Í 2D OG 3D MEÐ ÍSLENSKU TALI OG ENSKU TALI Í 2D
STRUMPARNIR FARA Á KOSTUM Í ÆVINTÝRI ÁRSINS.
★★★ M.M.J. KVIKMYNDIR.COM
★★★★ T.V. - KVIKMYNDIR.IS / SÉÐ OG HEYRT
HÖRKU SPENNUMYND FRÁ LEIKSTJÓRA IRON MAN
COWBOYS ALIENS
LÚXUS midi.is
MÖGNUÐ STÓRMYND UM UPPHAFIÐ Á STRÍÐI MANNA OG APA SEM SEINNA MEIR MUN GJÖREYÐA MANNKYNINU.
ÞRÓUN SEM VARÐ AÐ BYLTINGU. midi.is
CAPTAIN AMERICA midi.is
Friends With Benefits midi.is

SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| STRUMPARNIR 2D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.20 - 5.40 | L |
| STRUMPARNIR 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.20 - 5.40 - 8 | L |
| COWBOYS AND ALIENS | KL. 5.25 - 8 - 10.35 | 14 |
| COWBOYS AND ALIENS Í LÚXUS | KL. 5.25 - 8 - 10.35 | 14 |
| RICE OF THE PLANET OF THE APES | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 10.20 | 12 |
| FRIENDS WITH BENEFITS | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 ÍSLENSKT TAL 3D | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| STRUMPARNIR 2D ÍSL. TAL | KL. 5.40 | L |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL. TAL | KL. 5.40 - 8 | L |
| SMURFS 2D ENSKT TAL | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| COWBOYS AND ALIENS | KL. 8 - 10.35 | 14 |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 10.20 | 12 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| STRUMPARNIR 3D ÍSL. TAL | KL. 6 | L |
| COWBOYS AND ALIENS | KL. 8 - 10.15 | 14 |
| CAPTAIN AMERICA 3D | KL. 8 | 12 |
| RISE OF THE PLANET OF THE APES | KL. 6 - 10 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

# Þægileg og grípandi lög

Tónlist ★★★

**Wait For Fate**

Jón Jónsson




Wait for Fate er fyrsta plata Hafnfirðingsins Jóns Jónssonar, en hann er eldri bróðir Friðriks Dórs sem vakti mikla athygli fyrir sína frumsmíð á síðasta ári. Jón semur sjálfur flest lög og texta á plötunni og syngur og spilar á kassagítar. Hægri hönd hans er upptökustjórinn og hljómborðsleikarinn Kristján Sturla Bjarnason. Auk þeirra spila nokkrir aðrir hljóðfæraleikarar á Wait for Fate og Anna María Björnsdóttir syngur bakraddir.

Það fyrsta sem maður tekur eftir á plötunni er hvað þetta er allt faglega unnið. Jón kann greinilega að semja melódísk og grípandi lög. Hann er ágætis söngvari. Hljómurinn er góður og útsetningar og hljóðfæraleikur eru vel af hendi leyst. Það er ekkert skrítið að a.m.k. fjögur laganna á Wait for Fate hafi notið vinsælda á öldum ljósvakans.

Það fer ekkert á milli mála að Jón Jónsson er mjög hæfileikaríkur og Wait for Fate er að mörgu leyti vel heppnaður frumburður. Þetta er ekki bara einhver Jón Jónsson úti í bæ. Tónlistin er þægilegt popp sem minnir stundum á poppljúflinga eins og Jack Johnson eða John Mayer. Og það er einmitt þar sem veikleiki Wait for Fate liggur. Tónlistin er of lík svo mörgu sem maður hefur heyrt áður. Þó að hann sé efnilegur þá vantar Jón Jónsson meiri karakter. **Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Grípandi og þægileg frumsmíð.

# Eitthvað er greinilega að í herbúðum Kings of Leon

**Óvissa ríkir um framtíð Kings of Leon, eina stærstu hljómsveit heims. Ofþreyta er sögð vera ástæðan fyrir því að hljómsveitin hætti við restina af tónleikaferðalagi sínu um Bandaríkin, en vandamálin eru sögð miklu djúpstæðari en það.**


**ÞREYTTUR?** Ofþreyta Calebs Followill er sögð ástæðan fyrir því að Kings of Leon hætti við 29 tónleika á dögunum. Vandamál hljómsveitarinnar eru talin mun meiri.

Eftir að hafa kvartað sáran undan miklum hita, tilkynnti Caleb Followill, söngvari Kings of Leon, gestum á tónleikum hljómsveitarinnar í Dallas á dögunum að hann ætlaði að fara baksviðs, æla, drekka bjór og snúa svo aftur og flytja þrjú lög. Hann sneri ekki aftur.

Daginn eftir var tilkynnt að Kings of Leon hefði hætt við síðustu 29 tónleikana í ferðalagi hljómsveitarinnar um Bandaríkin. Ástæðan var sögð vera ofþreyta, en innan úr tónlistarbransanum vestanhafs heyrist að það sé einfaldlega hentugur stimpill á miklu djúpstæðari vandamál. Skömmu eftir að tilkynningin um málið barst sagði Jared Followill, bassaleikari Kings of Leon, á Twitter-síðu sinni að hljómsveitin glímdi við innvortis veikindi og vandamál sem þarf að afgreiða. „Ég get ekki logið. Vandamál hljómsveitarinnar eru stærri en svo að við drekkum ekki nógu mikið Gatorade,“ sagði hann. Þannig gaf hann sögusögnum um óljósa framtíð hljómsveitarinnar byr undir báða vængi.

Vandamál Kings of Leon eru ekki ókeypis. Talið er að hljómsveitin og aðilar sem tengjast henni tapi allt að 15 milljónum dala á *ofþreytu* söngvarans. Þá gæti reynst erfitt að tryggja framtíðartónleikaferðalög hljómsveitarinnar, enda ekki allir sem þora að bendla sig slík ólíkindatól.

# Mikill skellur fyrir óháðar plötuútgáfur

Óeirðirnar í London gætu komið við kaunin á tónlistaráhugafólki eftir að stórt vöruhús í Norður-London brann aðfaranótt þriðjudags. Í vöruhúsinu var allur lager PIAS UK-fyrirtækisins sem sér um dreifingu á plötum fyrir yfir 150 óháðar plötuútgáfur.

Meðal þeirra plötuútgáfa sem misstu lager sinn voru XL/Beggars, Warp, Rough Trade, Domino, 4AD, Sub Pop, Secretly Canadian, Jagjaguwar, Drag City, Thrill Jockey, FatCat, Kompakt, Mute, Ninja Tune, Vice og Soul Jazz, að því er fram kemur í frétt á Pitchfork.com.



**ÁFALL** Lager Rough Trade Records og fleiri plötuútgáfa brann í óeirðunum í Norður-London.

# Aftur til vinnu

**Miranda Kerr var á meðal þeirra fyrirsæta sem sýndu fatnað í tengslum við tískuvikuna í Ástralíu á dögunum. Þetta var í fyrsta sinn sem hún gekk eftir sýningarpalli eftir fæðingu sonar hennar og leikarans Orlando Bloom.**


**Miranda Kerr**

**Kerr viðurkenndi að hún hefði verið taugaóstyrk fyrir fyrstu sýninguna eftir svo langt hlé. „Ég eignaðist son minn fyrir aðeins sjö mánuðum og þarf að ganga pallinn í sundfötum. Ég hef verið dugleg að gera magaæfingar og er nýbyrjuð í Pílates og jóga,“ sagði fyrirsætan.**

BÍÓ ★ PARADÍS Sjá sýningartíma á midi.is og bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS



RubyTuesday
STRUMPARNIR®
3D
FRUMSÝND Í DAG
Í þrívídd og tvívídd, með íslensku og ensku tali
SMÁRABÍÓ
HÁSKÓLABÍÓ
BORGARBÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
SAMBÍÓIN KRINGLUNNI OG KEFLAVÍK
SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
sena
SMS LEIKUR
VILTU VINNA MIÐA?
SENDU SMS SKEYTIÐ
ESL STR Á NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
FULLT AF VINNINGUM:
BÍÓMIÐAR
TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR - GOS OG FLEIRA!
9. HVER VINNUR!
FJÖLDI AUKAVINNINGA
VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.
WWW.SENA.IS/STRUMPARNIR

# sport

sport@frettabladid.is



**ASHLEY THOMPSON**, markvörður toppliðs Stjörnunnar, spilaði ekki með liðinu í gær þar sem að hún varð fyrir því að handleggsbrotna á síðustu æfingu fyrir leikinn. Hún spilar ekki meira með liðinu í sumar og þar sem Sandra Sigurðardóttir fær ekki félagsskipti frá Svíþjóð þá þurftu Garðbæingar að kalla á Ásu Dögg Aðalsteinsdóttur sem var hætt.



**GUÐMUNDUR REYNIR GUNNARSSON** Missir af leik ársins í Laugardalnum um næstu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Pepsi-deild karla í fótbolta:

## Fimm í bann

**FÓTBOLTI** Fimm leikmenn Pepsi-deildar karla verða í leikbanni í næsta leik sinna liða en aganefnd KSÍ birti vikulegan úrskurð sinn í gær. KR-ingurinn Guðmundur Reynir Gunnarsson missir af bikarúrslitaleiknum eins og frægt er orðið en þeir Arnór Sveinn Aðalsteinsson (Breiðabliki), Adam Larsson (Keflavík), Einar Orri Einarsson (Keflavík) og Baldvin Sturluson (Stjarnan) missa allir af leikjum í 15. umferð á mánudaginn.

Mesta athygli vakti þó fjögurra leikja bann FH-ingsins Guðnýjar Guðleifar Einarsdóttur. Hún var rekin út af í 8-0 sigri FH á móti sínum gömlu félögum í Sindra fyrir að skalla mótherja. - óój

Anna Úrsúla Guðmundsdóttir:

## Fer ekki út

**HANDBOLTI Anna Úrsúla Guðmundsdóttir, leikmaður ársins í N1-deild kvenna á síðasta tímabili og lykilmaður í Íslandsmeistaraliði Vals, fer ekki í atvinnumennsku til Ungverjalands eins og leit út fyrir. Forráðamenn ÉTV-Érdi VSE stóðu ekki veið gefin loforð og er Anna því komin heim og mun spila áfram með Valsliðinu. Þetta kom fram á heimasíðu Vals í gærkvöldi.** - óój

## ÚRSLITIN Í GÆR

### Pepsi-deild kvenna

**Þróttur-ÍBV 0-5**
0-1 Vesna Smiljkovic (10.), 0-2 Kristín Erna Sigurlásdóttir (19.), 0-3 Berglind Björg Þorvaldsd. (70.), 0-4 Berglind Björg (80.), 0-5 Kristín (84.).

**Þór/KA-Valur 1-1**
0-1 Laufey Ólafsd.(58.), 1-1 Mateja Zver, víti (90.).

**KR-Stjarnan 2-3**
0-1 Soffía Arnþrúður Gunnarsdóttir (15.), 0-2 Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir (35.), 1-2 Rosie Malone-Povolny (62.), 1-3 Sjálfsmark (80.), 2-3 Freyja Viðarsdóttir (85.).

**Breiðablik-Grindavík 2-3**
1-0 Ásta Eir Árnadóttir (7.), 1-1 Shaneka Gordon (23.), 2-1 Jóna Kristín Hauksdóttir (30.), 2-2 Gordon (65.), 2-3 Dernelle Mascall (84.)

**STAÐAN Í DEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Stjarnan** | 13 | 12 | 0 | 1 | 38-12 | 36 |
| Valur | 13 | 9 | 2 | 2 | 35-11 | 29 |
| **ÍBV** | 13 | 7 | 3 | 3 | 26-9 | 24 |
| Þór/KA | 13 | 7 | 2 | 4 | 25-25 | 23 |
| **Fylkir** | 12 | 6 | 1 | 5 | 18-21 | 19 |
| Breiðablik | 13 | 5 | 2 | 6 | 23-25 | 17 |
| **Afturelding** | 12 | 3 | 2 | 7 | 13-26 | 11 |
| KR | 13 | 2 | 4 | 7 | 14-20 | 10 |
| **Grindavík** | 13 | 2 | 1 | 10 | 13-36 | 7 |
| Þróttur R. | 13 | 1 | 3 | 9 | 13-33 | 6 |

### 1. deild karla

**Fjölnir-Haukar 0-0**

**STAÐAN Í DEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ÍA** | 15 | 14 | 1 | 0 | 42-6 | 43 |
| Selfoss | 15 | 10 | 1 | 4 | 31-14 | 31 |
| **Haukar** | 16 | 7 | 4 | 5 | 21-17 | 25 |
| Fjölnir | 16 | 6 | 6 | 4 | 24-25 | 24 |
| **Þróttur R.** | 15 | 7 | 2 | 6 | 20-27 | 23 |
| BÍ/Bolungarvík | 15 | 6 | 4 | 5 | 19-24 | 22 |
| **Víkingur Ó.** | 15 | 5 | 4 | 6 | 18-18 | 19 |
| KA | 15 | 5 | 2 | 8 | 17-26 | 17 |
| **ÍR** | 15 | 4 | 3 | 8 | 18-26 | 15 |
| Grótta | 15 | 3 | 6 | 6 | 10-19 | 15 |
| **Leiknir R.** | 15 | 3 | 4 | 8 | 20-21 | 13 |
| HK | 15 | 0 | 5 | 10 | 14-31 | 5 |

**Upplýsingar um markaskorara** eru að hluta til fengar frá vefsíðunni fotbolti.net.

# Stelpurnar hafa sýnt okkur áhuga

**Jesper Holdt Jensen, danski miðjumaðurinn hjá Stjörnunni, fór á kostum í 5-1 sigri Garðbæinga á Þór á sunnudaginn. Jesper skoraði eitt mark, lagði upp tvö og er leikmaður 14. umferðar að mati Fréttablaðsins.**

**FÓTBOLTI** Jesper Holdt Jensen, danski miðjumaðurinn hjá Stjörnunni, fór á kostum í 5-1 sigri á Þór á sunnudaginn. Jesper skoraði eitt, lagði upp tvö og er leikmaður 14. umferðar að mati Fréttablaðsins.

„Mér fannst leikurinn einn af okkar betri í sumar. Við vildum halda áfram að spila fótbolta þrátt fyrir að vera manni færri allan síðari hálfleikinn," sagði Daninn 23 ára sem hefur átt frábært tímabil með Garðbæingum.

Jesper fór meiddur af velli í síðari hálfleik og er óttast að meiðslin séu alvarleg.

„Ég teygði of mikið á hnénu og það snerist upp á það. Það er svo bólgið að það er ekki hægt að skoða það fyrr en bólgan er farin. Þangað til hvíli ég bara fótinn," sagði Jesper en þetta er í fyrsta sinn sem hann verður fyrir meiðslum á hné.

Jesper segir töluverðan mun á fótboltanum á Íslandi og í Danmörku. Íslenskir knattspyrnumenn séu óþolinmóðari en kollegar þeirra í Danmörku.

„Í Danmörku er reynt að spila meira og menn eru þolinmóðari með boltann. Hérna er boltanum kýlt strax fram með löngum sendingum," segir Jesper. Hann segir Stjörnuna yfirleitt spila betur gegn andstæðingum sem vilja spila góðan fótbolta.

**Skemmta sér mest í sófanum**

Jesper býr með vini sínum, landa og liðsfélaga, Nikolaj Hagelskjær Pedersen. Félagarnir eru báðir á láni hjá Stjörnunni út tímabilið frá danska félaginu Vejle en auk þess er Daninn Henryk Bødker markmannsþjálfari. Danska þríeykið þykir afar hresst samkvæmt einum íslenskum liðsfélaga þeirra.

„Við pössum vel saman og njótum félagsskapar hvers annars. Við smullum saman frá fyrsta degi. Við Nikolaj þekktumst og Hendryk er frábær náungi," segir Jesper. Töluverður aldursmunur er á hinum ungu Jesper og Nikolaj og Hendryk sem er þrítugur en Jesper segir Hendryk vera ungan í anda.

Jesper hefur nægan frítíma meðfram fótboltanum sem nýtist ekki alveg sem skyldi.

„Okkur Nikolaj langaði mikið að fara út úr bænum og skoða landslagið. En í rauninni skemmtum við okkur mest í sófanum, slöppum af. Einstaka sinnum förum við út og njótum þess sem Ísland hefur upp á að bjóða."

Jesper segir þá félagana hafa byrjað að spila golf en hann sé orðinn þreyttur á því að taka engum framförum. „Mér gengur ekkert að bæta mig þannig að ég vil ekki spila. Nikolaj gengur betur og langar að spila meira en ég vil það ekki."

**Sjaldséð mörk hjá Jesper**

Jesper er afar ánægður með liðsfélaga sína í Stjörnunni. „Liðsfélagarnir eru virkilega fínir. Ef við viljum gera eitthvað skemmtilegt eru þeir klárir og hjálpa okkur. Það er gott andrúmsloft og allir reyna að skemmta sér saman."

Jesper skoraði glæsilegt mark í sigrinum á Þór og skoraði fallegt mark gegn KR fyrr í sumar.



**Lið 14. umferðarinnar**

| | |
|---|---|
| **Markvörður** | |
| Óskar Pétursson | Grindavík |
| **Varnarmenn** | |
| Jónas Tór Næs | Valur |
| Mark Rutgers | Víkingur |
| Kristinn Jónsson | Breiðablik |
| Björn Daníel Sverrisson | FH |
| **Miðjumenn** | |
| Bjarni Guðjónsson | KR |
| Jesper Holdt Jensen | Stjarnan |
| Guðjón Pétur Lýðsson | Valur |
| **Sóknarmenn** | |
| Kjartan Henry Finnbogason | KR |
| Halldór Orri Björnsson | Stjarnan |
| Garðar Jóhannsson | Stjarnan |

**FAGNAÐ AÐ HÆTTI HÚSSINS** Jesper fagnaði glæsimarki sínu gegn Þór ásamt Silfurskeiðinni, stuðningsmannasveit Stjörnunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég skora ekki oft. Mörkin tvö í sumar með Stjörnunni eru einu mörkin sem ég hef skorað síðustu tvö ár. Vonandi held ég áfram að skora," segir Jesper. Bæði mörkin komu með langskotum og með ólíkindum að skotviss leikmaður á borð við Jesper skori ekki oftar.

Jesper er ekki tilbúinn til að lýsa því yfir að íslenskar stelpur séu fallegri en þær dönsku þótt fallegar séu.

„Íslensku stelpurnar eru mjög fallegar og indælar. Það er þægilegt að tala við þær," segir Jesper sem viðurkennir að kvenfólkið hafi sýnt Dönunum áhuga.

„Já, þær hafa sýnt okkur áhuga. Við höfum reyndar ekki farið út í töluverðan tíma en þær gerðu það í upphafi. Við förum út með kærustum liðsfélaganna og vinkonum þeirra. Það var mjög skemmtilegt."

Jesper heldur aftur til Vejle að tímabilinu loknu. Markmið hans er að stimpla sig inn í lið á Norðurlöndunum og jafnvel komast í Championship-deildina á Englandi. Hann reiknar ekki með því að spila með Stjörnunni að ári.

„Það þarf margt að ganga upp til þess að það gerist. Við verðum að bíða og sjá."

kolbeinntd@365.is

Íslandsmeistar Vals fengu á sig dýrkeypt jöfnunarmark fyrir norðan sem kom úr vítaspyrnu í uppbótartíma:

# Stjarnan með sjö stiga forskot á toppnum

**FÓTBOLTI** Stjörnukonur stigu stórt skref í átt að fyrsta Íslandsmeistaratitli félagins með því að vinna 3-2 sigur á KR í Vesturbænum í Pepsi-deild kvenna í gærkvöldi.

Stjarnan er nú með sjö stiga forskot á toppnum þar sem Valskonur töpuðu stigum í 1-1 jafntefli við Þór/KA yfir norðan. Óvænt úrslit urðu í Kópavoginum þegar nýliðar Grindavíkur unnu sinn annan leik í röð og komust þar með af botninum. Þróttur er á botninum eftir 0-5 tap á heimavelli á móti ÍBV.

Soffía Arnþrúður Gunnarsdóttir og Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir komu Stjörnunni í 2-0 í fyrri hálfleik í Vesturbænum en KR-liðið náði tvisvar að minnka muninn í eitt mark í seinni hálfleiknum. Á endanum var það síðan sjálfsmark KR-kvenna sem skildi á milli liðanna og kom Stjörnunni í frábæra stöðu á toppi Pepsi-deildar kvenna.

Mateja Zver tryggði Þór/KA stig á móti Val með því að jafna metin úr vítaspyrnu á fjórðu mínútu í uppbótartíma. Laufey Ólafsdóttir kom Val í 1-0 á 58. mínútu eftir stoðsendingu frá Hólmfríði Magnúsdóttur og það leit allt út fyrir að það yrði sigurmark leiksins. Leiknir Ágústsson, dómari leiksins, dæmdi hins vegar umdeilda vítaspyrnu á fjórðu mínútu í uppbótartíma þegar Manya Janine Makoski féll í teignum og Zver nýtti hana af öryggi.

Grindavík var ekki búið að vinna leik í sumar fyrir sex dögum en fylgdi eftir sigri á Aftureldingu með því að vinna 3-2 sigur á Breiðabliki í Kópavogi. Blikar komust tvisvar yfir í leiknum en Shaneka Gordon jafnaði metin í tvígang og Dernelle Mascall skoraði síðan sigurmarkið sex mínútum fyrir leikslok.

Nýliðar ÍBV unnu sinn fyrsta sigur í tæpan mánuð þegar Eyjakonur burstuðu Þrótt 5-0 í Laugardalnum. Þetta var fyrsti sigur ÍBV-liðsins síðan 12. júlí þegar liðið vann 1-0 sigur á Íslandsmeisturum Vals. Vesna Smiljkovic skoraði fyrsta markið og þær Kristín Erna Sigurlásdóttir og Berglind Björg Þorvaldsdóttir skoruðu síðan tvö mörk hvor.

- óój



**LÍTUR VEL ÚT** Soffía Arnþrúður Gunnarsdóttir og félagar í Stjörnunni eru komnar í frábæra stöðu á toppnum. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Hannes Þór Halldórsson fann kunnuglegan verk í hendi og var ráðlagt að hvíla fram að bikarúrslitunum:

# Sárt að þurfa að segja sig úr landsliðshópnum

**FÓTBOLTI** Hannes Þór Halldórsson, markvörður toppliðs KR, hefur verið í sannkölluðu landsliðsformi á sínu fyrsta tímabili með KR-ingum og var í kjölfarið valinn í A-landsliðið fyrir vináttuleikinn á móti Ungverjum í kvöld. Hannes varð hins vegar að segja sig úr hópnum vegna meiðsla á hendi og það verður því einhver bið á því að hann spili fyrsta landsleikinn.

„Það var leiðinlegt að þurfa að horfa fram á það að geta ekki mætt í þennan landsleik. Það hlóðust upp óheppilegar aðstæður sem gerðu þetta að verkum og þetta var mjög sárt,“ segir Hannes.

„Það koma landsleikir eftir þennan en það breytir ekki því að maður vill mæta þegar maður er kallaður til. Það gekk ekki að þessu sinni. Vonandi höldum við áfram að spila vel í KR og höldum áfram að fá á okkur fá mörk. Þá er aldrei að vita nema tækifærið gefist aftur með landsliðinu en þetta var leiðinlegt,“ segir Hannes.

„Ég tognaði áður á sama stað og ég greindi svipaðan verk og þegar það var að byrja. Það var því réttast að fara varlega, þar sem Atli Jónasson er einnig meiddur,“ segir Hannes en hann er viss um að hann geti spilað bikarúrslitaleikinn á móti Þór á laugardaginn.

„Ég verð alltaf tilbúinn til að spila á laugardaginn nema ef eitthvað gerist í vikunni. Þetta eru meira fyrirbyggjandi aðgerðir því þetta er lúmskur verkur. Ég fékk bara þau fyrirmæli frá sjúkraþjálfara og lækni að taka því rólega framan af í vikunni til þess að vera ekki að erta þetta. Svo lengi sem ekkert kemur upp þá verð ég í góðu standi á laugardaginn,“ segir Hannes en KR-liðið má ekki við því að missa fleiri lykilmenn.

„Við urðum fyrir miklu áfalli þegar Óskar meiddist og þetta er hrikalega leiðinlegt fyrir hann. Ofan á það lét Mummi reka sig út af. Við viljum ekki lenda í frekara tjóni og það þurfa allir sem eru eitthvað aumir að fara varlega,“ segir Hannes en hann er þar að tala um þá Óskar Örn Hauksson og Guðmund Reyni Gunnarsson. - óój



**HANNES ÞÓR HALLDÓRSSON** Hefur spilað mjög vel á sínu fyrsta tímabili með KR-liðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**ÓLAFUR JÓHANNESSON** Hefur verið með landsliðið frá 2007 og stjórnar því í 35. sinn í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ólafur Jóhannesson:

## Þetta er mjög vitlaus umræða

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson, landsliðsþjálfari Íslands, verður í sviðsljósinu í kvöld þegar íslenska liðið mætir Ungverjum í vináttulandsleik í Búdapest.

Hans Bjarnason, íþróttafréttamaður á Stöð 2, spurði Ólaf í kvöldfréttunum í gær út í umræðuna sem er í gangi um það hver taki við landsliðinu af honum.

„Mér finnst þessi umræða mjög vitlaus,“ sagði Ólafur og hann vildi ekki gefa upp hvort hann sækist eftir því að vera áfram með liðið.

„Ég hef svarað því áður að ég kem til með að klára þann samning sem ég er með við sambandið og svo verður það mál skoðað í framhaldinu,“ sagði Ólafur sem stjórnar íslenska landsliðinu í 35. sinn í kvöld. - óój



**HÖRÐUR MAGNÚSSON** Tryggði Íslandi sigur fyrir 19 árum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fyrri landsleikir við Ungverja:

## 19 ár frá síðasta sigri í Búdapest

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið mætir Ungverjum í vináttulandsleik á Ferenc Puskasvellinum í Búdapest klukkan 17.45 í kvöld en þetta er í tíunda sinn sem þjóðirnar mætast á knattspyrnuvellinum.

Ungverjar hafa unnið fjórar síðustu viðureignir, þar af þrjár þeirra með eins marks mun, en á árunum 1992 til 1995 vann íslenska landsliðið hins vegar Ungverja þrisvar í röð.

Einn þessara sigurleikja kom í Búdapest 3. júní 1992 þar sem varamaðurinn Hörður Magnússon tryggði íslenska liðinu 2-1 sigur með marki á 73. mínútu. Þorvaldur Örlygsson skoraði fyrra markið og jafnaði leikinn í 1-1. Ungverjar hafa unnið allar hinar þrjár viðureignir þjóðanna í Ungverjalandi. - óój



# dagskrá

## > Clive Owen

„Að mínu mati eru augun kynþokkafyllsti líkamshlutinn.“

***Clive Owen leikur í kvikmyndinni Duplicity, sem fjallar um breskan M16-útsendara og CIA-leyniþjónustukonu sem hafa fært sig yfir í einkageirann. Þau fá úthlutað sama verkefninu, að komast yfir formúlu nýrrar vöru sem er margra milljarða virði. Myndin er sýnd á Stöð 2 bíói kl. 20.***



## VIÐ TÆKIÐ SIGRÍÐUR BJÖRG TÓMASDÓTTIR GRILLAR EKKI

# *Girnilegar krásir á kolagrillum*



Ég hef ekki smitast af grilláhuga samlanda minna og komist í gegnum lífið án þess að eiga grill. Lítill grilláhugi stöðvar mig þó ekki í að fylgjast með þeim Völundi Snæ Völundarsyni, Sigurði Gíslasyni og Stefáni Inga Svanssyni grilla af miklum móð í þættinum Grillað sem sýndur er í Ríkissjónvarpinu á fimmtudögum.

Ég hef nokkuð gaman af þessum þremenningum, finnst þeir bæði heimilislegir og fagmannlegir í eldhúsinu. Réttirnir sem þeir reiða fram eru áhugaverðir, til dæmis heilgrillaður ananas sem í var sprautað alls kyns gumsi. Dæmigerður réttur sem ég myndi aldrei nenna að búa til en er skemmtilegt sjónvarpsefni.

Annað er einfaldara og ég hef meira að segja gerst svo framtakssöm að skoða uppskriftirnar sem komnar eru á netið og hugleitt að elda einhverja réttina sem bragðast eflaust dásamlega. Það er nefnilega lítið mál að grilla í flestum ofnum sem gerir þá áráttu margra að þurfa að grilla úti enn dularfyllri í mínum huga.

En ef það á að grilla þá er auðvitað hin eina sanna stemming að vera með kol og það þykir mér einmitt fallegt við þessa þætti að Völli Snær og félagar grilla á kolagrillum, nota jafnvel viðarkol úr eplaviði sem er einstaklega frumlegt, finnst grillaulanum mér. Ég vorkenni þó aðeins tækjaóðum áhorfendum sem keyptu sér dýrustu risagasgrillin og þurfa nú að horfa upp á fagmennina taka kolin fram yfir.

Að lokum vil ég sérstaklega hrósa þremenningunum fyrir óáfengu drykkina sem þeir blanda í hverjum þætti. Þeir eru ótrúlega girnilegir og sumarlegir.

## RÚV

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Loftslagsvinir** (1:10) (Klima nørd) (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix** (29:35)
**18.24 Sígildar teiknimyndir** (4:10)
**18.30 Gló magnaða** (3:10)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Nýgræðingar** (Scrubs)
**20.10 Læknamiðstöðin** (Private Practice)
**21.00 Hringiða** (6:8) (Engrenages II) Franskur sakamálamyndaflokkur. Lögreglukona, saksóknari og dómari sem koma að rannsókn sakamáls hafa hvert sína sýn á réttlætið.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Kviksjá** (Tár úr steini) Sigríður Pétursdóttir kynnir Tár úr steini og að sýningu hennar lokinni ræðir hún stuttlega um hana við Ólaf H. Torfason.
**22.25 Tár úr steini** Kvikmynd eftir Hilmar Oddsson frá 1995 byggð á lífshlaupi Jóns Leifs tónskálds. Aðalhlutverk leika Þröstur Leó Gunnarsson, Ruth Ólafsdóttir, Bergþóra Aradóttir, Heinz Bennent og Jóhann Sigurðarson. (e)
**00.15 Kviksjá** (e)
**00.25 Landinn** (e)
**00.55 Fréttir** (e)
**01.05 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.05 Stuck On You**
**10.00 Picture This**
**12.00 Red Riding Hood**
**14.00 Stuck On You**
**16.00 Picture This**
**18.00 Red Riding Hood**
**20.00 Duplicity**
**22.05 Even Money**
**00.00 Lonely Hearts**
**02.00 Texas Chainsaw Massacre: The Beginning**
**04.00 Even Money**
**06.00 Old School**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (7:175)
**10.15 Cold Case** (7:22)
**11.00 Glee** (6:22)
**11.45 Grey's Anatomy** (17:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 In Treatment** (42:43)
**13.30 Gossip Girl** (15:22)
**14.15 Chuck** (19:19)
**15.05 iCarly** (25:45)
**15.25 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (19:21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Two and a Half Men** (21:24)
**19.40 Modern Family** (11:24)
**20.00 Hot In Cleveland** (4:10)
**20.25 Cougar Town** (4:22)
**20.50 Off the Map** (10:13) Hörkuspennandi og dramatískur þáttur um lækna sem starfa í litlum bæ í frumskógum Suður-Ameríku. Sex ungir læknar bjóða sig fram til að starfa á læknastöð í bænum af hugsjón en líka til að flýja sín persónulegu vandamál.
**21.35 Ghost Whisperer** (21:22) Magnaður spennuþáttur með Jennifer Love Hewitt í hlutverki sjáandans Melindu Gordon sem rekur antikbúð í smábænum Grandview. Hún þarf sífellt að takast á við drauga.
**22.20 True Blood** (3:12)
**23.20 Sex and the City** (16:20)
**23.50 The Closer** (2:15)
**00.35 The Good Guys** (2:20)
**01.20 Sons of Anarchy** (2:13)
**02.05 A Raisin in the Sun**
**04.10 Medium** (13:22)
**04.55 The Simpsons** (19:21)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**16.15 Pepsi-mörkin** Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
**17.30 Ungverjaland - Ísland** Bein útsending frá æfingaleik Ungverjalands og Íslands sem leikinn er í Búdapest.
**19.50 Landsleikur**
**21.35 Ungverjaland - Ísland** Útsending frá æfingaleik Ungverjalands og Íslands sem leikinn er í Búdapest.
**23.40 Landsleikur**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.00 Season highlights 2004 - 2005** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**19.00 PL Classic Matches: Everton - Liverpool, 2000**
**19.30 PL Classic Matches: Leeds - Newcastle, 2001**
**20.00 Football Legends** Að þessu sinni verður fjallað um hinn kynngimagnaða Pele sem af mörgum er talinn einn af bestu knattspyrnumönnum heims frá upphafi.
**20.30 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**21.00 Liverpool - Valencia** Útsending frá æfingaleik Liverpool og Valencia á Anfield Road.
**22.45 Everton - Man. Utd.** Útsending frá leik Everton og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Dynasty** (17:28) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**17.00 Rachael Ray**
**17.45 How To Look Good Naked** (6:8) (e)
**18.35 America's Funniest Home Videos** (4:50) (e)
**19.00 The Marriage Ref** (12:12) (e)
**19.45 Will & Grace** (22:27)
**20.10 Top Chef** (12:15) Bandarískur raunveruleikaþáttur þar sem efnilegir matreiðslumenn þurfa að sanna hæfni sína.
**21.00 My Generation** (7:13) Bandarísk þáttaröð í heimildarmyndastíl sem fjallar um útskriftarárgang frá árinu 2000 í Texas.
**21.50 The Bridge** (6:13) Bandarískir spennuþættir sem fjalla um lögreglumanninn Frank og baráttu hans við spillingaröfl innan lögreglunnar.
**22.40 The Good Wife** (11:23) (e) Endursýningar frá byrjun á fyrstu þáttaröðinni um góðu eiginkonuna Aliciu.
**23.25 Californication** (11:12) Bandarísk þáttaröð með David Duchovny í hlutverki rithöfundarins Hanks Moody.
**23.55 Hawaii Five-0** (23:24) (e)
**00.40 Law & Order: Los Angeles** (20:22) (e)
**01.25 CSI** (22:23) (e)
**02.10 Will & Grace** (22:27) (e)
**02.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁR*GOLF*

**06.00 ESPN America**
**07.20 World Golf Championship** (2:4)
**11.20 Golfing World**
**12.10 Golfing World**
**13.00 World Golf Championship** (2:4)
**17.05 PGA Tour - Highlights** (29:45)
**18.00 Golfing World**
**18.50 Inside the PGA Tour** (31:42)
**19.20 LPGA Highlights** (10:20)
**20.40 Champions Tour - Highlights**
**21.35 Inside the PGA Tour** (32:42)
**22.00 Golfing World**
**22.50 US Open 2006 - Official Film**
**23.50 ESPN America**

## EXTRA

**19.30 The Doctors**
**20.15 Gilmore Girls** (2:22) Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 The Middle** (24:24) Frábærir gamanþættir í anda Malcolm in the Middle um dæmigerða vísitölufjölskyldu þar sem allt lendir á ofurhúsmóðurinni sem leikin er af Patriciu Heaton úr Everybody Loves Raymond.
**22.15 Bones** (19:23) Sjötta serían af spennuþættinum Bones þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Bones Brennan réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.
**23.00 Entourage** (6:12) Sjötta þáttaröð einnar mest verðlaunuðu þáttaraðar sem framleidd er um þessar mundir. Þáttaröðin er lauslega byggð á reynslu framleiðandans Marks Wahlberg í Hollywood og fjallar um Vincent og félaga hans sem reyna að hasla sér völl í bíóborginni. Þessi þáttaröð fjallar meira um persónulegt líf þeirra félaga.
**23.30 Daily Show. Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart.
**23.55 Gilmore Girls** (2:22)
**00.40 The Doctors** (167:175)
**01.20 Fréttir Stöðvar 2**

## N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Björn Bjarnason** Björn Jón Bragason, formaður Frjálshyggjufélagsins.
**20.30 Veiðisumarið** Bender og félagar heimsækja Leirvogsá og Rangárnar.
**21.00 Fiskikóngurinn** Kristján Berg matreiðir fisk.
**21.30 Bubbi og Lobbi** Sigurður G og Guðmundur Ólafsson ræða stjórnmál.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.30**
**Cougar Town**

Courteney Cox fer á kostum í þessari bráðfyndnu þáttaröð. Þegar Greyson segir Jules frá fortíð sinni með Laurie ákveður hún að hefna sín á Laurie.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunfrúin **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Í boði náttúrunnar **14.00** Fréttir **14.03** Tónleikur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Og sólin rennur upp **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Eyðibýlið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Í lok dags **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Stefnumót **20.00** Leynifélagið **20.30** Út um græna grundu **21.29** Kvöldsagan: Ofvitinn **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Konungur slaghörpunnar: Franz Liszt **23.05** Á slóðum Þormóðs ramma **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**10.50** Keeping Up Appearances **11.20** Monarch of the Glen **12.15** Keeping Up Appearances **12.45** The Inspector Lynley Mysteries **13.30** The Inspector Lynley Mysteries **14.15** Deal or No Deal **14.50** Deal or No Deal **15.25** Deal or No Deal **15.55** Keeping Up Appearances **16.25** 'Allo 'Allo! **16.55** 'Allo 'Allo! **17.20** New Tricks **18.15** New Tricks **19.10** Top Gear **20.00** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **20.45** QI **21.15** Little Britain **21.45** My Family **22.15** Top Gear **23.05** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **23.50** QI

### DR 1

**13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Klassen 2.b **14.15** Carsten og Gittes Vennevilla **14.30** Linus i Svinget **15.00** Kærlighed i ukendt land **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** På optagelse med Livets planet **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Ved du hvem du er? **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.35** Jack Driscoll - det kolde paradis **21.15** Onsdags Lotto **21.20** Ved du hvem du er? **22.00** OBS **22.05** Afghanistans dansende drenge **04.00** Rasmus Klump

### NRK 1

**11.35** Fugleøya Runde **12.00** Hvilket liv! **12.30** I Zlatans fotspor **13.00** Derrick **14.00** Sommeråpent **14.45** Ut i nærturen **15.00** Krøniken **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tilbake til 90-tallet **16.40** Distriktsnyheter **17.30** Min bjørnefamilie **18.20** Luftens helter **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Sommeråpent **20.15** Toppidrettsveka **21.00** Kveldsnytt **21.15** Mordene på Skärsö **22.15** Afrikas ukjende historie

### svt1

**13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Kristus heliga lans **14.55** Allsång på Skansen **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Kockens omöjliga uppdrag **17.05** K-märkt form **17.10** Kulturnyheterna **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Bondens tid på jorden **19.00** Sommarmord **19.30** The Hour **20.30** Undercover Boss **21.15** Onda cirklar **22.00** Sean-Magnus Älskar Man **23.00** Rapport **23.05** Damages **23.45** Rapport **23.50** Försvunna





VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



GOTT Á GRILLIÐ



*„Heil nautalund. Ég brenni hana og baka svo í ofni.“*

Bertel Ólafsson, tónlistarmaðurinn Ruddinn.

# Klappstýra í liði Bonds á móti Íslandi

„Ég fel Obama forseta það verkefni að grípa til harðra aðgerða gegn Íslandi vegna villimannslegra hvalveiða þjóðarinnar,“ segir leikkonan Hayden Panettiere í yfirlýsingu.

Panettiere er þar með komin í lið með leikaranum Pierce Brosnan á móti hvalveiðum Íslendinga, en eins og Fréttablaðið greindi frá á laugardag hefur hann birt bréf þar sem hann gagnrýnir stefnu Íslendinga í hvalveiðum harðlega. Hann er þekktastur fyrir hlutverk sitt sem James Bond, en hún öðlaðist frægð sem klappstýran Claire Bennet í sjónvarpsþáttunum Heroes.

Panettiere er talsmaður náttúruverndarsamtakanna Whaleman og hefur meðal annars barist gegn hvalveiðum. Eins og Brosnan hvetur hún Barack Obama, forseta Bandaríkjanna, til að beita Íslendinga viðskiptaþvingunum þangað til hvalveiðum verði hætt. „Við hvetjum Obama til að beita svipuðum þvingunum gegn Noregi og Japan,“ segir hún.

Íslenskir hvalveiðimenn hafa litlar áhyggjur af þessum frægu óvinum. Gunnar Bergmann, framkvæmdastjóri Hvalveiðimanna ehf. sagði í samtali við Fréttablaðið á laugardag að skoðun Brosnans á málinu skipti engu máli. „Ég held að þetta sé fjórða eða fimmta árið í röð sem þessi leikari reynir eitthvað að kvabba um hvalveiðar, sem hann hefur mjög takmarkað vit á,“ sagði hann. „Hann fer mjög frjálslega með staðreyndir. Hann heldur því til dæmis fram að við veiðum dýr sem eru í útrýmingarhættu. Það tekur enginn vísindamaður í heiminum undir það að hrefnan sé í útrýmingarhættu.“ **- afb**



**FRÆGIR ÓVINIR** Íslenskir hvalveiðimenn eiga fræga óvini á borð við Pierce Brosnan og Hayden Panettiere.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Krakkarnir í hljómsveitinni Retro Stefson halda áfram að heilla tónlistarunnendur á meginlandi Evrópu. **Unnsteinn Manúel** og félagar hafa verið á faraldsfæti í sumar og spilað á hverri tónlistarhátíðinni á fætur annarri. Í lok júlí spilaði sveitin á tónlistarhátíðinni de-Affaire Nijmegen og vakti mikla lukku þarlends skríbents ef marka má gagnrýni á heimasíðu hátíðarinnar. Greinir hann meðal annars frá því að hann hafi brosað út að eyrum alla tónleikana sem hann kýs að kalla „Leikfimitími með Retro Stefson“.



Tökum á sjónvarpsþáttunum Heimsenda í leikstjórn Ragnars Bragasonar er lokið. Þættirnir verða frumsýndir á Stöð 2 í haust og mikil eftirvænting virðist ríkja vegna frumsýningar þeirra. Það þarf reyndar ekki að koma neinum á óvart því hópurinn að baki þáttunum er að meginuppistöðu sá sami og gerði Vaktar-seríurnar. Hópnum barst góður liðsauki á dögunum þegar **Valdís Óskarsdóttir** tók að sér að klippa þættina. Bíða margir spenntir eftir útkomunni í höfuðstöðvum Saga Film. **- áp, hdm**




The Academy of Colour and Style

ÚTLIST- OG FÖRÐUNARSKÓLI

VILTU VERÐA STÍLISTI?

The Academy of Colour and Style er skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreining, fatastíll og textíll. Eftir nám fá nemendur diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum.

Hver önn tekur þrjá mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu.
Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.

| 1. Önn | 2. Önn | Starfsmöguleikar: |
| --- | --- | --- |
| | | Innkaupastjóri |
| Fatastíll | Litgreining | Útlitsráðgjafi |
| Fatasamsetning | Förðun út frá litgreiningu | Stílisti |
| Textíll | Litasamsetning | Verslunarstjóri |

Erna, stílisti



Ég hef unnið við förðun á Stöð 2 í 6 ár, þar á meðal við förðun keppenda í Idol og annarra sjónvarpsþátta hjá 365. Einnig vinn ég við auglýsingar, mynbönd og myndatökur. Það er óhætt að segja að námið hefur hjálpað mér mikið í starfi mínu í förðun og stíliseringu.

Skjöldur Mio, tískuráðgjafi



Ég taldi mig vita flest allt um tísku og útlit áður en ég fór í skólann. En annað kom á daginn. Ég hef lært heilmikið um fatasamsetningu, textíl, litafræði, líkamsbyggingu og flest allt um útlit. Námið nýtist mér frábærlega í því sem ég er að gera.

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533-5101

www.utlit.is



Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

10 ÁRA 2001 2011

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

Allt sem þú þarft


HUGI HALLDÓRSSON: STÓRVELDIÐ Á EKKI AÐ VERÐA NEITT STÓRVELDI

# Ef allt klikkar þá fer ég bara aftur í lögfræðina

„Við erum lítið fyrirtæki og höfum hugsað okkur að vera það áfram. Við einbeitum okkur að fáum verkefnum og viljum meina að við framleiðum ódýrt sjónvarpsefni vel,“ segir Hugi Halldórsson framleiðandi.

Hugi stofnaði fyrr á árinu framleiðslufyrirtækið Stórveldið og á skömmum tíma hefur fyrirtækið vakið þó nokkra athygli. Meðal sjónvarpsþátta sem fyrirtækið hefur framleitt eru Mannasiðir Gillz og Andri á flandri. Fram undan eru svo nýir matreiðsluþættir Rikku og Týnda kynslóðin sem báðir hefja göngu sína á Stöð 2 á næstunni.

„Stórveldið er reyndar búið að vera til lengi. Þetta er eldgamalt fyrirtæki sem ég stofnaði utan um vinnuna mína þegar ég var í sjónvarpinu. Þá fannst mér voða fyndið að eins manns fyrirtæki héti Stórveldið,“ segir Hugi sem hefur síðustu sex ár starfað hjá Saga Film. Hugi á og rekur Stórveldið og er framleiðandi þess. Kristófer Dignus er framleiðslustjórinn og þriðji maðurinn er Lúlli klippari.

Hugi segist hafa verið ánægður í starfi hjá Saga Film þar sem hann vann við gerð auglýsinga. Tækifærið til að fá að vinna við gerð sjónvarpsefnis hafi þó reynst of freistandi. „Það getur verið lýjandi að vinna við auglýsingar, það þarf allt að gerast svo hratt. Sjónvarpið tekur lengri tíma og er rólegra. Ætli ég hafi ekki bara unnið yfir mig í auglýsingum.“

Þó að Hugi hafi starfað sem framleiðandi um árabil muna flestir eftir honum sem Ofurhuga úr sjónvarpsþáttunum 70 mínútum. „Ég er náttúrulega æskuvinur Audda af Króknum og honum fannst tilvalið að fá mig inn í hugmyndavinnuna í 70 mínútum. Svo þróaðist það út í að ég fór að taka þátt í falinni myndavél og úr því varð Ofurhugi til. Ég hætti sem sagt í lögfræðinni til þess að leika í falinni myndavél fyrir Audda. Ef allt um þrýtur með þetta núna þá fer ég bara aftur í lögfræðina.“



**STÓRVELDIÐ Á FLUGI** Hugi Halldórsson stýrir nýju framleiðslufyrirtæki sem vakið hefur athygli fyrir verk sín. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Stofnun Stórveldisins er þó ekki það eina sem drifið hefur á daga Huga nýlega. Hann og kærastan, Ástrós Gunnlaugsdóttir, eignuðust sitt fyrsta barn í síðasta mánuði. „Svo er konan nýbúin að skila stjórnarskrárfrumvarpi svo það er nóg að gera.“ **hdm@frettabladid.is**

# Á bak við stærstu plötur Bubba

„Þetta er afskaplega merkilegt,“ segir bloggarinn og tónlistarspekingurinn Jens Guð.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær hefur Bubbi Morthens selt um 320 þúsund sólóplötur frá því að Ísbjarnarblús kom út árið 1980. Þrjár mest seldu plöturnar, Dögun, frá 1987, Frelsi til sölu, frá 1986 og Kona, frá 1985, hafa samtals selst í tæplega 50 þúsund eintökum. Þá eiga þær sameiginlegt að Jens Guð sá um markaðssetningu þeirra allra ásamt því að hanna umslögin að mestu eða öllu leyti.

Er þetta tilviljun eða ertu maðurinn á bak við velgengni Bubba?

„Nei. Hann var nú orðinn mikil stjarna löngu áður en ég kom nálægt þessum umslögum.“

En hvað útskýrir ofurvinsældir platnanna, fyrir utan Bubba sjálfan?

„Ég þarf að passa mig á því að hljóma ekki rogginn. En ég var búinn að fara í gegnum nám í grafískri hönnun í Myndlista- og handíðaskólanum. Á þeim tíma var markaðsfræði töluverður hluti af náminu,“ útskýrir Jens og bætir við að hann hafi ekki bara haft þekkingu á markaðsfræði á þessum tíma, heldur líka tónlistarbransanum enda vanur að standa bak við búðarborð og selja plötur.

Það mætti segja að Jens hafi hætt að hanna umslög á toppnum, því hann hefur ekki fengist við það síðustu ár. **- afb**



**MARKAÐSGÚRÚ** Jens Guð sá um markaðssetningu og hannaði umslög vinsælustu platna Bubba Morthens. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# ÚTSALA

## ÖLL RAFTÆKI Í ELDHÚS OG ÞVOTTAHÚS Á ÚTSÖLU

**Brandt ofnar, gufugleypar og helluborð með allt að 40% afslætti**

**Silit búsáhöld – 40 % afsláttur**

**Candy heimilistæki á frábærum tilboðsverðum**

**Die Dietrich eldhústæki með allt að 50% afslætti**

**Hoover ryksugur 15-25% afsláttur**

**Saeco kaffivélar 15-35% afsláttur**

**Severin brauðvélar frá 9.990**

**William Bounds pipar- og saltkvarnir með 25% afslætti**

*Opið virka daga 9-18*
*og laugardaga 11-15*

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Rödd Landsbankans



Glöggir viðskiptavinir Landsbankans hafa eflaust tekið eftir því að ný rödd býður þá velkomna í bankann ef hringt er í þjónustuverið. Það er enginn annar en leikarinn **Gísli Örn Garðarsson** sem á röddina en hann hefur nú tekið við keflinu af Magnúsi Ragnarssyni. Gísli Örn hefur áður lesið inn á nýlegar sjónvarpsauglýsingar bankans og því ekki óvanur því að tala til viðskiptavina.

### 101 Flateyri



Kokkurinn Atli Ottesen hefur rekið hinn fornfræga veitingastað Vagninn á Flateyri í sumar og verið vel tekið. Atli, sem áður sá um eldhúsið á Kaffi Ólíver, hefur nú fengið stjörnukokkinn og trommarann Núma Thomasson til liðs við sig. Númi var áður yfirkokkur á ferðalagi Bjarkar Guðmundsdóttur söngkonu og svo var hann yfirmatreiðslumeistari á skemmtistaðnum Boston á Laugavegi, svo eitthvað sé nefnt. En það er Flateyrin fagra sem heillar þessi dægrin.

**- áp, kóþ**

## Mest lesið vísir

1. Fékk djöfullegt bréf frá Tryggingastofnun
2. Nafnlaus hetja húðskammar óeirðaseggi
3. Rændu dreng sem slasaðist í óeirðunum
4. Dularfullt hitamál í Laugardalnum
5. Lögreglan ætlar að kanna ökurita tékknesku fjallarútunnar





**ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VIÐSKIPTUM Á VÍSI**

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. vísir



